

Formáli

Í þessari skýrslu fær lesandi innsýn í mikið þróunarstarf sem unnið var í leikskólanum Lundarseli. Við lestur skýrslunnar hef ég heillast af því hvað hljómur barnanna fær að njóta sín – hve vel starfsmönnum hefur tekist að lyfta rödd barnsins fram og lesandi fær að njóta með dæmum. Ég minnst þess ekki að hafa fyrr lesið íslenskt verk þar sem rödd barna fær að njóta sín líkt og hún gerir í þessari skýrslu, að því leyti tel ég að hér sé tímamótaverk í sögu leikskólamála á Íslandi.

Auk þessarar skýrslu hafa starfsmenn unnið að kennsluleiðbeiningagerð, nú tel ég skýrsluna óaðskiljanlega frá kennsluleiðbeiningunum. Í dæmunum í henni má ekki aðeins greina rödd barna, heldur rödd kennara, sem getur verið ómetanlegur stuðningur fyrir kennara sem nota kennsluleiðbeiningarnar, til dæmis hvernig kennararnir spyrja, hvernig þeir fylgja eftir vangaveltum barnanna o.s.frv.

Ég kom að verkefninu sem verkefnastjóri utan leikskólans. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með þessum öflugum hópi vinna mjög fórnfúst starf. En eins og þeir sem unnið hafa að þróunarverkefni vita, sýnir skýrsla aðeins „toppinn af ísjakanum“. Þetta er verk barnanna og starfsfólksins á Lundarseli, innan leikskólans voru tveir verkefnastjórar, fyrst Margrét J. Þorvaldsdóttir og síðan Aðalbjörg Steinarsdóttir.

Í könnunum og viðtölum sem ég vann að um verkefnið, kom fram almenn ánægja, leikskólakennarar, foreldrar og ekki síst börnin sjálf voru mjög ánægð. Elstu börnunum fannst verst að þurfa að hætta í leikskólanum. Börnin sögðust meðal annars hafa lært að *hlusta og tala* í heimspekinni.

Heimspekistarfið hefur án efa hvatt börnin til virkrar þátttöku í lífinu – lífsleikni.

Guðrún Alda Harðardóttir,
lektor við Háskólann á Akureyri

1.1 Inngangur	1
2.1 Heimspeki með börnum.....	3
2.2 Barnabókmenntir	11
2.3 Uppeldisfræðileg skráning	13
3.1.1 Starfsgrundvöllur Lundarsels.....	15
3.2 Út á hvað gekk þróunarverkefnið?.....	16
3.2.1 Upphafið.....	17
3.2.2 Áætlunin og hvernig til tókst.....	18
4.1 Heimspekítímarnir	21
4.1.1 Hefðbundin heimspekivinna með börnum	21
4.1.2 Óhefðbundin heimspekivinna með börnum	23
4.2 Kennsluleiðbeiningagerð og sýnishorn	25
5.1 Lota eitt til sjö.....	28
5.1.1 Samantekt á lotu eitt	31
5.1.2 Samantekt á lotu tvö	34
5.1.3 Samantekt á lotu þrjú	38
5.1.4 Samantekt á lotu fjögur	42
5.1.5 Samantekt á lotu fimm	47
5.1.6 Samantekt á lotu sex	51
Fundu börnin ráðgátur og nýjan vinkil á sögunum?.....	51
5.1.7 Samantekt á lotu sjö.....	55
5.2 Lokamat á lotunum.....	63
6.1 Kannanir: Álit foreldra, leikskólakennara og barna.....	67
6.1.1 Inngangur	67
6.1.2 Könnun I	67
6.1.3 Viðtöl við foreldra, börn og leikskólakennara.....	68
6.1.4. Könnun II.....	72
7.1 Niðurstöður.....	74
7.1.1. Vangaveltur og lokaorð	77
Heimildaskrá	80
Fylgiskjal nr. 1 - bókalistinn	81
Hugmyndir að bókum sem „nota má“ í heimspekivinnu með börnum:.....	81
Fylgiskjal nr. 3 - myndir	84
Ljósmyndir af skráningarvegg	84
Fylgiskjal nr. 3 Gátlistar	85
Dagbók yfir tækni samræðunnar Dagsetning _____	85
Punktur fyrir kennarann !	86
Reglurnar !.....	86
Sókratískar spurningar	86

1.1 Inngangur

Íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppspretta heimspekilegrar samræðu meðal leikskólabarna er yfirskrift þróunarverkefnis sem við í leikskólanum Lundarseli höfum verið að vinna að undanfarin tvö ár.

Menntamálaráðuneytið styrkti verkefnið með úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla að upphæð kr. 700.000.- árið 1999 og að upphæð kr. 500.000.- árið 2000. Akureyrarbær styrkti verkefnið með úthlutun úr þróunarsjóði leik- og grunnskóla Akureyrar að upphæð kr. 803.740.- Við viljum þakka kærlega fyrir þennan áhuga og jákvæðni sem verkefninu er sýnd. Öll sú vinna sem fram fór við undirbúning og framkvæmd verkefnisins hefði aldrei rúmast innan ramma leikskólans og því voru styrkirnir forsenda þess að hægt var að ráðast í svo stórt verkefni, forsenda þess að leikskólakennarar Lundarsels gátu unnið að þessu hugarfóstri sínu.

Rætur áhuga okkar á barnaheimspekinni liggja í löngun til að bæta samskipti barna, gera þau leiknari í þeirri list að umgangast náungann af virðingu og umburðarlyndi, auka skilning barna á sjálfum sér og öðrum, aðstoða þau við að verða sjálfstæðari, gagnrýnni og að beita skapandi hugsun. Þá var áhugi fyrir því að gera hugarheim barnanna sýnilegri öðrum með uppeldisfræðilegri skráningu og öðlast þannig betri innsýn í þekkingarleit þeirra og það hvernig börn útbúa sínar eigin kenningar um eðli og eiginleika hluta.

Rannsóknarspurning þróunarverkefnisins er að kanna hvort raunhæft sé að vinna með ungum börnum í skipulögðum heimspekítímum og nota til þess íslenskar barnabókmenntir sem uppsprettu að samræðum. Áður en við hófum þetta verkefni höfðum við stuðst við bók með sérsömdum heimspekisögum fyrir leikskólabörn, einnig höfðum við litið mikið til þróunarstarfs leikskólans Foldaborgar frá árunum 1994-1996 við skipulagningu á heimspekivinnu elstu barnanna hjá okkur. Okkur fannst vanta meiri vídd og fleiri kennsluleiðbeiningar fyrir börnin svo við lögðum af stað með það að leiðarljósi að nota þekktar barnasögur og ævintýri sem uppsprettu að samræðum. Við teljum að íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sé margar hverjar fullar af heimspekiglensi og ráðgátum. Íslenskir barnabókahöfundar eru margir hverjir heimspekilega þenkjandi og alls óhræddir við að spjalla um stóra jafnt sem smáa hluti við börn og þjóðsögur okkar eru uppfullar af viðfangsefnum er varða lífið og tilveruna. En þar sem íslenska barnabókaflóran er afar gróskumikil þarf að greina og velja hentugar sögur til heimspekivinnunar. Kennsluleiðbeiningar eru unnar út frá sögutextanum og vangaveltum barnanna, þær nýtast okkur í framtíðinni og gætu hugsanlega einnig nýst öðrum leikskólum landsins.

Uppeldisfræðilegri skráningaraðferð er beitt í verkefninu til að skrá og vinna úr samræðum barnanna, til að fanga vangaveltur barnanna. Markmiðið er að gera starf okkar sýnilegt. Þetta þróunarverkefni snýst einnig um sýn barna á umhverfi sitt og tilraun okkar til að

komast nær hugarheimi barna. Langtíma markmiðið er að iðkun heimspeki þróist og nái fótfestu með börnunum og starfsfólkinu í leikskólanum og að við náum að flétta heimspekilegan þankagang inn í alla þætti starfsins.

Könnun sem gerð var á viðhorfum foreldra Lundarsels til leikskólastarfsins rétt áður en við hófum verkefnið, leiddi í ljós að aðaláherslur foreldra voru þær sömu og við lögðum af stað með í upphafi, að gera þau leiknari í þeirri list að umgangast náungann af virðingu og umburðarlyndi: Að barnið þeirra þjálfist meðal annars í að taka tillit til annarra, hlusta á aðra og fara eftir reglum.¹ Okkur þótti mjög hvetjandi að sjá að foreldrar voru okkur sammála um gildi ofangreindra uppeldismarkmiða og það styrkti okkur mjög. Kunnnum við foreldrum einnig góðar þakkir fyrir þann mikla áhuga sem þeir sýndu verkefninu, án hvatningar og krafna þeirra um að gera starfið gegnsætt hefði verkefnið ekki þróast á sama veg. Börnunum þökkum við sérstaklega vel fyrir forvitni, undrun sína og leikgleði í heimspekilegu glensi og grufnun sinni í hversdagsleikanum.

Allir starfsmenn leikskólans komu að verkefninu en leikskólakennarar skólans báru hita og þunga af því og sáu um vinnslu verkefnisins. Umsjónarmaður verkefnisins er Guðrún Alda Harðardóttir, brautarstjóri á leikskólabraut við Háskólann á Akureyri og sá hún um kannanir sem gerðar voru og sat alla umræðufundi. Faglegur ráðgjafi er Hreinn Pálsson, skólastjóri Heimspekiskólans í Reykjavík og kom hann að verkefninu með námskeiði og fyrirlestrum fyrir foreldra og starfsmenn.

Skýrsla þessi skiptist í sjö kafla. Fyrsti kafli er inngangur. Í kafla tvö er fræðileg umfjöllun um hugmyndafræði og gildi barnaheimspekinnar auk umfjöllunar um upphafsmenn hennar. Er þar örstutt umfjöllun um barnabókmenntir og sagt frá matstæki verkefnisins - uppeldisfræðilegri skráningu. Í kafla þrjú er lýsing á leikskólanum, áætlunum og framkvæmd gerð skil. Í kafla fjögur er framkvæmd á heimspeki með börnum lýst og vinna okkar við kennsluleiðbeiningargerð útskýrð. Í kafla fimm er enn gerð grein fyrir aðferðafræði verkefnisins með samantekt á matsspurningum okkar og skráningum. Í kafla sex er könnunum meðal foreldra, barna og starfsmanna gerð skil svo og niðurstöður þeirra. Kafli sjö rekur lestina með heildarniðurstöðum og vangaveltum sem byggja á reynslu og upplifun okkar sem og matsspurningum.

Vegna þess hve sértæk mörg hugtök eru í skýrslunni er vert að fara yfir helstu hugtökin áður en lengra er haldið. Á enskri tungu er talað um *philosophy for children* og *philosophy with children* en hefð hefur skapast hér á landi að tala um heimspeki með börnum eða barnaheimspeki. Við höfum kosið að tala um heimspekivinnu með börnum því okkur finnst það mest lýsandi. Í fræðiritum er talað um *philosophy programs* sem við köllum einnig

¹ Sbr. foreldrakönnun í leikskólanum Lundarseli haust 1999, sjá nánar í kafla 6.

heimspekivinnu og *community of inquiry* köllum við jöfnum höndum samræðufélag og samræður, loks er það hugtakið *dialogues* sem við þýðum einfaldlega samræður.

Samhliða þessu verkefni er verið að kanna hvaða form eða aðferð hentar best til að skapa frjóan samræðugrundvöll hjá leikskólabörnum. Hvaða bækur/sögur henta best? Hvernig ráðgátur vilja þau fást við? Hvaða form er best að hafa á samræðunum? Þurfa börn að hreyfa sig í leiðinni, teikna, byggja úr kubbum eða hvað? Til að aðgreina þessar mismunandi aðferðir köllum við heimspekivinnu hefðbundna ef bók/texti er lesinn fyrst og síðan samræður hafnar. Að sama skapi köllum við önnur form eða aðferðir óhefðbundna heimspekivinnu. Óhefðbundin heimspekivinna getur til dæmis verið að hlusta fyrst á tónlist og hefja síðan samræður, hreyfa sig eftir tónlist og velta því fyrir okkur hvernig tónlistinni líður og reyna að skilgreina hvað tilfinningar eru, hvaðan þær koma og svo framvegis.

Síðast en ekki síst þarf að útskýra hvað átt er við þegar talað er um kennsluleiðbeiningar. Kennsluleiðbeiningar með barnabókunum draga fram þær heimspekilegu ráðgátur sem geta falist í textanum, þær eru oftast settar fram í formi spurninga sem síðan byggt er á og spurnið við það sem börnin hafa að segja. Í leiðbeiningunum eru samræðuáætlanir og verkefni, þær eru hugmyndabanki sem kennarinn/leiðbeinandinn getur stuðst við í samræðufélaginu.

Starfsmenn, börn og foreldrar bera heimspekivinnunni góða sögu. Framfarir urðu hjá börnunum í sjálfum heimspekítímunum og teljum við að börnin hafi eflst í samskiptum og skapandi hugsun. Nauðsynlegt er þó að benda á að erfitt er að greina milli áhrifa heimspekilegrar þjálfunar og almenns þroska – en hjá þeim stóra óvissuþætti verður tæpast komist í mannvísindum!

2.1 Heimspeki með börnum²

Menn kunna að velta fyrir sér spurningum eins og: Hvað er heimspeki með börnum? Hver er ávinningur heimspekisamræðna? Er hægt að nota heimspeki í leik og starfi með leikskólabörnum? Hvers vegna ætti leikskólakennari að nota heimspeki með börnum? Er ekki heimspeki of flókin og börn of einföld til að vera nefnd í sömu andrá? Sennilega á svo við ef átt er við þau heimspekifræði sem kennd eru í háskólum. En heimspeki getur komið miklu víðar við.³

Barnaheimspeki eða heimspeki með börnum er ein grein innan heimspekinnar. Merking orðsins filósófía eða heimspeki er „ást á þekkingu“ (á grísku þýðir *filein* að elska og *sofia* þýðir þekking, víska, vísindi og speki).⁴ Því mætti segja að heimspeki sé einungis svar við kröfum

² Texti í kafla 2.1 er tekinn að mestu leyti beint úr B.Ed. ritgerð Aðalbjargar og Helgu Maríu.

³ Sbr. Hreinn Pálsson 1986.

⁴ Sbr. Ólafur Jens Pétursson 1989.

barna, þar sem alkunna er að börn velta hinum ótrúlegustu hlutum fyrir sér, spyrja ýmis konar spurninga og koma með allskonar athugasemdir.

Barnaheimspeki gengur í stuttu máli út á að vinna út frá áhuga barnanna og undrun þeirra á lífinu og tilverunni. Tilgangur þess að stunda heimspeki með börnum er að halda í hæfileika barna til að undrast, þróa hæfileikann áfram og efla þau til sjálfstæðrar, gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Heimspekileg hugsun er fyrst og fremst gagnrýnin hugsun. Þegar gagnrýnni hugsun er beitt er íhugað rækilega, hlutirnir eru rannsakaðir áður en þeir eru viðurkenndir og sífellt er verið að spyrja spurninga.⁵

Barnaheimspeki byggir á því að börnin mynda með sér samræðufélag, þar sem lögð er áhersla á að þátttakendur tjái skoðanir sínar og hlusti á hugmyndir annarra. Samræðan gengur út á að finna rök fyrir skoðunum sínum og skýra hugmyndir. Börnin segja sína hlið á málinu, lýsa hverju þau eru sammála og ósammála, leiðrétta hvert annað og þróa hugmyndir sínar í sameiningu. Í upphafi gegnir leiðbeinandi hópsins lykilhlutverki í því að leiða samræðuna inn á frjóar brautir en reynir svo að vera sem minnst sýnilegur.⁶ Í enda samræðunnar dregur leiðbeinandinn saman efnið sem spjallað var um.

Upphafsmáður að markvissri heimspeki með börnum er heimspekingurinn Matthew Lipman. Hann hafði um átján ára skeið kennt við háskóla í New York og vakti það undrun hans hvað nemendur höfðu slaka rökhugsun og takmarkaða getu til að rökstyðja skoðanir sínar. Á seinni hluta sjöunda áratugarins komst hann á þá skoðun að skortur væri á heimspekilegri vídd í menntun barna og unglunga. Lipman taldi að með því að nota heimspekilegar samræður á fyrri skólastigum gæti það hjálpað nemendum að færa rök fyrir skoðunum sínum. Með þessa skoðun sína að leiðarljósi skrifaði Lipman heimspekilega smásögu sem námsefni og prófaði að vinna í samræðufélagi með tíu til tólf ára gömlum nemendum.⁷ Upphafið má því rekja til þessarar rökgleiknikennslu hans.

Þegar Lipman hóf að þreifa fyrir sér hvaða nálgun hentaði best til að virkja börn til gagnrýnnar og skapandi hugsunar komst hann fljótt að þeirri niðurstöðu að hefðbundnar kennslubækur hentuðu ekki til að ástunda heimspeki með börnum. Í framhaldi af því tók hann að skrifa heimspekilegar sögur fyrir börn í þeim tilgangi að skapa umræðugrundvöll⁸. Sögurnar fjalla um persónur sem eru á svipuðum aldri og fyrirhugaðir nemendur og fjalla um hversdagslega atburði sem eru teknir fyrir á heimspekilegan hátt. Lipman hefur þegar skrifað átta sögur og fylgja með þeim kennsluleiðbeiningar, Lipman er enn að skrifa sögur og

⁵ Sbr. Anna Harðardóttir og Þórunn Guðmundsdóttir 1991.

⁶ Sbr. Brynhildur Sigurðardóttir 1998.

⁷ Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

⁸ Sbr. Hreinn Pálsson 1998b.

kennsluefni,⁹ ásamt samstarfskonu sinni Ann Sharp. Lipmann lýsir sjálfur sögum sínum sem skoptexta út frá sígildum heimspekitemta, gengið er í hugmyndasjóð heimspekinga þó þeir séu aldrei nefndir á nafn.¹⁰

Dæmi: Sagan *Álfðís* (1988) er þroskasaga Álfðísar sem í upphafi sögunnar veit það eitt að hún veit ekki neitt og getur ekki neitt! Að baki sögunni er viðleitni til að koma viti og skipulagi á sundurleitar hugmyndir, hún tekur á hugtakatengslum. Kennsluleiðbeiningarnar sem fylgja draga fram þær ráðgátur sem felast í textanum og mögulegan hugsunarhátt sögupersóna. Unnið er með tengsl máls, athafna og hugsunar. Sagan *Lísa* (1976, 1983) segir frá Lísu og fjallar um siðfræði, meðal annars um mannasiði og almennt um hugmyndir um hið rétta, hið góða og hið sanngjarna.¹¹

Lipman og hans fólk fékk litlar undirtektir í fyrstu (1970) en samræðurnar skiluðu árangri. Samanburður var gerður á námsárangri nemenda Lipmans og barna sem ekki stunduðu barnaheimspeki. Báðir hóparnir voru mældir í upphafi rannsóknarinnar með *California Test of mental maturity* sem þýða má próf á vitrænum þroska. Niðurstöðurnar sýndu að á níu vikum náðu nemendur Lipmans 27 mánaða þroska í rökvisi, en samanburðarhópurinn stóð í stað.¹² Fleiri rannsóknir hafa verið gerðar þar sem nemendur Lipmans hafa sýnt framfarir meðal annars í gagnrýnni hugsun og samskiptaleikni.¹³ Lipman vildi einnig vita hve lengi áhrif kennslunnar sætu eftir hjá nemendum og í ljós kom að áhrifanna gætti í tvö ár en að loknum fjórum árum fundust engin merki um þau. Hann dró þá ályktun að nauðsynlegt væri að fylgja kennslu rökaleikni eftir og hóf því að semja samfellt námsefni og þjálfá kennara.¹⁴

Gareth B. Matthews kemur einnig mikið við sögu brautryðjendastarfs barnaheimspekinnar. Matthews er upphafsmaður að heimspekivinnu yngri barna og hefur unnið mikið með börnum og velt fyrir sér heimspekilegri hugsun þeirra.

Hann átti líkt og Lipman erfitt með að telja háskólanemendum sínum trú um að heimspeki gæti og væri eðlilegur hluti af lífinu. Matthews sendi nemendur sína því á vettvang til að hefja samræður við ung börn. Starf hans sem frumkvöðuls fólst í vinnu með ungum börnum, fimm til sjö ára, – stundaði samtalslist með börnum. Hann bendir á að nota spurningar barnanna sjálfra

⁹ Sbr. Hreinn Pálsson 1998a: <http://www.islandia.is/~hskoli/> 01.10.1998

¹⁰ Sbr. Lipman 1994.

¹¹ Sbr. Hreinn Pálsson 1998a.

¹² Sbr. Anna Harðardóttir og Þórunn Guðmundsdóttir 1991.

¹³ Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

¹⁴ Sbr. Anna Harðardóttir og Þórunn Guðmundsdóttir 1991.

og vangaveltur þeirra um viðfangsefnið. Matthews er sannfærður um að ung börn séu í raun meiri heimspekingar en eldri börn og sumir fullorðnir – að börn séu heimspekingar frá náttúrunnar hendi. Börnin spyrja alls konar spurninga í einlægni og sakleysi og hræðast ekki að koma með tillögu að svörum og lausnum. Þau velta fyrir sér ýmsum málefnum og eru opin og ómótuð ólíkt fullorðna fólkinu sem hefur tapað hinu barnlega sakleysi sínu í ferli hinnar miklu félagsmótunar samfélagsins. Matthews les barnabækur eins og *Bangsímon* og *Lísu í Undralandi* til að skapa samræðugrundvöll í barnaheimspeki¹⁵ og kennsluleiðbeiningar hans eru flestar gerðar við almennar barnabækur og smásögur.

Dæmi: *The king at the door* sem er saga um veitingamann, konu hans og þjónustrák sem tilkynnir komu kóngsins á staðinn. Veitingamaðurinn, kona hans og þjónustustelpa hlaupa út að glugganum til þess að sjá kónginn en verða fyrir miklum vonbrigðum því þau sjá einungis gamlan mann sem er tötralega klæddur sitjandi á bekk við aðaldyrnar. Sagan gengur út á samskipti veitingamannsins, þjónustráksins og kóngsins. Veitingamaðurinn trúir því ekki að gamli maðurinn sé kóngur en þjónustrákurinn gerir það og veitir honum góða þjónustu þrátt fyrir að veitingamaðurinn vilji það ekki. Að launum býður konungur honum að búa hjá sér í höllinni, veitingamanninum til mikillar undrunar. Matthews bendir á að í þessari barnalegu sögu felist heimspekileg viðfangsefni er varða trú og traust manna á milli. Matthews tengir söguna við hugmyndir Aristótelesar um að maðurinn þurfi alltaf að ganga hinn gullna meðalveg milli tveggja öfga, meðal annars er örlæti meðalhóf á milli óhófs og nísku.¹⁶

Matthews vinnur einnig með eigin sögur. Ein þeirra aðferða sem hann notar er að lesa einungis fyrri hluta sögunnar og spá um sögulokin með börnunum. Seinna les hann sögulokin og ræðir þau með tilliti til fyrri hlutans og þeirra útgáfu.¹⁷

Hreinn Pálsson er brautryðjandi barnaheimspeki á Íslandi, hann lauk meistaraþrófnámi í heimspeki með börnum frá Montclair State College en þar kennir einmitt Lipman. Hreinn stofnaði heimspekiskóla fyrir börn og hefur unnið að þýðingu námsefnisins á íslensku sem gert hefur heimspekivinnu með börnum aðgengilegri öðrum kennurum. Hreinn hefur sagt að „börnum og heimspekingum er [sé] það sameiginlegt að ganga gruflandi að

¹⁵ Sbr. Hreinn Pálsson 1998b:11,13.

¹⁶ Sbr. Matthews 1998.

¹⁷ Sbr. Anna Harðardóttir og Þórunn Guðmundsdóttir 1991.

hversdagsleikanum“.¹⁸ Börn láta oft í ljós djúpa heimspekileg hugsun og merkilegan skilning á hinstu rökum og þau eru oft næm á gátur tilverunnar. Börn hafa náttúrulegan hæfileika til að undrast, hæfileika til að koma auga á hluti og spurningar sem fullorðnir hafa vanið sig á að leiða hjá sér. Þessi hæfileiki er upphaf heimspeki og allrar vísindalegrar hugsunar. Þennan hæfileika ætti að rækta með börnum því hann er grunnur gagnrýnnar og skapandi hugsunar, því er mikilvægt að loka ekki á spurningar og áhuga barnanna á lífinu og tilverunni. Fullorðnum hættir til að mata börnin um of, upplýsingastreymið í þjóðfélaginu er gífurlegt og mötun fjölmiðla mikil. Leikskólabörn þurfa snemma að læra að velja og hafna og taka afstöðu sem neytendur í stað þess að láta stjórnast af tísku- og neyslulögmálum. Börn þurfa að vera læs á umhverfi sitt í víðasta skilningi þess orðs. Heimspekivinna með börnum getur haft í för með sér yfirfærsluáhrif á önnur náms- og þroskasvið.

Hugmyndafræði barnaheimspekinnar má tengja við flest í dagskipulagi leikskóla og í raun má finna samnefnara í hugmyndafræðinni við lög in um leikskóla, markmið og undirmarkmið. Samkvæmt lögum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskólum vera meðal annars:

- *Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.*
- *Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.*
- *Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í heim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.*¹⁹

Rauði þráðurinn í heimspekilegu leikskólastarfi er að fá börnin til að velta fyrir sér tilverunni og horfa á hana opnum hug. Að veita börnunum þátttökurétt í umræðum um mál og menn er forsenda þess að börnin finni til ábyrgðar, því ekki er hægt að ætlast til að þau finni til ábyrgðar á einhverju sem þau þekkja ekki og vita ekki að kemur þeim við. Til þess að börnin myndi sér skoðanir á málefnum og umhverfi sínu þurfa þau að fá æfingu í að hugsa og tjá sig.²⁰

Lipman telur að heimspekileg hugsun sé í raun æðri hugsun en hann greinir hana í skapandi og gagnrýna hugsun sem ekki verði aðskildar heldur vinni saman. Samkvæmt Lipman hefst ferli æðri hugsunar þegar við látum í ljós skoðun okkar eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið/skapandi fyrir okkur, grafist fyrir um viðmið og forsendur. Þegar við samþykkjum

¹⁸ Sbr. Pálsson 1986a:6.

¹⁹ *Lög um leikskóla nr. 78/1994.*

²⁰ Sbr. Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994.

ekki hugmyndir fyrirvaralaust heldur veltum fyrir okkur tengslum við eigin reynslu þá getum við látið í ljós skoðun okkar.

Æðri hugsun er sem sagt gagnrýnin og skapandi.

Gagnrýnin hugsun er að láta í ljós skoðun sína eftir að hafa gengið út frá skýrum viðmiðum, hún getur leiðrétt sjálfa sig og tekur tillit til aðstæðna.

Gagnrýnin hugsun mátar viðfangsefnið við reynsluheiminn.

Skapandi hugsun er að láta í ljós skoðun sína eftir að hafa gengið út frá mótsagnarkenndum viðmiðum, hún upphefur sjálfa sig og stjórnast af aðstæðum og tilfinningum. Skapandi hugsun er til dæmis hugarflæði.²¹

Markmið þess að stunda heimspekilegar samræður með börnunum er að vekja og efla þau til sjálfstæðrar, rökréttar og skapandi hugsunar. Börnin mynda sjálfstætt samræðufélag þar sem þau vinna saman og hugsa saman.²² Í samræðuhóp læra börnin að hlusta hvert á annað, spyrja spurninga, vega og meta umræðuefnið²³ og að taka tillit til hugmynda og skoðana annarra. Það eflir með börnunum þörf til að kryfja hin ýmsu málefni til mergjar í heimspekilegum samræðuhópum.²⁴ Heimspekileg samræða skerpir rökhusun og dómgreind og temur börnunum að taka tillit til siðfræði, fagurfræði og fleiri gilda.

Virkni hugans er óháð virkni talandans, sumum fer fram í rökaleikni án þess að vera áberandi í samræðum, börn eru ólík í hugsun og framsetningu, sum eru mun innsæis- og hugmyndaríkari, önnur rökvisari og skarpari.²⁵

Heimspekileg samræðustund er lýðræðisleg í framkvæmd og undirbýr börnin til virkrar þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ótvíræðir kostir heimspekinnar til menntunar er inntak hennar, hugmyndir, ráðgátur og hugtök sem unnið er með og fjallað er um á lýðræðislegan hátt. Sérstaða heimspekinnar felst í því að allt sem þar er tekið til umfjöllunar er umdeilanlegt. Börnin verða að taka þátt í heimspekilegri glímu til að ná tókum á inntaki og merkingu hugmynda, ráðgátna og hugtaka. Í slíkri glímu kljást börnin við viðfangsefnið út frá eigin þekkingu, börnin eru að taka til í eigin þekkingarforðabúri, flokka, raða, fleygja og geyma.²⁶

Í heimspekisamræðum reyna börnin að komast að kjarna málsins með hjálp eigin spurninga og sjá heiminn skýrar í margbreytileika sínum. Til að verða fær um að velja og hafna þurfa börnin að læra að auka sjálfsþekkingu sína, ekki láta telja sér trú um að nauðsynlegt sé að eiga eða gera ákveðna hluti til að verða hamingjusöm. Heimspekilegar samræður efla skilning

²¹Sbr. Lipmann 1991:19.

²² Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

²³ Sbr. Hreinn Pálsson 1986b.

²⁴ Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

²⁵ Sbr. Hreinn Pálsson 1992.

²⁶ Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

barnanna á sjálfum sér og hugsunum sínum. Þau læra einnig að mótmæla því sem samræmist ekki hugmyndum þeirra eða fyrri reynslu. Heimspekilegar umræður geta ýtt undir þekkingu barna á sjálfum sér og kennt þeim að leysa vandamál. Mikilvægt er að þau læri að taka til máls af fyrri bragði. Félagsþroski barnanna og samskipti taka framförum, þau þurfa að læra að setja fram hugmyndir sínar, hlusta á aðra og virða hugmyndir þeirra. Samræðurnar stuðla tvímælalaust að auknum málþroska og hugtakaskilningi.

Í stuttu máli eru markmið og ávinningur barnaheimspekinnar eftirfarandi:

Börnin þjálfast í því að greina hugmyndir sínar í sundur og í því að koma auga á áður óþekkt tengsl.

Börnin verða færari í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið og skapandi fyrir sér.

Börnin öðlast aukinn skilning á sjálfum sér og öðrum.

Börnin öðlast aukinn skilning á lífinu og tilverunni.

Heimspekivinnan vekur upp undrun, forvitni og nýjar hugmyndir hjá börnunum.

Heimspekivinnan örvar málþroskann og stuðlar að rökvísi, víðsýni og virkri, sjálfstæðri- og gagnrýnni hugsun.

Með heimspekivinnunni uppgötva börnin á áhrifaríkan hátt þau viðmið, gildi og reglur sem ríkja.

Börn eiga það til að leysa úr deilumálum með valdbeitingu en þjálfun í að hlusta á aðra, virða skoðanir þeirra og tjá sig óhræddur gerir þau færari til að leysa deilumál - að nota tungumálið til lausnar. Í samræðusamfélagi tileinka börnin sér hugsunarhátt eins og í gagnkvæmnisreglunni „Það sem þú vilt ekki að aðrir geri þér, það skalt þú ekki gera þeim“.²⁷ Heimspekilegar samræður geta þjálfað börnin í að takast á við siðferðisleg mál og gildi, þar sem þau skoða ólíkar hliðar á málunum út frá eigin reynslu og upplifun á því sem er rétt og rangt.²⁸ Markmiðið er ekki að búa til litla heimspeklinga.²⁹ Sú gagnrýni heyrir stundum að í heimspekilegum samræðum séu börnin „bara“ að tala, það er alveg rétt að þau eru að tala en það er hins vegar ekki rétt að skjóta atviksorðinu „bara“ fyrir framan. Það liggur alltaf hugsun á bakvið tal barnanna. Þeir sem umgengist hafa börn vita að þeim þykir flestum mjög gaman að tala og enn skemmtilegra þegar einhver gefur sér tíma til að hlusta á þau.³⁰ Hins vegar eru ekki hvaða samræður sem eru heimspekilegar! Lipman setur fram þrjá þætti sem þurfa að vera til staðar í heimspekilegum samræðum með börnum.

²⁷ Sbr. Páll Skúlason 1990.

²⁸ Sbr. Brynhildur Sigurðardóttir 1998.

²⁹ Sbr. Lipman 1980.

³⁰ Sbr Lipman 1988.

Í fyrsta lagi verða þær hugmyndir sem teknar eru til umfjöllunar að vera heimspekilegar, þannig að efnið snerti þekkingarfræðilega- og siðferðislega stöðu okkar í veruleikanum og að efniviður þeirra sé börnunum kunnur fyrirfram.

Í öðru lagi verður að vera hægt að beita röklegum tókum við greiningu og rannsókn á umfjöllunarefninu – hvort heldur sem þau beinast að röktengslum milli staðhæfinga, hugmynda eða hugtaka.

Í þriðja lagi verður umræðan að enduróma af heimspekilegum vinnubrögðum sem má lýsa sem röklegum samræðum – þar sem athyglinni er beint að rökum barnanna, dæmum og forsendum fyrir skoðunum þeirra, þar sem þátttakendur eru reiðubúnir að tileinka sér ný sjónarmið.³¹

Þegar fyrrgreindir þrír þættir fara saman í samræðu er hún heimspekileg en ef enginn þeirra er til staðar er umræðan aftur á móti óheimspekileg! Fyrirlestrar yfir börnum eru einvörðungu hálfheimspekilegir því þeir opna börnunum ekki leið til heimspekilegra vinnubragða.³² Heimspekileg samræða er því þegar rætt er út frá reynslu, þekkingu og víðsýni og málin skoðuð frá mörgum hliðum með dæmum og rökum málinu til stuðnings.

Sagt er að börn noti þrjár aðferðir til að takast á við ráðgátur eða undrin sem þau finna alls staðar í kringum sig. Sú fyrsta er með vísindalegum útskýringum – þegar þau til dæmis uppgötva að glasið dettur ef því er sleppt. Önnur er að nota sögur eða ævintýri sem verkfæri til að túlka hlutina. Sú þriðja er að setja hlutina fram á heimspekilegan máta með því að spyrja spurninga. Þessar heimspekilegu spurningar eru líklegar til að vera frumspekilegar, röklegar eða siðfræðilegar.

Dæmi um frumspekilegar spurningar er hvað er tíminn? Hvað skiptir máli?
Frumspeki snýst um raunveruleikann og að vera, heiminn og tilvist.

Dæmi um röklegar spurningar er hvaða ályktun getum við dregið út frá því sem við þegar vitum? Hvað tekur við af því? Þekkingarfræði snýst um þekkingu og skynsemi, skilning og merkingu.

Dæmi um siðfræðilegar spurningar er hvað er hið rétta? Hvað er sanngjarnt?
Siðfræði snýst m.a. um hvað er gott og illt, rétt og rangt.³³

Heimspeki með börnum er í raun afsprengi hugmyndarfræði Johns Dewey að börn læri mest og best með því að framkvæma. Að börnin prófi sig áfram á eigin forsendum og í gegnum viðfangsefni sem þau velja sjálf og er í umhverfinu þeirra.

³¹ Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

³² Sbr. Hreinn Pálsson 1986a.

³³ Sbr. Lipman, Sharp og Oscanyan 1980:31,33-39.

2.2 Barnabókmenntir

Fljótlega eftir að byrjað var að vinna með heimspeki með börnum í „skólahóp“ á Lundarseli kom fram sú hugmynd að nýta þar þann fjársjóð sem íslenska barnabókaflóran er. Margir íslenskir barnabókahöfundar eru heimspekilega þenkjandi og þjóðsögurnar okkar eru fullar af heimspekilegum viðfangsefnum. Íslenskar bækur skerpa siði, hefðir, venjur og gildi fyrir börnin. Sögurnar fjalla margar hverjar um daglegar athafnir sem geta aukið skilning barnanna á sjálfum sér og öðrum. Bókin vekur börnin til umhugsunar og gefur þeim tækifæri til að túlka innihaldið og fara eftir eigin leiðum.

Ef við byrjum á að skoða almennt til hvers barnabækur voru ætlaðar var innihald þeirra í upphafi fræðsla og siðaboðskapur fyrir börn. Stundum gátu þær haft eitthvert skemmtanagildi en markmiðið var að kenna þeim störf og siði þjóðfélagsins.³⁴ Í dag er barnabókum ætlað að vera bestu vinir barnanna, vekja hjá þeim hlátur, örva ímyndunaraflíð, opna augu þeirra fyrir réttlæti og óréttlæti, efla alhliða þroska og vekja upp spurningar

Hvernig fólk er til í veröldinni?

Hvernig hugsar það, finnur til og hagar sér?

Hvernig bregst það við þegar á reynir?

Hvernig nálgast ég það?

Eru einhverjir aðrir eins og ég?

Hvernig förum við að því að vera vinir? o.s.frv.³⁵

Með lestri barnabóka auðgum við reynsluheim barnanna og þær eru oft góðar til að hjálpa þeim að vinna úr sársaukafullum tilfinningaflækjum og djúpstæðum ótta. Siðaboðskapur í barnabókum er stundum mikill en siðferðisgildin þurfa að vera skýr, mannúðleg og fordómalaus.³⁶ Vel valdar og skemmtilegar barnabækur gegna mikilvægu hlutverki í leikskólastarfi, ekki síst hvað varðar fræðslu og málörvun. Bækur eru mest notaðar í sögu- og samverustundum, þar er lesið um það sem börnin hafa áhuga á og þau tjá sig síðan um efnið. Með lestri bóka geta börn komið tilfinningum sínum í orð þar sem bækur fjalla gjarna um líðan fólks og viðbrögð. Börn sem eiga auðvelt með þetta, eiga oft auðvelt með að setja sig í spor annarra og geta sýnt öðrum samkennd. Bókalestur eflir hæfileikann til að einbeita sér og er afslappandi mótvægi við hraða og mörg áreiti skjámiðlanna. Hann byggir á innlifun og samsömun hlustenda við sögupersónur og þar með ætti innsæi í tilfinningar fólks að eflast. Í

³⁴ Sbr. Silja Aðalsteinsdóttir 1990.

³⁵ Sbr. Silja Aðalsteinsdóttir 1990.

³⁶ Sbr. Þuríður J. Jóhannsdóttir 1992.

bókum er komið inn á samskipti sögupersóna og okkur sýnd bæði góð og slæm fordæmi. Þetta þroskar samskiptahæfni barna og þau gera sér betur grein fyrir því hvað er rétt og hvað er rangt.

Stór hluti af íslensku barnabókaflórunni eru ævintýri og dæmisögur. Þar er aðaláherslan lögð á manneskjuna en í dæmisögum eru dýr og plöntur oft aðalpersónurnar. Að hlusta á ævintýri er menntun í að hugsa í myndum og táknum, hugsa um hluti sem ekki er hægt að skilja á annan hátt. Fullorðnir mega ekki síður en börn, minnst þess að hugur manns er margfalt fegurri en jörðin sem hann dvelur á. Þess vegna er hið óraunverulega svo mikilvægt. Ímyndunarafli barnsins vinnur úr táknum í ævintýrunum að eigin geðþótta. Töfraorðin „Einu sinni var“ leysa áheyrandann úr viðjum hversdagsleikans og ævintýrið verður eins konar leiksvið andans þar sem áheyrandinn leikur aðalhlutverk og er jafnframt áhorfandi. Í ævintýrum býr skáldleg sýn manneskjunnar á heiminn.³⁷

Leikskólakennurum ber að opna augu barna fyrir margbreytileika lífsins og veita þeim upplýsingar um samskipti fólks og lífnaðarhætti í mismunandi menningarsamfélögum. Að lokum má nefna að ef börn eru alin upp við bækur og læra að umgangast þær, læra að meta sjálf hvað þeim þykir góðar bókmenntir og hvað slæmar.

„Sú kynslóð verður heimsk sem ekkert þekkir nema sjálfa sig.“³⁸

Að öllu þessu sögðu er tenging barnabóka við heimspekivinnuna sú að vinnan gefur börnum fyrst og fremst tækifæri til að tjá sig og öðlast færni í að spyrja spurninga. Sögur hafa verið grundvöllur að heimspekivinnu með börnum, þær hafa yfirleitt verið sérstaklega samdar í þessum tilgangi. Erlendis hafa hins vegar í auknum mæli verið notaðar hefðbundnar sögur í barnabókum. Eins og fram hefur komið má nefna einn af frumkvöðlum í barnaheimspeki, Gareth B. Matthews, sem leggur áherslu á að nota venjulegar sögur í heimspekivinnu með börnum.

Íslenskar sögur eru góður kostur í heimspekivinnu með íslenskum börnum. Aðstæður sögupersónanna og söguvið er kunnuglegt fyrir börnin. Þess vegna eiga þau auðvelt með að setja sig í spor sögupersónanna. Einnig eru líka góður kostur, Íslenskar þjóðsögur er hluti af arfleifð okkar og íslensk börn þurfa að kynnst þjóðsögunum, nú eða þekkja margar þeirra.

Við leit okkar á hentugum bókum í heimspekivinnu með börnunum á Lundarseli var meðal annars notast við uppeldisfræðilega skráningu.

³⁷ Sbr. Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988.

2.3 Uppeldisfræðileg skráning

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð til gagnaöflunar og gerir verklegan þátt leikskólastarfsins sýnilegan, hún inniheldur venjulega sýnishorn af vinnu barnsins á mismunandi stigum. Skráningin varpar ljósi á ferlið sjálft í starfinu. Hægt er að gera skráningu með því að taka ljósmyndir, nota myndbandsupptökuvél, taka upp á segulband, skrifa niður hvað börnin segja og skrá vangaveltur og viðbrögð leikskólakennarans. Í uppeldisfræðilegri skráningu þarf að tileinka sér vissa færni og gera glöggan greinarmun á því sem gerist og okkar túlkun þar að lútandi. Forsenda þess að við getum tengt fræðilega þekkingu okkar við daglegt amstur er að við stundum ígrundaða athugun á því sem gerist í þessum veruleika.³⁹ Galdurinn felst í því að undrast, um það sem maður sér og heyrir, það er taka hluti ekki bara „inn“ heldur taka þá til gagngerrar rannsóknar. Markmiðið ætti jú alltaf að vera að öðlast meiri skilning á þroska barna.⁴⁰

Mikilvægi uppeldisfræðilegrar skráningar:

Aukinn skilningur á þekkingaröflun barna.

Það hefur sýnt sig að með skráningu verða börnin forvitnari og áhugasamari, sjálfsöryggi þeirra eykst þegar þau hugsa um og virða fyrir sér verk sem þau hafa sjálf skapað. Sjálft ferlið að undirbúa og birta upplýsingar af reynslu barnanna og viðleitni örvar minni þeirra og skapar oft nýja upplifun og skilning á verkinu sem er áreiðanlegri og betur rökstuddur. Rannsóknir benda til þess að börn geti líka lært og örvast af verkum hvers annars og það hvatt þau til að taka þátt í nýjum viðfangsefnum.

Að taka hugmyndir og verk barnanna alvarlega.

Vönduð og vel unnin skráning gefur börnunum til kynna að viðleitni þeirra, tilgangur og hugmyndir eru teknar alvarlega. Að taka verk barnanna alvarlega á þennan hátt hvetur þau til að sýna ábyrgð í starfi sínu.

Skipulagning og mat kennarans á vinnu barnanna.

Einn af höfuðþáttum í verkefnavinnu með börnum er skipulagning sem byggir á mati á verkinu um leið og því vindur fram. Um leið og börnin takast á við mismunandi verkefni bæði sem einstaklingar og í hópum þá rannsakar kennarinn verkefni þeirra á hverjum degi og ræðir við þau um hugmyndir þeirra og möguleika á nýjum þáttum í verkinu sem þau munu vinna á næstu dögum. Ákvörðun um framvindu verkefnisins byggist síðan á því hvað einstaklingnum eða hópnum fannst athygliverðast, skemmtilegast, forvitnilegast og mest spennandi.

Þátttaka og mat foreldra.

Skráning gerir foreldrum það kleift að kynnast jafnóðum reynslu barnanna í skólanum. Við skráningu verður starf barnanna áþreifanlegra fyrir foreldra og um leið hefur það áhrif á væntingar þeirra og viðhorf til foreldrahlutverksins og væntanlega einnig til leikskólans.

³⁸ Sbr. Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988.

³⁹ Sbr. Wehner 2000.

⁴⁰ Sbr. Guðrún Alda Harðardóttir 2000.

Rannsóknir leikskólakennara og þátttaka þeirra í ferlinu.

Skráning upplýsinga er mikilvæg fyrir rannsóknir kennarans. Það skerpir sjónarhorn hans á fyrirætlanir og skilning barnanna og hefur áhrif á þátttöku hans í verkinu. Þegar kennarar rannsaka verk barnanna og undirbúa skráningu upplýsinga nota þeir eigin skilning á framförum þeirra sem ekki er tengdur „prófunum“. Skráning er grunnur að nútímalegri aðlögun í kennsluaðferðum og gerir kennaranum kleift að fylgjast með hverjum einstaklingi fyrir sig og taka ákvarðanir í samræmi við það. Lokaniðurstöður í verkum barnanna geta aldrei sýnt þá miklu vinnu og öll þau mistök sem börnin lærðu á þar sem áherslan er lögð á ferlið en ekki útkomuna. Með því að skoða skráðar upplýsingar um vinnu og rannsóknir barnanna er hægt að glöggva sig á framlagi hvers barns og hvernig hópvinna skilar sér í menntun og uppeldi þeirra.

Nám barnanna gert sýnilegt.

Skráning upplýsinga um framfarir og nám barnanna er ekki hægt að bera saman við stöðluð próf og frammistöðumat sem oft eru notuð. Þó að kennarar fái oft mikilvægar upplýsingar um nemendur með eigin athugunum, þá gefur skráning á vinnu barnanna með mismunandi aðferðum sannari og óbyggjandi upplýsingar um vitsmunalega hæfni barna sem ekki er hægt að mæla á nokkurn annan hátt sem við þekkjum⁴¹

Leikskólakennarar þurfa að horfa á börnin vinna og hlusta og virða skoðanir þeirra. Þeir þurfa að þróa starf leikskólans út frá þeirra forsendum. Hverju hefur barnið áhuga á? Þeir þurfa að vita hvað börnin eru að hugsa, hvað þau vita og hvað ekki, til þess að geta boðið þeim verkefni sem er einu skrefi fyrir ofan það stig sem þau eru stödd á í þroska. Leikskólakennarar þurfa ávallt að hafa í huga að tala *við* börn en ekki *til* þeirra.⁴²

Uppeldisfræðileg skráning er tæki sem getur hjálpað okkur að átta okkur á hvernig við eigum að vinna, þannig að vinna okkar sé í takt við þarfir hvers barns.⁴³ Í heimspekinni nýtast kostir uppeldisfræðilegrar skráningar vel, mikilvægt er að skrá svo kennarinn geti áttað sig á af hlutleysi hvað barnið er nákvæmlega að meina og skynjað hughrifin á því andartaki.

3.1 Leikskólinn Lundarsel

Lundarsel er fyrsti leikskólinn sem Akureyrarbær lét byggja á árunum 1977-1979. Starfsemin hófst í júlí 1979. Arkitektar voru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson. Í fyrstu var leikskólinn tvær deildir og rúmaði 70 börn. Um áramótin 1995-1996 fjölgaði börnunum um átta.

Fyrsti leikskólastjóri Lundarsels var Ragnheiður Ólafsdóttir leikskólakennari og starfaði hún í 3 ár. Árið 1982 tók Erla Böðvarsdóttir við starfi leikskólastjóra og gegndi því til 1. nóvember 1999 þegar núverandi leikskólastjóri Örn Arnarson tók við.

⁴¹ Sbr. Reggio Emilia Institutiden 1995 og Gedin og Sjöblom 1995.

⁴² Sbr. Guðrún Alda Harðardóttir 2000.

⁴³ Sbr. Hafþís M. Magnúsdóttir og Konný Hákonardóttir 1998.

Í júní 1996 var hafist handa við gerð viðbyggingar til norðurs við leikskólann. Með þeirri byggingu varð til ný heilsdagsdeild, fullbúið eldhús og bætt aðstaða fyrir starfsmenn. Við breytingarnar fjölgaði um um það bil 22 börn.

Þann 15. maí 2000 urðu breytingar á ný þegar byrjað var með aldursskiptar deildir. Ein deild er fyrir 2-3ja ára börn og tvær deildir fyrir 3ja, 4ra og 5 ára börn. Í nóvember sama ár dró svo til tíðinda á Lundarseli er byrjað var að breyta enn á ný. Í þetta skipti var salurinn stækkaður um helming, sérstakt hvíldarherbergi varð til fyrir yngstu börnin, geymsla fyrir eldhúsið útbúin þar sem áður var kaffistofa starfsmanna og öll starfsmannaaðstaða flutt í kjallara hússins þar sem áður voru geymslur. Í kjölfar stækkunarinnar voru tekin inn 9 börn í yngsta aldurshópinn. Í maí 2001 var ákveðið að stækka leikskólann um 5 rými vegna nýrrar reglugerðar um heildarleikrými barna í leikskólum. Mikið var sem sagt um litlar sem stórar breytingar í skólanum á meðan á þróunarverkefninu stóð.

Í dag er Lundarsel þriggja deilda leikskóli með svokallaðan sveigjanlegan vistunartíma, þ.e. hægt er að kaupa frá 4 og upp í 9 klst á dag á öllum deildum auk hálf tímagjalds, sem er 15 mínútur fyrir og yfir heilatímann. Opnunartími allra deilda er 7:30-17:15. Nú eru rýmin 74 og eru 92 börn í leikskólanum sem skipta þeim með sér. Sum börnin eru í heilsdags- og önnur í hálf dagsplássum fyrir eða eftir hádegi.

3.1.1 Starfsgrundvöllur Lundarsels⁴⁴

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og ber honum að mennta börnin ásamt því að veita þeim öruggt umhverfi, umhyggju og ást. Leikurinn er lífstjáning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikurinn er þess vegna hornsteinn leikskólastarfsins. Leikur barna mótast af hugmyndaauðgi og sköpunarmætti þeirra, það er hæfni til að sjá ný tengsl, koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamyndum. Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins, þá menningu og samfélag sem það byggir.

Við leitumst við að búa börnunum á Lundarseli lærdómsríkt umhverfi sem hvetur til sköpunar, umræðna og rannsókna. Sýn okkar á barnið er að nútíma barnið sé hugsandi einstaklingur með mikla hæfileika. Við ýtum undir hæfileika hvers og eins og virðum hvert aldurstig. Við lítum á börnin, umhverfið, starfsfólkið og foreldrana sem samvirka heild.

Hugmyndafræðin sem við aðhyllumst er að mestu fengin úr hugmyndabanka barnaheimspekinnar, þar sem við trúum því að börn séu náttúrulegir frumspekingar, hafi náttúrulega hæfileika til að undrast og löngun til að læra og velta hlutunum fyrir sér. Börn læra með því að spjalla saman, gera hlutina sjálf, með því að snerta, skynja og uppgötva.

⁴⁴ Texti í kafla 3.1.1 er tekinn úr Foreldrahandbók Lundarsels 2000-2001.

Við notum skráningar til þess að rannsaka, endurmeta starf leikskólans og skoða áhugasvið barnahópsins. Leikskólastarfið þarf að endurmeta og skoða því starfið byggir á mismunandi einstaklingum á hverjum tíma.

Starfsgrundvöllur Lundarsels tekur auk barnaheimspekinnar eða lífsleikni til áhersluþátta eins og hreyfingar, málræktar, myndsköpunar, tónlistar, náttúru, umhverfis, menningar og samfélags, svokallaðra námssviða leikskóla. „*Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.*“⁴⁵

3.2 Út á hvað gekk þróunarverkefnið?

Þátttakendur í verkefninu „*íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppspretta heimspekilegrar samræðu meðal leikskólabarna*“ voru fyrst og fremst börnin í leikskólanum sem með áhuga sínum og leikgleði í heimspeki gerðu þetta verkefni að ógleymanlegri skemmtun og ánægju. Heimspekivinna tengd þróunarverkefninu var hópastarf leikskólans þau tvö ár sem verkefnið stóð. Börnin tóku þátt í heimspekivinnu einu sinni til tvisvar í viku, að jafnaði í fjörutíu og fimm mínútur í senn. Þau voru fjögur til tíu saman í aldurshreinum hópum, þriggja, fjöggurra- og fimm ára. Fyrra árið leiddu eingöngu leikskólakennarar heimspekivinnuna en seinna árið stýrðu leiðbeinendur einnig hópum. Verkefnið gekk út á eftirfarandi þætti:

Að „hugmyndagreina“ íslenskar barnabókmenntir og velja góðar bækur með tilliti til hversu vel þær henta til að vekja upp heimspekileik og samræður.

Að útbúa kennsluleiðbeiningar með aðstoð barnanna á Lundarseli – hlusta á athugasemdir þeirra og vangaveltur með tækni uppeldisfræðilegrar skráningar.

Að þróa heimspekivinnu fyrir börn og kanna hvaða form eða aðferðir henta best í slíkri vinnu.

Auk þess voru í verkefninu langtíma markmið, þættir eins og:

Að innleiða hugmyndafræði barnaheimspekinnar inn í alla þætti leikskólans.

Að komast nær hugmyndaheimi barna og gera starfið sýnilegt öðrum til dæmis foreldrum með tækni uppeldisfræðilegrar skráningar.

Að ná markmiðum okkar um að gera börnin leiknari í að umgangast hvort annað og auka skilning þeirra á sjálfum sér og öðrum.

Meginframkvæmd verkefnisins var að þróa starfið og útbúa kennsluleiðbeiningar, með því að nýta náttúrulega hæfileika barna til að kunna að undrast. Til að finna hvar undrun og pælingar

barnanna fælust í texta bókanna var eins og áður hefur verið sagt notuð uppeldisfræðileg skráning. Við notuðumst við diktafónupptökur, ljósmyndir og skriflegar skráningar í öllum samræðustundum. Skráningarnar⁴⁶ voru til að fylgjast með framförum, áhuga og leikgleði barnanna í heimspekisamræðunum og til að útbúa kennsluleiðbeiningarnar. Með þessu náðum við að skrá það sem börnin voru að gera, á lifandi og myndrænan hátt og setja það inn í leiðbeiningarnar. Auðvelt var að skoða skráningarnar aftur og aftur, læra af þeim og síðast en ekki síst gera þær sýnilegar foreldrum og öðrum sem áhuga höfðu á verkefninu. Til að fylgjast með þróun verkefnisins beittum við:

Uppeldisfræðilegri skráningu og mati á innihaldi hennar.

Matsspurningum (samantektar spurningar) sem „mældu“ áhuga, stöðu og tækni barnanna í samræðum.

Tveimur mismunandi könnunum og viðtölum við foreldra, börn og starfsmenn.

Reynslu okkar, upplifun og tengingu við hugmyndafræði barnaheimspekinnar.

Í upphafi þróunarverkefnisins var gerð könnun meðal foreldra barna í leikskólanum. Markmiðið var að kanna hug og væntingar foreldra til leikskólastarfsins. Þá fóru fram viðtöl strax eftir fyrsta árið, vorið 2000, bæði við börnin, foreldra og starfsfólk. Niðurstöður þessara viðtala voru notaðar sem grunnur að gerð spurningalista sem var lagður fyrir foreldra og hópstjóra/starfsfólk í lok verkefnisins, vorið 2001. Svör við þeim spurningalista veitti upplýsingar um álit foreldra og hópstjóra/starfsfólks á því hvað þeir teldu að börnin hefðu lært.⁴⁷

3.2.1 Upphafið

Á Lundarseli höfðu elstu börnin í leikskólanum ástundað heimspekisamræður í svokölluðu skólahópsstarfi. Það hafði gefist vel í þeim tilgangi að kenna þeim umburðarlyndi gagnvart hvert öðru. Upphafleg áætlun verkefnisins var eins og áður hefur verið sagt að bæta samskipti barnanna og að þjálfar þau í að koma hugsunum sínum í orð. Við vildum að börnin þjálfuðust í að kanna mismunandi möguleika og að útskýra hvers vegna þau haldi einhverju fram. Ákveðið var að hefja heimspekisamræður í hópastarfi allra aldurshópa nema þeirra allra yngstu. Þá var fyrir séð að starfsmenn þyrftu að fá þjálfun í að leiða slíkar samræður, allflestir leikskólakennarar höfðu hlotið grunnkennslu í barnaheimspeki í sínu námi en fyrir starfsfólkið var þetta nýtt.

⁴⁵ Aðalnámsskrá Leikskóla 2000:19.

⁴⁶ Sjá nánar um uppeldisfræðilega skráningu í kafla 2.3.

⁴⁷ Sjá nánar um kannanir í kafla 6.

Jafnframt töldum við að ekki væri til nægur efniviður í heimspekivinnu með ungum börnum. Þá kom sú hugmynd að nota íslenskar barnabókmenntir sem uppsprettu að heimspekilegum samræðum með leikskólabörnum, rétt eins og Gareth B. Matthews heimspekingur gerir með ungum börnum í Bandaríkjunum. Á þessum tíma voru tveir þátttakendur í þróunarverkefninu að vinna lokaritgerð sína um heimspeki með börnum. Í ritgerðinni var meðal annars kannað hvaða aðferð eða form hentaði leikskólabörnum best í heimspekivinnu, hvort það væri hefðbundna söguformið eða hvort það hentaði börnum betur að tjá sig með hjálp tónlistar, hreyfingar eða myndlistar. Þessum þátttakendum var boðið að taka þátt í að gera áætlun og útbúa umsókn um styrk fyrir Lundarsel að tveggja ára þróunarverkefni. Það yrði upphafið að því að innleiða heimspeki sem hópastarf leikskólans. Á þessum tímapunkti hófst ævintýrið.

3.2.2 Áætlunin og hvernig til tókst

Í upphafi verkefnis, sumarið 1999 var notað til að grófflokka íslenskar barnabækur og þjóðsögur og útbúa heilmikinn bókalista. Einn þátttakandi fékk leyfi frá hefðbundnum störfum til að vinna að bókalistanum. Síðan var áætlunin að leikskólakennarar myndu strax um haustið „hugmyndagreina“ bækurnar og þjóðsögurnar og hafa þar í huga hversu vel þær hentuðu til að vekja heimspekilega samræðu hjá börnum á leikskólaaldri. Velja skildi þar úr fimm sögur fyrir hvern aldursflokk að spreyta sig á, sögur sem vektu upp undrun eða fælu í sér ráðgátur. Raunin varð sú að erfitt var að fara yfir bókalistann á svo stuttum tíma, þannig að listanum var skipt niður milli kennara og tók það bæði árin að fara í gegnum hann. Bækurnar sem notaðar voru í heimspekivinnunni með börnunum á verkefnatímabilinu voru því flestar valdar jafnóðum. Framtíðarsýn okkar er að nota bókalistann sem gagnagrunn í áframhaldandi heimspekivinnu og kennsluleiðbeiningagerð á Lundarseli.⁴⁸

Ákveðið var að heimspekivinnan ætti að vera hópastarf þriggja elstu árganganna næstu tvö árin, tvisvar í viku hjá hverjum hóp. Að kennar skólans útbúi kennsluleiðbeiningar og byggja þær að miklu leyti á upptökum af öllum samræðum í hópastarfinu, það er að hlusta eftir því sem vakti áhuga barnanna og vinna þannig með efnið útfrá undrun þeirra. Kennsluleiðbeiningarnar urðu færri en áætlað var vegna þess hve viðamikil og tímafrek sú vinna reyndist vera. Ekki var talin þörf á að gera kennsluleiðbeiningarnar fyrir ákveðinn aldur, heldur láta það í hendur starfsfólks að vinna út frá þeim í samræmi við getu barnahópsins hverju sinni. Jafnframt var ákveðið að útbúa hugmyndabanka að tónlistar-, myndlistar- og hreyfiformum sem uppsprettu að heimspekilegum samræðum – svokölluð óhefðbundin heimspekivinna. Ákveðið var að á fyrra árinu myndu leikskólakennarar leiða heimspekisamræðurnar í hópastarfi og leiðbeinendur

⁴⁸ Sjá bókalistann í fylgiskjali nr. 1.

myndu nota tímann til að undirbúa sig, læra spekina og leiða samræður seinna árið. Samhliða þessu var ákveðið að flétta heimspekilegan þankagang inn í alla þætti starfsins.

Þróunarverkefnið hófst formlega haustið 1999 og lauk vorið 2001. Ákveðið var í upphafi að vinna verkefnið í lotum og var því skipt niður í sjö vinnulotur, þrjár lotur veturinn 1999-2000 og fjórar lotur veturinn 2000-2001. Hver leikskólakennari fékk um það bil klukkustund í undirbúning vikulega, eða tvær stundir aðra hvora viku (fyrir utan sinn fasta undirbúning) til að vinna við skráningar. Þannig var talið tryggt að nægur undirbúningur yrði fyrir skráningar og að hægt væri að leggja mat á samræðustundirnar, meðal annars útfrá matsspurningunum okkar, svo sem: Sýnir barnið skapandi hugsun? Færir barnið rök fyrir máli sínu? Stærsti hluti styrkveitinganna fór í laun afleysingarstarfsmanns svo unnt væri að framkvæma þetta. Kennsluleiðbeiningar og samantektir á matsspurningum unnu leikskólakennarar í svokölluðum lotufríum. Þá voru leikskólakennarar leystir af í tíu klukkutíma til að sinna þessu (fyrir utan sinn fasta undirbúning).⁴⁹

Seinna árið var unnið áfram að gerð kennsluefnis með hliðsjón af skráningunum og heimspekítímarnir þróaðir áfram. Allt starfsfólkið tók þá þátt í heimspekivinnunni, fjórir leiðbeinendur og sex leikskólakennarar voru þá hópstjórar. Þar með var allt starfsfólkið farið að taka þátt í því að flétta heimspekina inn í daglegt starf Lundarsels. Allir fengu um það bil klukkustund í undirbúning á viku til að sinna skráningum úr heimspekítímum sínum. Leikskólakennarar voru leystir af til að vinna að kennsluefnisgerð átta klukkutíma á mánuði, yfir vetrarmánuðina. Í lotufríum unnu allir að samantektum sínum. Aftur fór stærsti hluti styrkveitingarinnar í laun afleysingarstarfsmanns. Til að vera sem best undirbúin fyrir verkefnið fór starfsfólk á ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra. Tveir leikskólakennarar fóru á heimspekiráðstefnu til Oxford sumarið 1999 og fengu til þess sérstakan styrk frá Akureyrarbæ. Á ráðstefnunni voru haldin mörg fróðleg erindi um heimspeki með börnum. Þar kom meðal annars fram að ung börn njóta þess að vera í samræðufélögum og að flétta ætti samræður inn í nám og vinnu barnanna. Einnig kom margt annað fram sem studdi hugmyndir okkar á Lundarseli fyrir væntanlegt verkefni. Sama haust og verkefnið hófst fóru leikskólakennarar á Lundarseli á námskeið hjá heimspekingunum Hreini Pálssyni og Sigurði Björnssyni. Á námskeiðinu var farið yfir hugmyndafræði barnaheimspekinnar, barnabókmenntir skoðaðar og gerð frumdrög að fyrstu kennsluleiðbeiningunum. Á skipulagsdegi síðla sama haust fékk allt starfsfólk Lundarsels ítarlega fræðslu um barnaheimspeki hjá Hreini Pálssyni.

Hreinn Pálsson heimspekingur kom aftur með ráðgjöf til allra starfsmanna Lundarsels, þar sem ýmsar spurningar höfðu vaknað eftir fyrsta veturinn og því margt sem starfsfólk þurfti að spyrja að og leita ráða um í upphafi seinna ársins.

⁴⁹ Sjá nánar um undirbúning, uppbyggingu og úrvinnslu heimspekivinnulotanna í kafla 5.1 og nánar um kennsluleiðbeiningargerð í kafla 4.2.

Upphaflega var áætlað að leikskólakennarar kæmu saman tvisvar í mánuði til funda um framgang verkefnisins en það reyndist of dýrt. Fundað var með umsjónarmanni, þrisvar sinnum fyrra árið - en vangaveltur áttu sér þó oftar stað! Fyrra árið stunduðu leiðbeinendur heimspekilega samræðu, í tveimur hópum, einu sinni í viku undir leiðsögn tveggja leikskólakennara í útiverutíma barnanna. Markmiðið með þessu var að efla færni og sjálfstraust alls starfsfólksins og að auðvelda því smám saman að taka þátt í að leiða heimspekilega samræðu með börnunum seinna árið.

Stefnan var að starfsfólkið héldi áfram með heimspekisamræður eða leshring tvisvar sinnum í mánuði út verkefnistímabilið en það reyndist ekki mögulegt vegna erfiðleika við að fá afleysingar og mikils kostnaðar. Einnig var stefnt að því að funda reglulega með umsjónarmanni, en það var gert einvörðungu þrisvar sinnum seinna árið. Að sjálfsögðu var verkefnið rætt á starfsmannafundum, deildarfundum og í kaffistofunni þar sem ráðleggingar og þælingar manna á milli áttu sér stað!

Til að kynna þróunarverkefnið fyrir foreldrum og gefa þeim innsýn í hvað fælist í barnaheimspeki var verkefnið kynnt fyrir þeim bæði í fréttabréfi og á upplýsingatöflum deildanna. Á aðalfundi foreldrafélagsins fyrri veturinn hélt Hreinn Pálsson fyrirlestur um barnaheimspeki.

Sami háttur var hafður á veturinn 2000-2001. Fréttabréf gefin út og á aðalfundi foreldrafélagsins sögðu tveir leikskólakennarar frá framvindu mála. Einnig var starfið alltaf sýnilegt foreldrum á svokölluðum skráningarvegg⁵⁰ í leikskólanum þar sem foreldrar gátu alltaf gengið að vísum upplýsingum um hvað var gert í heimspekítímunum. Þar voru hengdar upp skýringar í örstuttu máli frá hverjum tíma eða heilu samræðurnar. Þar mátti einnig finna ljósmyndir úr tímunum, teikningar og gullmola sem komu frá börnunum í samræðunum. Fyrirkomulag skráningarveggsins féll í mjög góðan jarðveg hjá foreldrum strax í upphafi og spurt var eftir skráningum ef þær af einhverjum ástæðum voru ekki til staðar strax.

Í lok seinna ársins tók hópstjóri verkefnisins innan Lundarsels að sér þá vinnu að safna saman gögnum okkar um verkefnið og gera grind að innihaldi skýrslunnar, samróma álit var hjá kennurum um að skila greinargóðri skýrslu um verkefnið.☺ Í byrjun sumars unnu leikskólakennarar saman að gerð skýrslunnar og um haustið 2001 unnu kennarar að loka frágangi kennsluleiðbeininga.

4.1 Heimspekitímarnir⁵¹

Í heimspeki er í raun hvergi hægt að fletta upp einföldum og endanlegum svörum en með því að taka þátt í iðkun heimspekinnar getur maður komist áleiðis. Heimspeki er nefnilega speki um heiminn, hún er til þess að leita svara við öllum hugsanlegum spurningum um tilveruna og allt sem við hugsum, trúum og gerum! Mikilvægt er þó að skilja ekki alla hluti eftir opna, sumt verður að hafa sína eðlilegu skýringu og stundum verða börnin að fá ákveðin svör.

Í barnaheimspeki er ekki verið að kenna heimspekifræði sem kennd eru í framhaldsskólum og háskólum, heldur er verið að kenna börnunum að temja sér gagnrýna hugsun og skapandi hugsun. Kenna þeim fræðigreini sem tekur á hinstu rökum og ástæðum hlutanna – skilningi okkar á veruleikanum. Samræður eru alltaf kjarninn í heimspekivinnu með börnum, hvort sem þau eru fimmtán ára eða á leikskólaaldri. Barnaheimspeki byggir á því að börnin mynda með sér samræðufélag sem býr yfir ákveðnu spurningar- og samræðuformi. Til að fræðast þarf maður oftast fyrst að spyrja, rétt eins og hann Ari litli sem spurði af einlægni að þessum grundvallarspurningum:

Aravísur.

-brot-

Hvar er heimsendir, amma?

Hvað er eilífðin, mamma?

Pabbi, af hverju vex á þér skegg?

Lifandi áhugi kennarans á grundvelli lífsins og mannlegri tilveru er frumskilyrði þess að stunda heimspeki með börnum. Heimspekilegur áhugi og skilyrðislaus virðing fyrir börnum og hugsun þeirra fleytir kennaranum býsna langt. Góður kennari kennir með því að vera til staðar í orðsins fyllstu merkingu, kennarinn þarf að leggja sig allan fram til að skilja, túlka, draga fram forsendur, leiða athyglina að afleiðingum og spyrja börnin spurninga sem leiða þau út úr ógöngum og ýta undir framrás samræðunnar. Kennarinn getur þá stuðst við ákveðna samræðuáætlun eða kennsluleiðbeiningar.

4.1.1 Hefðbundin heimspekivinna með börnum

Hefðbundinn heimspekitími byrjar á stuttum sögulestri, sem gefur möguleika á „samræðurannsókn.“ Það getur verið gott að segja börnunum hvað stendur til áður en lesið er. Að loknum lestri hefst samræðan þar sem kennarinn hvetur börnin til að ræða um efnið eða efnisatriði, svo sem sjónarmið sögupersóna, einstaka setningar, orð, hugmyndir, spurningar sem vöknuðu og það sem þeim þótti skrítið eða skildu ekki. Gott er að skrifa niður spurningar

⁵⁰ Sjá ljósmynd af skráningarveggnum í fylgiskjali nr. 2.

⁵¹ Texti fenginn úr fyrirlestri Helgu Maríu og Aðalbjargar á námskeiði við HA 2001.

barnanna með nafni á stórt blað eða töflu og velja svo viðfangsefnið eða ráðgátu til að ræða um. Síðan hefst samræðan og er þá um nokkra valmöguleika að ræða, til dæmis að nota spurningar barnanna eingöngu eða nota kennsluleiðbeiningar og verkefni til að byggja við og spinna við það sem börnin hafa að segja. Leitað er þá eftir því hvort verkefni í kennsluleiðbeiningunum tengist vangaveltum barnanna og keyra þá inn með tilbúnar spurningar og/eða spyrja inn í fyrirfram undirbúin verkefni.

Börn eiga að geta tengt það sem lesið er eigin reynslu, hugsunargangi og því heldur kennarinn fast í orðalag barnanna. Allir fá tækifæri til að tjá sig og það er hlustað á allar hugmyndir. Heimspeki með börnum krefst ákveðins samræðu- og spurningarforms eins og að nota ávallt opnar Sókratískar spurningar og þá varpa fram spurningum til glöggvunar eins og:

Geturðu útskýrt...? Hvað meinarðu...? Geturðu komið með dæmi...?

Eða þá spurningum sem krefjast raka eða sannana eins og:

*Af hverju finnst þér það...? Hvernig veistu það...? Geturðu tekið dæmi...?*⁵²

Samræðan gengur út á að börnin hugsu málin, spjalli saman og leiki sér að möguleikum. Í lokin er efnið í heild tekið saman af kennaranum og niðurstaða fengin, ekkert er athugavert við það þó ekki sé komist að einni sameiginlegri niðurstöðu.

Ekki má gleyma því að fyrsta skrefið í heimspekivinnunni er að kenna börnunum reglurnar, eins og:

Að rétta upp hönd til að fá orðið. Að sitja stillt. Að hlusta.

Næsta skref er síðan að læra að ná tókum á tækninni, sem er að kasta boltanum á milli, íhuga og einnig að skilja merkingu hugtakanna sem notuð eru í samræðunni eins og: Eruð þið sammála? Skilja börnin hvað sammála þýðir? Gott er þá að styðjast við gátlista til að fylgjast með tækni barnanna, eins og:

*Sýndi barnið skapandi hugsun? Spyr barnið spurninga? Skiptir barnið um skoðun?*⁵³

Tæknin sem kennarinn verður að tileinka sér er að nota opnar spurningar. Kennarinn verður að kunna að fara úr *fræðimannssætinu* yfir í hlustanda og leiðbeinanda. Hann verður að virða skoðanir, spurningar og vangaveltur barnanna, setja sig í þeirra spor og aðstoða þau við að orða hlutina, án þess að taka af þeim heiðurinn. Samræðuna þarf reglulega að draga saman svo samhengið sé öllum ljóst. Einnig er gott og jafnvel æskilegt að kennarinn fari yfir með sjálfum sér punkta og spurninga eins og:

⁵² Sjá lista yfir Sókratískar spurningar í fylgiskjöllum nr. 3.

⁵³ Sjá lista um tækni samræðunnar í fylgiskjali nr. 3.

*Mundi ég eftir að hvetja börnin til þess að færa rök fyrir máli sínu? Sýndi ég börnunum að hugmyndir þeirra vöktu áhuga minn? Bað ég börnin að koma með dæmi og spurði ég út frá þeim? Hvatti ég börnin til þess að spyrja hvert annað? Leiddi ég samræðuna þannig að áhugi barnanna hélst?*⁵⁴

Í raun er sama hvað er verið að kenna eða kynna, óháð námsgrein, ef áhugi er ekki til staðar hjá kennaranum eða ræðumanninum, þá er eins líklegt að þekkingin eða ávinningurinn muni ekki skila sér. Að ástunda heimspeki með börnum krefst fyrst og fremst kennara sem hefur trú á viðfangsefninu, er hreinskilinn, forvitinn og um leið gagnrýnn. Í leikskólum er vert að hafa í huga að „*allt sem kennarinn gerir, sem og það hvernig hann gerir það, hvetur barnið til að svara með einhverjum hætti, og hver svörun mótar viðhorf barnsins á einn eða annan hátt.*“⁵⁵

4.1.2 Óhefðbundin heimspekivinna með börnum

Í óhefðbundinni heimspeki er skapaður samræðugrundvöllur út frá öðru en sögutexta en þó stundum í tengslum við kennsluleiðbeiningar eða samræðuáætlanir. Heimspekilegar samræður ætti að tengja sem flestu til að skapa sem margbreytilegastan samræðugrundvöll, en alltaf er unnið út frá sama samræðu- og spurningarformi.

Tónlist og heimspeki eiga til dæmis margt sameiginlegt, hvoru tveggja á að virka sem upplifun, gleði og vekja okkur til lífs, veita innsýn, gera okkur að meiri manneskjum og næmari á lífið og tilfinningar. Tilvalið er að hlusta á stutt tóndæmi, íhuga hvort tónlistin sé glöð, reið eða sorgmædd. Ræða sérstaklega um hugtökin og merkingu þeirra. Einnig er gott að hvetja börnin til að hreyfa sig í takt við tónlistina, finna hrynjanda/rytma og spyrja börnin hvað tónlistin sé að segja okkur. Einnig er gott að hafa andlitsspjöld með mismunandi svipbrigðum til að flokka tónlistina og reyna síðan að koma „viti“ og skipulagi á sundurleitar hugmyndir okkar og hefja rannsókn á möguleikum. Eldri börn geta jafnvel glímt við að skilgreina hvað tilfinningar eru, eru þær tengdar viti eða skoðun, löngun eða eru þær lærðar? Ákveða tilfinningar okkar hvað er hið rétta og ranga? Tónlistin stendur nærri hjarta okkar og flest börn upplifa hana sterkt án orða – nefnilega tilfinningalega- sem skapar þá góðan samræðugrundvöll um siðferði, vináttu og svo framvegis.⁵⁶

Myndlist og heimspeki má tengja saman með því að fá börnin til að upplifa myndverkin, greina mismunandi tilfinningar og nota hugmyndir sínar sem kveikju að samræðum. Myndmáli má líkja við rússneskar dúkkur, svokallaðar babúskur. Þegar talað er um myndirnar þá opnast

⁵⁴ Sjá punkta fyrir kennara í fylgiskjölum nr. 3.

⁵⁵ Sbr. Dewey 1994:45.

þær eins og babúskur og nýtt og nýtt sjónarhorn kemur í ljós. Tilvalið er í myndlistarkrók að skapa umræður með því að biðja börnin að mála út frá umræðuefni síðasta tíma eða lesa sögu fyrst og mála hana síðan. Börnin skoða málin út frá mismunandi sjónarhornum og velta til dæmis fyrir sér hvaða gildi eru á bak við fegurðina. Hvað er fegurð? Er hún góð, vond og svo framvegis? Samræðan getur líka snúist um það, hverju börnin eru sammála og ósammála. Nýjar hliðar á málinu koma í ljós þegar skipt er um sjónarhorn og þannig öðlast börnin yfirsýn. Einnig er gott að biðja börnin að mála ákveðna tilfinningu og tengja þannig saman liti, tákn og tilfinningar. Fá börnin til að skilgreina tilfinningar sínar og skynjanir á þeim, tengja þær við reynsluheim sinn og leiða þannig samræðuna inn á heimspekilegar nótur. Einnig er tilvalið að stilla upp myndverki sem er ekki þekkt fyrir börnunum og biðja þau að benda á hvað sé skrítið við myndina eða höfði sterkast til þeirra, því börn túlka oft myndir á mjög táknrænan og næman hátt. Hægt er að vekja athygli barnanna á verkinu, fá þau til að velta fyrir sér innihaldi þess, formi, litum og fleira. Deila má með þeim hvernig þau og þú upplifa verkið, jafnvel gera listaathugun sem felst í því að flokka verk eftir stærð, formi, litum, abstrakt og fleiru.⁵⁷

Tjáning og heimspeki á vel saman því að mörgum börnum finnst þægilegt að nota líkamann, stórar hreyfingar og tilfinningar sínar þegar þau segja frá einhverju spennandi. Fá börnin til að æfa sig í að spá fyrir um hugsanir og líðan annarra og velta fyrir sér mannlegu atferli.⁵⁸

Hlutverka- og þykjustuleikir, þar sem eiga sér stað samræður sem endurspegla oft hið daglega líf á einfaldan og skemmtilegan hátt. Tilvalið er að grípa boltann í slíkum leikjum þar sem oft skapast frábærar samræður í leiknum.

Sköpunar- og byggingaleikir, þar sem einingarkubbar eru fjölbreyttur efniviður. Hægt er að íhuga hvernig hlutir stækka og hvers vegna. Á meðan börnin byggja og skapa hlustar kennarinn á leikinn og spyr út frá honum, kennarinn grípur setningar eða hugmyndir barnanna á flugi og skapar samræður samhliða leiknum.

Skyn- og hreyfileikir bjóða upp á umræðu um hvað er líkamlega mögulegt eins og: Er hægt að stökkva yfir tunglið? Er hægt að teygja sig til himins? Í lok leikfimitímans er hægt að spyrja: Hvað var skemmtilegast að gera og hvers vegna? Þannig æfast börnin á einfaldan máta í að færa rök fyrir máli sínu.

Ýmiskonar **þemaverkefni** er hægt að tengja við heimspeki, þar sem lögð er áhersla á að barnið nái að máta eða tengja þemafræðsluna í allri sinni mynd við sjálft sig með hjálp samræðna.

⁵⁶ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 2000.

⁵⁷ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 2000.

⁵⁸ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 2000.

Háleitasta markmiðið þróunarverkefnisins var að flétta heimspeki í daglega starfið, tengja hugmyndafræði barnaheimspekinnar sem flestu í dagskipulagi leikskóla. Við teljum að raunhæft sé að vinna með ungum börnum í heimspekilegum samræðutímum, en sögu-, tónlistar-, hreyfingar- og myndlistarformin skapi misgóðan samræðugrundvöll og þá sé nauðsynlegt að læsast ekki í einu formi heldur skapa tilbreytingu. Allir sem þekkja til barna vita að þau undrast um lífið og tilveruna og við teljum að viðhorf leikskóla og leikskólakennara hafi mikið að segja varðandi forvitni, undrun og rannsóknarviðleitni barna. Starfsumhverfið þarf að bjóða upp á opnar spurningar eins og: Hvað? Hvernig? Hvers vegna? Hvað ef.. ? Hvað þá..?⁵⁹

Heimspeki með börnum er ein tegund leiks. Í daglega starfinu þarf starfsfólkið að vera vakandi fyrir möguleikunum sem felast í dagskipulaginu. Við erum allstaðar að tala við börnin í samverustundum, fataherberginu, við matarborðið og í sandkassanum og þar gildir að grípa boltann á lofti og láta hann ganga, ekkert skipulagt, heldur orð gripin á lofti í því daglega. Til dæmis í hlutverkakrök heyrir „Ég safna dúkkum“ og þá grípur kennarinn boltann og spyr: Nú, hverju er hægt að safna? Er hægt að safna kennurum eða tunglum? Í fataherberginu mætti kennarinn byrja á tengileik eins og: Þegar ég hugsa um tær þá detta mér í hug skór og þegar þú hugsar um skó hvað dettur þér næst í hug?

Heimspeki snýst um mannlega breytni og mannleg samskipti sem er stór uppeldisþáttur í hverjum skóla. Mannleg samskipti vekja stöðugt upp spurningar um rétt og rangt, viðeigandi og óviðeigandi. Við teljum að heimspekivinna með börnum sé góð leið til að takast á við slík álitamál og læra af þeim – börn og fullorðnir. Án málefnalegar og gagnrýnnar umræðu er tóm mál að tala um lýðræði eða kennslu í því. Leikskólar kappkosta að efla alhliða þroska barna og við teljum að heimspekin geti vegið þar þungt á vogarskálinni.

4.2 Kennsluleiðbeiningagerð og sýnishorn

Í heimspekítímum, hefðbundnum eða óhefðbundnum, er gott að styðjast við kennsluleiðbeiningar eða tilbúna samræðuáætlanir, sem byggðar eru upp frá auðveldum/einföldum dæmum til erfiðra/flókinna, frá hinu einstaka til hins almenna. Kennsluleiðbeiningarnar eru hugmyndabanki og innihalda vangaveltur um tilvist og margræðni hluta og hugtaka, gildir eitthvað um allt, gildir eitthvað ef..., hver eru viðmið reglna og hefða? Leiðbeiningarnar innihalda jafnframt æfingar um sundurgreiningar, hvað er líkt og ólíkt og hraðaspurningar sem bjóða upp á *já* og *nei* svör sem leiða ef til vill að stærstu heimspekisurningunum sem snúa að hinu sanna, fagra og góða í heimi hér. Síðast en ekki síst byggjast samræðuáætlanir upp á rannsóknarspurningum þar sem málin eru krufin til mergjar.

⁵⁹ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 2000.

Hins vegar er það á mælisvert ef kennarinn vinnur eingöngu út frá kennsluleiðbeiningum og eigin hugmyndum. Samræðurnar þurfa að tengjast hópnum og því sem börnunum finnst áhugavert eða skrítið, þess vegna unnum við kennsluleiðbeiningarnar á ýmsa vegu á Lundarseli, bæði fyrir heimspekítímanna og svo bættum við inni í leiðbeiningarnar athugasemdum barnanna eftir tímana, hugmyndum þeirra að samræðudagskrá eða verkefnum.

Við gerð kennsluleiðbeininga er hægt að byrja á því að skipuleggja hvern tíma, ákveða lengd sögutextans sem lesa á í hverjum tíma og meginatriði hvers textabúts þá dregin fram í kennsluleiðbeiningunum.

Dæmi: Kvöldsögur – snjókarlinn eftir Þorgrím Þráinsson. Sagan segir frá strák sem byggir snjókarl og snjókarlinn biður hann að fljúga með sér til fjarlægs lands til að gefa veikum strák leikföng, í lokin bráðnar snjókarlinn. Kennsluleiðbeiningarnar taka meðal annars á spurningum og vangaveltum um gerð, stærð, eiginleika og hlutverk snjókarla. *Dæmi um spurningar:* Hvar eiga snjókarlar heima? Verður snjókörlum kalt? Eru til heitir snjókarlar? Snjókarlar þurfa...?

Sögutextinn um Snjókarlinn hentar í sex heimspekítíma og kennsluleiðbeiningarnar eru í sjö liðum, þar sem tilvalið er að blanda saman hefðbundnum og óhefðbundnum tímum, til dæmis bjóða börnunum að teikna hver sinn snjókarl og á meðan þau teikna er síðan hægt að halda uppi samræðum.

Einnig er hægt að vinna kennsluleiðbeiningar fyrirfram út frá einstaka orðum, þau eru þá opnuð, skilgreind, metin og leikið með þau.

Dæmi: Sagan af skessunni sem leiddist, höfundur er Guðrún Hannesdóttir. Sagan fjallar um einmana skessu sem fer að leita sér að vini. Kennsluleiðbeiningarnar eru byggðar á tilfinningahugtökum með mörgum mismunandi verkefnum. Dæmi: ***Ef þá, verkefni:*** Mikið væri gaman *ef* fiskar gætu flogið *þá* ... Mikið væri gaman *ef* allir dagar væru frídagar *þá* ... Mikið væri gaman *ef* snjórin væri úr sykarpúðum og poppi *þá* ...

Sagan er tilvalin með vináttu- og tilfinningaþema. Óhefðbundin heimspekivinna býður uppá marga möguleika, svo sem að vinna með börnunum í spuna, til dæmis dansa með silkiborðum og prófa hugtakið „gaman.“ Er hægt að þykjast finnast eitthvað

gaman? Er til eitthvað sem öllum finnst gaman? Þannig er unnið áfram með hugtakið gaman, ástæðuna, tilfinninguna eða andstæðuna.

Við vinnu á kennsluleiðbeiningum er best að blanda mismunandi tækni og vinklum saman, rannsaka hlutina áður en þeir eru viðurkenndir og vera sífellt að finna uppá fleiri spurningum, finna eitthvað í sögutextanum sem börnin hnjóti um. Hvað skiptir máli? Hvaða ályktun getum við dregið út frá gjörðum sögupersónunnar? Hvað gæti gerst næst? Hvað er hið rétta? Hvað er ekki vitað? Hvað þýðir hugtakið? Hvað finnst börnunum fyndið? Skrýtið? Leiðinlegt? Hverjar verða líklega uppástungur þeirra að samræðu? Hvað finnst þeim fyndið?

Dæmi: Núna heitir hann bara Pétur eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Bra, bra, bra, hvaða vitleysa, sagði mamma önd. Hún hélt að amma önd væri bara gömul og kölluð. Og andarungarnir ætluðu að springa úr hlátri yfir því hvað amma var rugluð. Bra, bra, sagði mamma. Nú fæ ég mér bita. Og hún greip stóran bita á lofti og þau biðu öll. Bitinn kom í stórum boga út úr mömmu og skall á höfðinu á montnasta stegnum á Tjörninni. Heimsku önd sagði hann. Geturðu ekki gubbað heima hjá þér?

Á meðan textinn var lesinn hlógu börnin þegar mamma önd sagði *Hvaða vitleysa*. Þess vegna var þetta atriði gripið á lofti og sett í kennsluleiðbeiningarnar. Dæmi:

Hvað gerir eitthvað að vitleysu?

Hvernig getum við vitað að eitthvað sé vitleysa (fordómar)?

Hvað er vitleysa, skiptir máli hver segir að eitthvað sé vitleysa?

Síðan er gott að búa til spurningabunu eins og:

Er eitthvað vitleysa ef vinur minn segir það?

Er eitthvað vitleysa ef kennarinn segir það?

Er eitthvað vitleysa ef mamma segir það?

Er eitthvað vitleysa ef forsetinn segir það?

Er eitthvað vitleysa ef lögreglan segir það?

Skilgreina þannig hugtakið „vitleysa“ í sameiningu og meta aðstæður.

Margar kennsluleiðbeiningar byrja á ráðleggingum um hvað kennarar eiga að gera og hvað þeir eiga að forðast og hér er engin undantekning.⁶⁰ Meginreglan er sú að ætíð þarf að finna hinn

⁶⁰ Ýtarefni = Í inngangsorðum Hreins Pálssonar í kennsluleiðbeiningum með **Uppgötvun Ara** eru hugleiðingar um kennsluhætti og samræðutækni fyrir kennarann.

gullna meðalveg í afskiptum kennarans í samræðufélaginu, því eins og margoft hefur komið fram þarf að vinna út frá spurningum barnanna og þælingum.

5.1 Lota eitt til sjö

Loturnar voru sjö á þessu tveggja ára tímabili, þrjár fyrra árið og fjórar það seinna. Þær voru með ýmsu sniði, tóku breytingum og þróuðust bæði vegna verkefnisins og barnahópsins. Skýrast er að skoða breytingar og þróun lotanna í töflu hér að neðan.

Loturnar	Fjöldi hópa í húsínu	Fjöldi barna í hóp	Aldur barnanna	Tímalengd í hefðbundinni heimspeki	Tímalengd í óhefðbundinni heimspeki	Hve oft í viku hefðbundin	Hve oft í viku óhefðbundin	Hópstjórar	Tímabil	Starfsmanna samræður
Lota 1	11	5-10	3-5	30 mín.	45 mín.	1x	1x	Kennarar	04.10-26.11 1999	1x í viku
Lota 2	10	5-10	3-5	30 mín.	45 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar	17.01-17.03 2000	1x í viku
Lota 3	10	5-10	3-5	30 mín.	45 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar	27.03-05.05 2000	1x í viku
Lota 4	12	5-8	3-5	45 mín.	60 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar og leiðbeinendur	02.10-03.11 2000	
Lota 5	12	4-8	3-5	45 mín.	60 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar og leiðbeinendur	13.11-15.12 2000	
Lota 6	12	4-8	3-5	45 mín.	60 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar og leiðbeinendur	08.01-16.02 2001	
Lota 7	12	4-8	3-5	45 mín.	60 mín.	1x	Aðra hverja viku	Kennarar og leiðbeinendur	26.02-06.04 2001	

Helstu breytingar voru þær að við fækkuðum óhefðbundnu heimspekítímunum strax eftir lotu eitt, því gríðarleg vinna fór í að skrá þessa tíma. Þá áttum við í upphafi í erfiðleikum með að gera óhefðbundna heimspeki heimspekilega, að fá heimspekিপælingar hjá börnunum. Auk þess var stundum erfitt að skrá þessa tíma, hlusta á diktafóna, þar sem ekki voru gerðar sömu agakröfur og í hefðbundnu tímunum. Einnig vildum við auka fjölbreytni í tímunum fyrir börnin og bjóða öðrum starfsmönnum að sjá um almenna hópastarfsvinnu svo sem leikfimi. Það var þó einn hópur sem hélt fast í sína óhefðbundnu tíma, fækkaði þeim ekki, þar sem hópstjóri taldi það henta barnahópnum betur, börnin voru frjórri í þessum tímum.

Einnig urðu smá breytingar í upphafi á fjölda hópanna, þeim fækkaði úr ellefu í tíu. Tveir hópar af fjöggra ára börnunum voru sameinaðir í einn þar sem það vantaði oft börn í þá og þeir

oft fámennir. Seinna árið voru hóparnir orðnir tólf, leikskólinn hafði stækkað og því fleiri börn. Breytingar urðu á samsetningu hópanna, þeir urðu deildarhreinir og fjöldi barna í hóp raðaðist niður eftir aldri eða fjölda barna fyrir og eftir hádegi í hverjum árgangi.

Tímalengd í hefðbundinni og óhefðbundinni heimspekivinnu breyttist á seinna árinu. Við máttum það svo að við þyrftum lengri tíma og að börnin hefðu getu til þess. Einnig hentaði það skipulaginu innanhúss. Leiðbeinendur komu að verkefninu frá lotu fjögur sem hópstjórar. Aðrar stórar breytingar á verkefnistímabilinu voru þær að leikskólastjóraskipti urðu og tveir þátttakendur hættu eftir fyrra árið en tveir nýir bættust í hópinn. Jafnframt aldursskiptum við deildunum á miðju tímabilinu – börnin fluttust á milli deilda.⁶¹

Í lotuhléum unnu hópstjórar samantekt á því hvernig þeim fannst heimspekítímarnir hafa gengið, hvort börnin skildu hugtökin og hvort þau væru búin að ná valdi á tækninni. Þetta var gert til þess að heildarmatið yrði ekki eins huglægt og til að taka púlsinn á verkefninu. Þannig næðist heildarmynd þar sem um er að ræða mismunandi barnahópa á mismunandi aldri og með mismunandi hópstjóra. Því var nauðsynlegt að ganga út frá sömu spurningum við samantektirnar. Hópstjórar svöruðu sömu matsspurningum út frá skráningum sínum og notuðu sýnishorn af þeim sem rökstuðning.

Spurningarnar tengdust meðal annars gagnrýnni og skapandi hugsun, atriði eins og:

Fundu börnin nýjar ráðgátur eða nýja vinkla á sögunni?

Spyr barnið spurninga?

Rökstyður barnið mál sitt?

Setur barnið fram tilgátu?

Skiptir barnið um skoðun?

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Að auki bættist við á seinna árinu spurningin:

Sýnir barnið skapandi hugsun?

Spurningarnar tengdust líka hegðun barnanna, atriði eins og:

Hjálpar barnið hinum?

Hlustar barnið á aðra?

Biður barnið um orðið?

Tekur barnið tillit til annarra?

Einnig voru skráð niður atriði eins og:

Hvað gekk upp og hvað ekki?

Hvað gerðum við í óhefðbundinni heimspeki?

⁶¹ Sjá nánar um breytingar leikskólans í kafla 3.1.

Þessi matslisti kom sér vel við að útbúa æfingar og spurningar og gafst vel við að meta árangur og virkni bæði barnanna og hópstjóranna. Einnig bar öllum saman um að auðvelt væri að vinna eftir þessum lista. Í samantektunum á lotunum hér á næstu blaðsíðum kemur ekki fram hvaða bækur var verið að vinna með hverju sinni en bókaval hópanna var fjölbreytt með tilliti til innihalds og lengdar bókanna. Eftirfarandi bækur voru í notkun í þessum sjö lotum:

Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni)

Blómin á þakinu eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur

(Kennsluleiðbeiningar, einnig var sumarþema skipulagt út frá bókinni – útbúin þemamappa.)

Gullfjöðrin eftir Áslaugu Jónsdóttur

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni fyrir yngstu börnin)

Iðunn og eplin endursagt af Iðunni Steinsdóttur

(Kennsluleiðbeiningar með bókinni ennþá í vinnslu)

Krókópókó eftir Helgu Ágústsdóttur

(Ekki unnar kennsluleiðbeiningar með bókinni - stuðst við boðskapinn í sögunum)

Kvöldsögur eftir Þorgrím Þráinsson

(Kennsluleiðbeiningar fyrir tíma unnar með bókinni)

Núna heitir hann bara Pétur eftir Guðrúnu Helgadóttur

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni)

Sagan af Músa-mús eftir Sigrúnu Birnu Birnisdóttur og Moshe Okon

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni)

Sagan af Skessunni sem leiddist eftir Guðrúnu Hannesdóttur

(Kennsluleiðbeiningar fyrir hefðbundna og óhefðbundna tíma unnar með bókinni)

Stjörnusiglingin eftir Áslaugu Jónsdóttur

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni)

Úlla horfir á heiminn eftir Kára Tryggvason

(Kennsluleiðbeiningar unnar með bókinni ennþá í vinnslu)

Þjóðsögur við sjó ritstýrt af Baldri Hafstað og Willumsen, Hogh, Mikkelsen, Sondergaard.

(Kennsluleiðbeiningar unnar með þjóðsögu)

Einnig var unnið út frá hugmyndabanka leikskólans af óhefðbundinni heimspekivinnu og samræðuáætlun með þeirri vinnu.

5.1.1 Samantekt á lotu eitt

Við ákváðum að setja allar heildarsamantektir inni þessa skýrslu til að sýna hvað börnin hafa verið að bralla! Hver hópstjóri vann samantektir út frá skráningum á sínum hóp og síðan voru samantektir hópanna teknar saman í heildarsamantekt.

Spyr barnið spurninga?

Hóparnir hafa verið misspurulir, sennilega af ýmsum ástæðum svo sem að þau voru mörg í nýju umhverfi, að læra fyrirkomulag tímanna og fleira. Yngstu börnin voru ef til vill frjóst með stanslausri spurningabunu og frásagnargleði sem tengdist þó ekki alltaf umræðuefni okkar eða síðustu spurningum. Dæmi, hjá þriggja ára. **Sp:** *Hvað getur stækkað? Getur hús stækkað?* **Barn:** *Hvað heldur þú að ég hafi fengið í jólagjöf?* **Barn:** *Hvers vegna getur maður týnt vettlingum?* (svör við sp.)

Rökstyður barnið mál sitt ?

Fyrst áttu börnin erfitt með að rökstyðja mál sitt vegna þess að þau voru að læra til hvers var ætlast. Fyrstu tilraunir þeirra til að rökstyðja spruttu út frá tengingum eins og „*sko, frændi minn sagði/prófaði einu sinni*“ eða „*ég sá það í sjónvarpinu*“.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Geta hús verið falleg?

Barn: Já, til dæmis með jólaskrauti.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Meiðir það einhvern að vera dónalegur?

Barn 1: Já.

Sp: Hvernig meiðir það?

Barn 2: X og Y tóku einu sinni vegasalt af stelpum eftir hádegi.

Sp: Hvernig fannst þér það?

Barn 2: Ekki allt í lagi.

Sp: Eruð þið sammála barni 2?

Flest: Já.

Sp: Er það það sama að vera óþægur og dónalegur?

Nokkur: Nei.

Sp: Hvaða munur er á því?

Barn 3: Einu sinni fórum við í Jólalandið og það var marga fólk þar og það kom einn maður og hann tók af okkur borðið.

Sp: Og hvað fannst þér um það?

Barn 3: Það var ljótt af honum og mér fannst hann dónalegur.

Sp: Eruð þið hin sammála?

Öll: Já.

Sp: Er í lagi að vera dónalegur ef maður er reiður?

Stelpurnar: Nei.

Barn 4: Já.

Sp: Af hverju er í lagi að vera dónalegur ef maður er reiður?

Barn 4: Mér finnst það bara í lagi, því það er svo gaman.

Setur barnið fram tilgátu?

Börnin gerðu ekki mikið af því að setja fram tilgátur en voru að byrja að prófa sig áfram í þeirri list.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvernig skapar Guð okkur?

Barn 1: Hann setur eitthvað svona á okkur og síðan skapar hann okkur.

Barn 2: Já, svona geisla og þá erum við lifandi.

Barn 1: Stundum kemur maður ekki úr geislanum þegar sett er geisli ofan á, þá kemur maður ekki.

Skiptir barnið um skoðun?

Börnin áttu sjaldnast í vandræðum með að skipta um skoðun, þau voru dugleg við að þróa samræðuna í sameiningu.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getið þið bent mér á eitthvað sem er fallett og er ekki lifandi?

Barn 1: Já, hár.

Sp: Er hár ekki lifandi?

Barn 1: Nei, það er bara eins og grasið.

Sp: Er gras ekki lifandi?

Barn 2: Jú, það vex.

Barn 3: Já, alveg eins og hárið á þér.

Barn 1: Já, hárið er lifandi.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað þýðir það þegar eitthvað er vitleysa?

Barn 1: Það er að vera ruglaður og vita ekki neitt.

Barn 2: Ég er sammála. Ef maður er sammála er maður með sömu skoðun.

Barn 3: Ég er líka sammála.

Barn 4: Ég líka.

Barn 5: Ég líka.

Barn 6: Ég er ekki sammála. Það er að vera vitlaus.

...

Sp.: Það sem kennari segir manni getur það verið vitleysa?

Allir: Nei.

Barn 1: Jú, hann getur sagt vitleysu, ég skipt um skoðun. Kannski segir hann óvart eitthvað vitlaust.

Barn 3: Kennari getur einhverntíman sagt vitleysu.

Sp.: Eruð þið þá öll búin að skipta um skoðun? Þið sögðuð öll áðan að hann gæti ekki sagt vitleysu.

Flestir: Hann getur það stundum.

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Börnin eru stöðugt að læra að tengja saman orsök og afleiðingu á sinn hátt.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Það er ekki í lagi að pissa á sig þegar maður er orðinn svona stór.

Sp: Af hverju er það ekki í lagi?

Barn 1: Ég veit það ekki.

Barn 2: Það er allt í lagi að pissa á sig þegar maður er pínulítill. Það er allt í lagi að pissa í bleiuna sína.

Barn 3: Já þá er maður með bleiu.

Barn 4: Í gamla daga þá voru ekki til bleiur, þegar börnin voru búin að kúka eða pissa á sig, þá þurfti alltaf að skola bleiuna og þau notuðu hana svo aftur og aftur og aftur.

Sp: En hvernig er það núna?

Barn 4: Þá hendir maður bleiunni og notar bara aðra. Þær eru til margar í heilum pakka.

Barn 3: En hvað þegar maður klárar bleiurnar allar úr pakkanum?

Barn 4: Þá kaupir maður bara nýjar.

Barn 3: En ef það eru ekki til peningar?

Barn 4: Já kannski eru ekki til peningar að kaupa bleiur, þá fer maður bara í banka og fær peninga.

Barn 5: En ef maður er búin að klára alla peningana úr bankanum?

Barn 4: Ef maður á ekki peninga þá er ekki hægt að kaupa nýjar bleiur.

Sp: Haldið þið að það sé betra að nota bleiur sem hægt var að þvo eins og barn 4 var að segja okkur frá að hafi verið gert í gamla daga?

Mörg: Já.

Barn 3: Út af því, ef maður mundi klára peningana sína og bleiurnar eru allar búnar, þá á maður engar og getur ekki keypt þær.

Sp: Eruð þið sammála um að það sé í lagi að pissa á sig ef maður er pínulítill og með bleiu eins og barn 2 sagði?

Öll: Já.

Hjálpar barnið hinum?

Börnin komu oft með tillögur að svörum og sniðugum lausnum, til dæmis þegar eitthvert þeirra hélt einhverri skoðun fram sem það gat síðan illa rökstutt, þá hjálpuðu þau oft hvort öðru. „*Hvers vegna finnst þér skemmtilegast að klifra í rimlunum?*“ Barnið gat ekki sagt til um hvers vegna því þætti það skemmtilegast og bauðst þá hópurinn til að aðstoða hann við að skilgreina hugsanir sínar betur með því að koma með tilgátturnar: „*Finnst þér gaman að leika í rimlunum inná sal af því að þér finnst gaman að hanga, teygja á höndunum eða vera hátt uppi í lofti, ha?*“

Hlustar barnið á aðra?

Börnin voru fljót að finna út að ekki var gott að allir töluðu í einu. Í einum hópnum hugkvæmdist þeim sjálfum að það yrði að rétta upp hönd til að fá orðið. Börnin gripu oft fram í eða byrjuðu að tala saman tvö og tvö þannig að lítlir samræðuhópar mynduðust innan stóra hópsins. Börnunum gekk yfirleitt vel að hlusta á aðra og bíða eftir að röðin kæmi að þeim í upphafi tímanna, en þegar á leið var oft erfiðara fyrir börnin að gefa sér tíma til að bíða og að hlusta á hugmyndir annarra.

Biður barnið um orðið?

Í upphafi tímans mundu flest öll börnin eftir því að biðja um orðið með því að rétta upp hönd eða „*heyrðu má ég aðeins biðja núna um orðið?*“

Tekur barnið tillit til annarra?

Börnin tóku tillit til hvers annars að því leiti að þau hlustuðu oftast, létu hvort annað í friði og virtu hugmyndir hvers annars, eins og:

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Já, ég skil, þú ert að meina að hús getur stækkað eins og kubbar. (kubbahús)

Barn 2: Já.

Barn 1: Hvernig þá, ýtir þú saman húsum?

Barn 2: Ekki ég, bara vinnumennirnir sem gera svona og stækka strompinn.

5.1.2 Samantekt á lotu tvö

Fundu börnin ráðgáttur-nýjan vinkil á sögunum?

Það kom nýr vinkill hjá börnunum en ekki alltaf hjá þeim yngri. Börnin voru upptekin af hugtakinu *að vera blindur* en það var ekki inní grunnkennsluleiðbeiningunum. Einnig þótti þeim áhugavert og umhugsunarvert að íhuga *hvort Krummi sé glæpafugl* en í kennsluleiðbeiningum okkar kennaranna er þennan punkt ekki að finna.

Spyr barnið spurninga?

Börnin spyrja meira og rökræða hvert við annað. Yngri börnin eru meira í því að spyrja um það sem þeim finnst skrytið í sögunni.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Hvað er písl?

Sp: Hvað heldur þú að það sé?

Barn 1: Ég veit það ekki, mér finnst þetta skrytið orð.

Sp: Veit einhver hvað orðið písl þýðir?

Öll: Nei.

Sp: Hvað haldið þið að það sé?

Öll: Veit það ekki.

Sp: Þá skal ég segja ykkur það. Það er einhver eða eitthvað sem öðrum finnst vera lítið eða minna en það á að vera.

Barn 2: Já, eins og bróðir minn.

Sp: Finnst þér hann vera písl?

Barn 2: Sko, hann er pínulítil.

Barn 3: Þá eru pöddur písl.

Sp: Eruð þið sammála?

Öll: Já.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum. Við vorum í lotunni að æfa okkur að spyrja gagnlegra spurninga með því að spila heimspekispilið – „*Er ég banani?*“

Barn 1: Er ég dýr?

Barn 2: Já.

Barn 1: Er ég gæludýr?

Barn 3: Nei.

Barn 1: Syndi ég?

Barn 2: Nei.
Barn 1: Hvað er ég með margra fætur?
Barn 3: Enga.
Barn 1: Er ég slanga?
Barn 2: Já.

Rökstyður barnið mál sitt?

Þau eru flest farin að rökstyðja mál sitt, einnig í daglegum venjum eins og í fataherberginu, „*Það er sko bannað að segja bara.*“

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.
Sp: Af hverju finnst þér gulur litur fallegur?
Barn 1: Af því hann er svo bjartur.
Sp: Af hverju finnst þér ömmur góðar?
Barn 2: Af því þær elda mat.
Sp: Af hverju finnst þér bangsar fallegir?
Barn 3: Af því þeir eru svo mjúkir.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.
Sp: Hvað er að vera latur?
Barn 1: Að nenna ekki að gera neitt.
Barn 2: Að borða ógeðslega mikið og svo bara að horfa á sjónvarpið líka.
Barn 3: Ég er sammála.
Barn 1: Liggja í leti, horfa á sjónvarpið og borða mikið, það er að vera latur.
Barn 4 og barn 5: Ég er sammála.
Sp: Hvernig verður maður latur?
Barn 6: Ef maður er lúinn.
Barn 7: Að liggja í leti það er að vera latur.
Mörg: Sammála barni 7.
Barn 4: Að vera sveittur.
Barn 3: Ég veit ekki hvernig maður verður latur.
Sp: Er gott eða vont að vera latur?
Barn 2: Það er vont því þá verður maður aumur.
Barn 1: Þá verður maður ekki hraustur.
Mörg: Sammála barni 2.
Barn 7: Það er vont að vera latur. Þá gerir maður ekki neitt. Bara liggur í leti.
Sp: Hvað gerist ef maður gerir ekki neitt?
Barn 1: Þá gerist ekki neitt.
Barn 5: Mér finnst vont að vera latur. En ég veit ekki af hverju.
Sp: Má einhver vera latur?
Flest: Já.
Sp: Af hverju má það?
Barn 3: Það er bara af því að maður ræður því sjálfur.
Sp: Má maður alltaf vera latur?
Öll: Nei.
Mörg: Því þá gerist ekkert.
Sp: Eru allir einhvern tímann latir.
Sp: Af hverju ekki? Latir?
Öll: Já.
Barn 2: Sérstaklega á morgnana þegar þeir sofa.
Barn 1, barn 7 og barn 3 voru sammála barni 2.
Sp: Af hverju er maður latur á morgnana?

Barn 3: Þá nennir maður ekki á fætur. Það er svo þægilegt að liggja í rúminu.

Barn 2: Þá er maður þreyttur.

Setur barnið fram tilgátu?

Tilgátum barnanna hefur fjölgað, þau eru farin að nota sögur og ævintýri sem verkfæri til að skýra tilgátur sínar.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Er hægt að búa í tölvu?

Börnin: AHH nei.

Barn: Jú, ég veit tölvuvírus á heima í tölvum.

...

Sp: Er hægt að búa í vinum?

Mörg börnin: Ja nei.

Barn: Jú, það er svolítið hægt sko ef maður hugsar um einhvern vin þá er vinurinn inn í honum.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvað er þetta?

Barn 1: Þetta er sól auðvitað.

Sp: Er hún lifandi?

Barn 1: Nei, hún getur ekki hreyft sig.

Sp: Er hún ekki lifandi?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Jú, hún fer í kringum allan hnöttinn.

Barn 1: En hún er samt ekki lifandi.

Barn 2: Jú.

Sp: Þið eruð ekki sammála hérna, barn 2 segir að hún sé lifandi og barn 1 segir að hún sé það ekki. Getum við komist að því hvort hún er lifandi?

Barn 2: Já, ég.

Sp: Hvernig getum við komist að því?

Barn 3: Í flugvél.

Barn 4: Nei.

Barn 2: Þá springur flugvélin.

Barn 3: Nei.

Barn 2: Jú það er svo heitt. Sólin er svo voðalega heit.

Barn 3: Nei hún er svo köld.

Barn 1: Kannski í eldflaug?

Barn 2: Nei.

Sp: Ég held við getum kannski ekki komist að þessu.

Barn 3: Jú í flugvél.

Barn 2: Nei, hún springur ég var búin að segja þér það.

Sp: En heldurðu að flugvélin geti komist svona hátt?

Barn 4: Nei, svo geturðu bara dáíð.

Skiptir barnið um skoðun?

Já, þeim hefur farið fram, það er auðveldara að skipta um skoðun.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Er hægt að vera vinur fullorðins?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Nei.

Barn 3: Amma er bara amma mín.

Sp: Skessan þarf því að leita að vini sem er jafn gamall og hún eða hvað?

Barn 3: Nei, finna einhverjar stelpur og leika við þær. Eða finna konu sem er fullorðin.

Sp: Er þá hægt að vera vinur fullorðins?

Barn 1 og 2: Já.

Barn 3: Já, amma er líka vinur minn.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Eru til tröll á Íslandi?

Barn 1: Bara í útlöndum.

Barn 2: Nei það er ekki neinstaðar til tröll.

Barn 1: Jú í útlöndum.

Barn 2: Nei ekki neinstaðar nema í sögum.

Barn 1: Já og ævintýrum.

Sp: Eru til tröll í útlöndum?

Barn 1: Nei bara í sögum og ævintýrum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Geta steinar verið sóðar?

Flest: Nei.

Barn 1: Bara ef þeir eru lifandi.

Barn 2: Sammála.

Barn 3: Já, steinar eru ekki lifandi og ekki með hendur eða fætur.

K Sp: Af hverju eru steinar ekki lifandi?

Barn 3: Af því að þeir eiga ekki að vera lifandi. Maður verður að hafa augu, eyru og fætur til að vera lifandi.

Sp: Eruð þið sammála barni 3?

Öll: Já.

Sp: Hver ræður því hvað er lifandi?

Barn 3: Guð ræður því.

Barn 1: Gras er lifandi.

Sp: Barn 3 og fleiri sögðu að maður gæti ekki verið lifandi nema hafa augu, eyru og fætur. Hefur gras þetta?

Öll: Nei.

Barn 1: Það vex.

Sp: Ef maður vex er maður þá lifandi?

Sum: Já.

Barn 4: Neglurnar vaxa. Og þær eru ekki lifandi.

Sp: Þarf maður þá ekki endilega að hafa augu, eyru og fætur til að vera lifandi?

Öll: Nei kannski ekki allt þetta.

Sp: Eru þið þá búin að skipta um skoðun?

Barn 3: Já.

Sp: Hvað þarf þá til að vera lifandi?

Barn 6: Guð. Hann skapaði allt.

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Það gengur vel að biðja börnin að sýna fram á samhengi orsaka og afleiðinga, þriggja ára börnin rugla þessu þó stundum, setja afleiðinguna á undan orsökinni!

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Barn 1: Skessan á engan vin því henni leiðist.

Sp: Sammála?

Allir: Já.

Barn 2: Hún á engan vin því hún er svo leið.

Sp: Hvenær byrjaði henni að leiðast svona?

Barn 1: Þegar hún tók í fuglana, af því hún tók í fuglana.

Sp: Missti hún þá vin sinn þegar henni fór að leiðast?

Allir: Nei, hún átti ekki vin því henni leiddist svo.

...

Sp: Af hverju langaði hana að eignast vin?

Barn 2: Af því hún átti enga mömmu og pabba.

Barn 3: Af því hún var ein.

...

Sp: Til hvers þarf maður vini?

Barn 4: Af því maður á engan bróðir.

Barn 2: Bara mömmu og pabba.

Barn 3: Til að tala við.

Sp: Skessuna langaði þá til að eiga vin til að tala við og leika.

Hjálpar barnið hinum, hlustar barnið á aðra, biður barnið um orðið, tekur barnið tillit til annarra?

Hópunum gengur þetta misvel. Sum börnin eiga það til að botna setningar hvors annars, sem fellur ekki alltaf í góðan jarðveg eins og gefur að skilja. Önnur eru mjög áköf í að fá að hjálpa hinum og spyrja jafnvel „*kennari má ég hjálpa?*“ Börnin byggja oft á svörum hvers annars, hjálpast þannig að í samræðunni.

5.1.3 Samantekt á lotu þrjú

Fundu börnin ráðgátur-nýjan vinkil á sögunum?

Börnin finna sjálf ráðgátur í sögunum, stundum einföld atriði eins og „*Ef bleiur hefðu ekki verið búnar til þá hefði Pétur strax lært að pissa ekki á sig.*“

Spyr barnið spurninga?

Börnin hafa fengið mikla æfingu í að spyrja spurninga. Þau eru flest farin að spyrja opinna spurninga og voru oftast tilbúin að rökstyðja svör sín.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Af hverju er hún alltaf svon fín?

Sp: Hvað heldur þú?

Barn 1: Hún er örugglega skotin í einhverjum.

Rökstyður barnið mál sitt?

Rökstuðningur barnanna hefur þróast og hafa þau gaman af því að spá í lífið og tilveruna.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað finnst ykkur skrytið í þessu sem ég las?

Flest: Að kyssast og veltast um af ást.

Sp: Af hverju finnst ykkur það skrytið?

Barn 1: Af því að fólkið heldur að þá komi jarðskjálfti.

Sp: Haldið þið að jarðskjálftar komi þegar tröllin veltast um af ást?

Barn 1: Já.

Barn 2 : Kannski ekki alltaf.

Sp: Af hverju koma þá jarðskjálftar?

Barn 3: Ég veit það ekki. Ég held að hann komi ekki alltaf út af þessu. Stundum út af einhverju öðru sem ég veit ekki hvað er.

Barn 1: Við gerum ekki eins og tröllin að veltast um af ást.

Sp: Þurfa tröll að veltast um af ást til að eignast tröllabörnin?

Flest: Nei.

Sp: Vill einhver segja mér eitthvað um það?

Mörg: Nei.

Sp: Hvernig eignast þá tröllin tröllabörnin?

Barn 2: Það er aldrei að vita.

Barn 4: Ég vil ekki segja það.

Mörg: Ekki ég heldur.

Barn 1: Ég veit það ekki einu sinni.

Barn 2: En hvernig fæddist þú þá „Barn 1“?

Barn 1: Úr maganum hennar mömmu. Ég fæddist bara. Maður fæðist bara úr maganum en veit kannski ekki hvernig maður fæðist.

Barn 5: Maður þarf að giftast til þess. Ég er sammála því að maður fæðist úr maganum á mömmu sinni.

Skiptir barnið um skoðun?

Börnin eru farin að skipta um skoðun, sum útrá samræðunni og eigin sannfæringu, aðrir eftir því hvað *vinurinn* sagði.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Geta hús verið vond?

Barn 4 og Barn 3 : Nei, bara þeir sem eru lifandi.

Sp: Þarf maður að vera lifandi til að vera vondur?

Öll: Já.

Sp: Geta bílar ekki verið vondir?

Flest: Nei.

Sp: Eru bílar ekki lifandi?

Flest: Nei.

Sp: Af hverju geta bílar ekki verið vondir?

Barn 3: Þeir geta verið vondir ef þeir eru lifandi og keyra yfir mann.

Sp: Ef að bílar keyra á einhvern eru þeir þá ekki vondir?

Barn 5 og Barn 6: Bílarnir geta ekki að því gert, það eru mennirnir.

Sp: Eruð þið sammála því?

Öll: Já.

Sp: Geta steinar verið vondir?

Flest: Nei.

Barn 3: Jú, ef þeir detta ofaná hausinn á manni.

Sp: Eru steinar lifandi? Þú sagðir áðan barn 3 að það væri ekki hægt að vera vondur nema vera lifandi.

Barn 3: Steinar eru ekki lifandi. En tré eru lifandi.

Sp: Ertu þá búin að skipta um skoðun barn 3 ?

Barn 3: Ja, ég veit það ekki.

Setur barnið fram tilgátu?

Börnin eiga nóg af tilgátum í farteskinu og koma oft með frábærar hugmyndir.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Mér finnst hugsun vera meira eins og ...

Barn 2: Maður segir hugsun sína með munninum og með röddinni.

Barn 3: Með rödd í huganum.

Barn 2: Maður hvíslar þegar maður talar við sjálfan sig - ekki eins og gamli maðurinn sagði.

Barn 4: Og maður getur hugsað um svo marga.

Barn 5: Hugsun er í heilanum.

Barn 2: Það er hugsun í heilanum.

Barn 3: Heilinn lætur mann gera allt, taka upp dót, opna skápa, þrifa hús og hugsa.

Barn 2: Og hugurinn gerir þetta sem maður er að gera, alltaf.

Sp: Vitið þið hvernig heilinn fer að því?

Barn 2: Hugurinn er svo sterkur.

Barn 1: Hugurinn er svo sterkur að hann leyfir manni að hreyfa sig og allt.

Dæmi hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Með hverju hugsarðu?

Barn 1: Heilanum.

Barn 2: Hugsu með heilanum.

Barn 3: Með heilanum.

Sp: Getið þið þá sagt mér hvað er að gerast í heilanum þegar við erum að hugsa?

Sp: Hvernig vitum við að við erum að hugsa?

Barn 4: Af því að okkur dettur það í hug.

Sp: Hvað sjáum við þegar við erum að hugsa?

...

Sp: Nú segið þið að við hugsum með heilanum, eruð þið viss?

Allir: Já

Sp: Hvernig vitið þið það?

Þögn.

Sp: Þegar þú gengur þá gengurðu með fótunum og þegar þú hugsar þá hugsarðu með...?

Allir: Heilanum.

Sp: Já og þegar þú ert hér og hugsar um húsið þitt eða hugsar um mömmu þína þá ertu að hugsa um eitthvað, ekki satt og hvað er þá að gerast í höfðinu þínu?

Barn 4: Það spriklar bara allt.

Sp: Spriklar bara allt?

Barn 4: Já dubbí dubbí.

Sp: Hvað er að sprikla?

Barn 4: Húsið mitt.

Sp: Geturðu séð það?

Barn 4: Já.

Sp: Þó að þú lokir augunum?

Barn 4: Já.

Sp: Getið þið líka lokað augunum og séð húsið ykkar.

Allir: Já.

Barn 4: Ég sé gamla húsið mitt.

Sp: Eruð þið þá að hugsa?

Allir: Já.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvaðan kemur myrkrið?

Barn 1: Það kemur þegar slökkt er á ljósaperunni og dimmt er úti.

Barn 2: Það kemur líka frá geimvél sem býr til myrkur.

Barn 3: Svo er til ljós sem kemur frá sólinni, en sólin er stundum í Kína og hjá okkur.

Barn 4: Sólin kemur frá okkur og dimman frá geimnum, þegar sólin fer og sest.

Barn 5: Litlu börnin eru hrædd í myrkri og halda að myrkrið komi frá einhverju eins og holu.

Barn 6: Skýin fara yfir sólina og þess vegna er þínu dimmt og kalt.

Barn 7: Myrkrið kemur frá geimverum úr einhverri vél.

Barn 8: Guð lætur nóttina koma.

Barn 9: Geimverurnar ýta myrkrinu til okkar...

Barn 7: Myrkrið kemur frá geimstöðinni Mýr

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Börnin gera sér ýmsar hugmyndir um orsök og afleiðingu til dæmis að ef einhver er ljótur, til dæmis tröll, getur hann ekki heitið fallegu nafni. Eins afleiðing þess að vera heimskur er að geta ekki ákveðna hluti, vita ekki neitt eða gera eitthvað heimskulegt!

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað finnst ykkur skrytið í þessu?

Barn 1: Að skessan heitir Flumbra.

Barn 2 og Barn3: Sammála.

Sp: Hvað finnst ykkur að hún hefði átt að heita?

Barn 1: Rumbituski.

Barn 4: Sólveig.

Barn 2: Mér finnst það of fínt nafn.

Sp: Geta tröll ekki heitið fínu nafni?

Flest: Nei.

Sp: Af hverju ekki?

Barn 1: Þau eru svo ljót í framan og Grýla og Leppalúði éta börn.

Barn 2: Það er bara saga.

Barn 4: Mér finnst tröll vera svo ljót. Þau eru næstum grá í framan.

Barn 5: Þau eru líka svo heimsk.

Sp: Hvað er að vera heimskur?

Barn 6: Það er að vita ekki neitt.

Barn 7: Ég er sammála.

Barn 2: Þau vita þó eitthvað.

Barn 4: Mér finnst það vera eins og hálfviti.

Barn 1: Það má ekki segja svona um fólk.

Sp: Nei, en við erum bara að ræða hvað ykkur finnst að orðið merki.

Barn 4: Mér finnst það líka að vera eins og ef maður er lélegur í fótbolta.

Nokkur: Ég er sammála því.

Sp: Eruð þið þá að segja að það að vera heimskur sé bæði þegar maður veit ekki neitt, og er lélegur í einhverju.

Öll: Já.

Sp: Hvenær er maður heimskur?

Barn 5: Það er þegar maður gerir eitthvað heimskulegt.

Sp: Hvað gæti það verið, geturðu komið með dæmi?

Barn 4: Mér finnst Barn 6 ekki þægur.

Sp: Er maður heimskur ef maður er ekki þægur?

Öll: Nei.

Sp: Þið sögðuð að maður væri heimskur ef maður vissi ekki neitt. En er vinur okkar heimskur ef maður heldur að hann sé heimskur?

Barn 7: Bara leynivinur. Því þá ræður maður hvað hann gerir og ræður því þá hvort hann er heimskur eða ekki.

Barn 5: Ef maður er heimskur þá getur maður stafað orð vitlaust.

Sp: Eruð þið sammála?

Flest: Já.

Hjálpar barnið hinum?

Börnin hjálpuðu hinum ef þau gátu ekki útskýrt hvað þau voru að meina. Börnin voru dugleg að byggja á hugmyndum hvers annars.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Af hverju vildi hann ekki leika við apann sinn?

Barn 1: Hann, krókódíllinn, gat ekki leikið við apann, af því að apar klifra alltaf upp í tré, en ekki Krókópókó.

Barn 2: Því hann er krókópíli, hann klifrar ekki.

Barn 3: Krókópílar eru í fljótinu.

Hlustar barnið á aðra, biður barnið um orðið og tekur barnið tillit til annarra?

Börnin hlusta að öllu jöfnu hvert á annað og sýna tillitssemi.

5.1.4 Samantekt á lotu fjögur

Fundu börnin ráðgátur-nýjan vinkil á sögunum?

Sum barnanna fundu nýjan vinkil á sögunni, annars svöruðu þau hjálparspurningum á borð við, hvað var skrítið, skemmtilegt eða merkilegt við söguna? **Dæmi:** Þegar verið var að lesa um Pétur og hans pissuvandamál, þá stundi eitt barnið og spurði: Af hverju vill Pétur ráða? Þetta væri ekkert pissuvandamál ef Pétur myndi hlýða mömmu og pissa í klósettið!

Spyrja börnin spurninga?

Helmingur hópanna spyr spurninga inní miðri samræðunni en yngri börnin spyrja sjaldnar.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Hvað er snjór?
Barn 2: Það kemur úr himninum svo stækkar það.
Barn 3: Það kemur úr himnunum.
Barn 4: Það eru lítil korn.
Barn 5: Snjór er bara snjór.
Barn 6: Já, bara snjór.
Barn 1: Hann er úr pöddum.
Barn 4: Nei, en hver bjó hann til?
Barn 2: Guð.
Barn 4: Guð.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.
Barn 1: Einu sinni var ég úti og mamma var inni þá sá ég draug upp á hólí í Heiðarlundi.
Sp: Ert þú þá búin að skipta um skoðun?
Barn 1: Þetta var ekki draugur, heldur skrímsli.
Sp: Eru draugar og skrímsli það sama?
Mörg: Nei.
Barn 1: Þetta var hálfur draugur og hálf skrímsli.
Barn 2: Var það þá dautt?
Barn 1: Nei.
Barn 3: Það eru ekki til skrímsli.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.
Sp: Geta hús dáíð?
Allir: Nei.
Sp: Af hverju ekki?
Barn 1: Hvernig deyja þá húsin?
Barn 2: Þau verða ónýt.

Rökstyður barnið mál sitt?

Flestir hópstjórar töldu að börnin rökstyðji mál sitt á sinn máta.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.
Sp: Getum við vitað um hvað einhver er að hugsa?
Barn 1: Við getum bara sagt það, það sem við hugsum.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.
Sp: Hvernig er hún öðruvísi en hinn stríðnin? (vorum að ræða um vonda og/eða góða stríðni)
Barn 1: Hún meiðir ekki eða gerir svona (grettir sig).
Barn 2: Manni líður bara vel þegar einhver stríðir gott.
Barn 3: Ef einhver stríðir eins og skjaldbökurarnar í sögunni, þá er það er ógeðslegt
Barn 1: Þá líður okkur illa.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.
Sp: Er stormur vondur eða góður?
Barn 1: Skemmtilegur, góður.
Sp: Af hverju?
Barn 1: Af því að hann er svo kaldur.
Barn 2: Nei, vondur.
Barn 3: Nei, sko kaldur er vondur, því þá verður fólkið með kalt blóð í æðunum.

Barn 4: Hann tekur allt og fleygir því í vatnið. Hann er vondur.

Setur barnið fram tilgátu?

Það var ekkert mál fyrir börnin að koma með tilgátu ef þau voru beðin að útskýra mál sitt.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 2: Mér fannst skrytið að eldurinn dó.

Sp: Getur eldur dáíð?

Barn 1: Hann slokknaði. Þá deyr hann.

Sp: Af hverju ætli þeir hafi ekki getað kveikt upp aftur þegar eldurinn dó?

Barn 1: Af því að allur eldur var slokknaður og það var ekki til meiri.

Barn 2: En af hverju áttu þeir ekki eldspýtur?

Barn 3: Eða kol eða kveikjara?

Engin svör.

Sp: En hvernig ætli þeir hafi getað náð í eld?

Barn 4: Kannski með spýtu.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Húsin eru bara kyrr. Við getum bara farið og flutt og skilið húsið eftir. Ef þau gætu líka farið þá þyrftum við að vera sterk og allir í einu að lyfta húsinu, en hús geta heldur ekki horft á eitthvað, af því þau eru kyrr!

Skiptir barnið um skoðun?

Rúmlega helmingur hópanna skipti um skoðun, flest börnin spyrja óhikað í samræðutímunum og er jafnvel í keppni um að ná orðinu.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: En er til góð stríðni?

Allir: Nei

...mikið seinna...

Allir: Góð stríðni er bara grín.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Hvernig heyri ég?

Allir: Með eyrunum.

Sp: Hvernig heyrum við með eyrunum?

Barn 1: Það eru bein inn í manni og svoleiðis.

Sp: Heyra dýr?

Allir: Nei.

Sp: Eru þau með eyru?

Allir: Já.

Sp: Ef þau eru með eyru geta þau þá heyrt?

Allir: Ó, já.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: En ef eldur getur dáíð getur þá allt dáíð?

Barn 1: Ekki steypa.

Barn 2: Og ekki heldur vatn.

Sp: Af hverju getur steypa ekki dáíð?

Barn 1: Af því að hún er ekki lifandi.

Sp: Hvað þarf til að vera lifandi?

Barn 1: Augu, munn, bein og blóð.

Sp: En nú sögðu þið að eldur gæti dáíð. Er eldur með augu, munn, bein og blóð?

Mörg: Nei.

Sp: Ert þú þá búin að skipta um skoðun. Þarf þá ekki að hafa augu bein og munn til að geta dáíð?

Barn 1: Já. Það þarf ekki alltaf

...

Sér barnið sambengi orsaka og afleiðinga ?

Meirihluti hópstjóranna telur börnin sýna skilning á sambengi orsaka og afleiðinga á sinn hátt eða með sínum kenningum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Til hvers drepum við?

Barn 1: Til þess að við höfum eitthvað að borða.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Af hverju ætli bjarndýrið hafi verið gott við hann?

Barn 1: Bara til að hann myndi sofna og svo myndi það standa upp og borða hann.

Barn 2: Mér finnst það skrytið að hann var að sjúga úr spenanum á bjarndýrinu.

Sp: Eruð þið sammála barni 1 að bjarndýrið hafi leyft honum að sjúga sig til að hann sofnaði, og ætla svo að éta hann?

Mörg: Já.

Barn 3: Það er ekki hægt að sofna, það eru bara lítil börn sem sofna þegar þau eru að sjúga. Maðurinn gerir það ekki.

Sp: Viljið þið ræða þetta meira?

Öll: Nei.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Tunglið át grautinn, þegar Alli Nalli fór að gá að því hafði það stækkað og var helmingi stærra.

Barn 1: Af því að það (tunglið) fór að borða hafragrautinn.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Þarf að gæta sín á hjóli?

Barn 1: Nei, bara bíl.

Barn 2: Gæta sín á bíl, svo maður deyi ekki.

Hjálpar barnið hinum?

Í öllum hópunum nema einum var talað um það að börnin reyndu að hjálpa hvort öðru á einhvern hátt. Börnin hlusta á hvort annað en það kemur fyrir að það þurfi að minna þau á. Það kom einnig fram að í þriggja ára hópnum þarf oftast að minna á reglurnar. Börnin biðja flest um orðið með því að rétta upp hönd. Þau átta sig á því að tímarnir ganga ekki nema farið sé eftir þeim reglum sem hópurinn setti sér í upphafi, „ *Halló, ég er að tala núna, munið reglurnar okkar*“ en stundum liggur þeim þó svo mikið á hjarta í samræðunni að þau gleyma sér alveg.

Sýndi barnið skapandi hugsun ?

Börnin sýndu skapandi hugsun og leikgleði í heimspekinni.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað gerir stormur?

Barn 1: Þá þýtur allt í vindinum.

Barn 2: Það er alveg eins og skýstrokkur.

Barn 3: Já, svona eins og bakarar hræra í vél.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvernig ætli fyrsti eldurinn hafi orðið til ef það voru engar eldspýtur til einu sinni?

Barn 1: Úr tætaru.

Barn 2: Úr stórri eldvél.

Sp: Úr hverju er eldur?

Barn 2: Úr gulum og rauðum litum.

Barn 3: Hann er úr hveiti.

Barn 4: Já, úr hveiti.

Barn 3: Eins og ég sagði.

Sp: Hvar er eldurinn geymdur?

Barn 2: Í eldvél.

Barn 5: Hann er geymdur í eldfjalli. Maður getur fengið eld úr eldfjalli. Svo rennur hann bara niður fjallið.

Sp: En barn 3 og barn 4 sögðu að eldurinn væri úr hveiti, er þá hveiti í eldfjalli.

Barn 4: Það er ekkert eldfjall til.

Mörg: Jú, ég hef séð það. Það er á Íslandi.

Sp: Eru þið sammála um að eldurinn komi úr eldfjalli og sé úr hveiti?

Barn 6: Nei.

Barn 1: Nei, ég er ekki sammála því.

Sp: En úr hverju er eldurinn þá? Barn 2 sagði að hann væri úr gulum og rauðum lit.

Barn 2: Ég er búin að skipta um skoðun. Hann er bara geymdur í eldfjalli í eldkistu.

Sp: En úr hverju er þá eldur eiginlega?

Mörg: Veit það ekki.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvað er þetta hvíta þarna úti?

Allir: Snjór, snjókorn. Við leikum okkur í honum og svoleiðis. Snjórinn lekur niður og dettur niður úr fjöllum.

Sp: Hvaðan kemur hann?

Allir: Úr fjöllum, hann er uppi í fjöllum á sumrin og kemur svo núna, þegar það er vetur.

...

Sp: Úr hverju er hann?

Allir: Snjór er úr skýjum. Úr mörgum snjókornum sem voru í fjöllum.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Til hvers er þessi snjór?

Barn 1: Á veturna kemur hann.

Barn 2: Til að veturinn komi.

Barn 3: Hann kemur bara.

Barn 4: Guð býr hann til og kastar honum niður.

Barn 2: Og skýin hjálpa.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Við hvað er ég hrædd/ur?

Barn 1: Að vinka mömmu og bróðir mínum.

Barn 2: Vont naut, svona svart sem stendur á svörtum steinum er með brún horn til að stanga mann burtu, svo maður deyr.

Barn 3: Nei, nei, nei.

5.1.5 Samantekt á lotu fimm

Fundu börnin ráðgátur-nýjan vinkil á sögunum?

Í heildina fundu börnin nýjar ráðgátur. Yngstu börnin fundu þær sjaldnar en þau eldri fundu frekar sínar ráðgátur og atriði sem innihalda húmor, sem sagt þau vilja tala um hluti sem hægt er að snúa út úr og fíflast með!

Spyr barnið spurninga?

Flest börnin spurðu spurninga, en yngri börnin létu kennarann oftast leiða sig áfram.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Hvað er þetta sem hreyfist á hurðinni?

Sp: Þetta er skuggi-hvað er skuggi?

Barn 1: Maður á hann þegar maður labbar.

Sp: Hvaðan kemur skuggi?

Barn 1: Úr manni.

Rökstyður barnið mál sitt?

Öll börnin sýna tilbúna til að rökstyðja mál sitt og sum eru farin að grafast fyrir um forsendur og viðmið.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Eru stólar í alvörunni?

Allir: Já.

Sp: Eru stólar ekki til í þykjustunni?

Allir: Nei, þá gætum við ekki setið.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Haldið þið að það væri vont að vera í álögum?

Barn 1: Já, þá getur maður ekki breytt sér í sama og maður var.

Barn 2: Og þá, væri maður kannski alltaf vondur, ef það væri búið að breyta manni í einhvern vandan.

Setur barnið fram tilgátu?

Flest barnanna eru farin að setja fram tilgátur og íhuga hvort tilgáta þeirra stenst.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Erum við til í alvörunni?

Allir: Já.

Sp: Hvernig vitum við það?

Barn 1: Af því við tölum.

Barn 2: Við erum með bein inní okkur.

Barn 3: Af því við erum í fötum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Ykkur finnst sem sagt skrytnast að stúlkan skyldi breystast í björn. En haldið þið að björn sé maður í álögum?

Barn 1: Nei, það er ekki hægt.

Sp: En nú var björninn að gjóta. Og maðurinn náði unganum og það var stúlka. Hvernig gæti það hafa gerst, getur bjarndýr eignast börn?

Barn 1: Veistu sko, bjarndýrið hefur ekki verið bjarndýr það hefur verið kona.

Sp: Heldurðu það, getur ekki bjarndýr eignast barn?

Barn 1: Nei.

Sp: Af hverju ætli þetta standi þá í sögunni?

Barn 1: Ég veit það ekki.

Barn 2: Af því að bjarndýrið var maður sem átti börnin og svo eignaðist konan hans börn og þá dó hún kannski og þá varð þetta svona.

Barn 1: En kannski var hann ekki í álögum, kannski var hún bara í búning, bjarndýrsbúning.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Getur snjókarl dáið?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Nei.

Barn 3: Já

Sp: Hvert fer snjókarlinn þá?

Barn 3: Þá fer hann út í skóg.

Sp: Eruð þið sammála?

Barn 4: Hann kann ekki að labba.

Barn 1: Já (sammála).

Barn 5: Ég sagði ekkert.

Sp: Hvert fer hann, snjókarlinn, þegar hann deyr?

Barn 4: Þá fer hann uppá sjúkrahús.

Barn 5: Nei, upp til himna.

Barn 2: Hann fer til Guðs.

Barn 4: Nei, hann fer á sjúkrahús, á svona bakka í bílinn og svo keyrir bíllinn uppá sjúkrahús.

Barn 5: Nei, hann fer upp til himna.

Barn 4: Nei; hann fer á bakka.

Sp: Hvað gerist svo þegar hann kemur uppá sjúkrahús?

Barn 4: Þá fer hann inná sjúkradeild.

Barn 1: Já og lækna.

Barn 4: Stundum lækna fólk. Hann verður frískur.

Sp: Þá er hann ekki dáinn, heldur frískur, eða hvað?

Barn 5: Dánir fara til himna.

Barn 4: Nei, uppá sjúkrahús.

Sp: Og hvað gerist þar?

Barn 2: Lækna, lækna litla og stóra.

Barn 4: Lækna fólkið.

Sp: Er það þá nokkuð dáið? (ef það er læknað).

Barn 5: Pabbi minn er dáinn og er uppí himni.

Barn 4: Þá breytist maður í draug.

Barn 5: Nei, maður verður bara, er langt upp í himni.

Barn 2: Á ég að segja ykkur eitt, snjókarlar geta ekki dáið.

Barn 3: Veit ekki alveg um það.

Barn 1: Ljós talandi.

Sp: Hvað þá?

Barn 1: Það er ljós, snjókarl deyr og fer til dýralæknis.

Barn 4: Nei, hann getur það ekki af því að dýralæknir getur ekkert læknað hann.

Barn 2: Hann fer ekki uppá sjúkrahús.

Barn 4: Uppí himni eru bara ský, sól og stjörnur.

Barn 5: Og Guð.

Barn 1: Og Guð passar alla.

Barn 5: Líka þegar maður er dáinn.

Barn 3: Þegar maður bráðnar fer maður upp.

Barn 4: Maður er ekki dáinn þá.

Barn 3: Snjókarlinn bráðnaði.

Barn 4: Sumir geta dáið þegar það er eitthvað slasað.

Barn 3: Ef maður er sofandi og vaknar aldrei aftur þá er maður dáin, ha.

Sp: Hvert fer maður þá?

Barn 5: Upp til himna.

Barn 3: Til Guðs.

Barn 2: Já, ef maður grefur fugla þá fara þeir líka til himna.

Barn 3: Fór til himna.

Sp: Hver?

Barn 3: Snjókarlinn fór til himna.

Barn 2: Og fuglinn.

Barn 5: Snjókarlinn fékk vængi.

Sp: Hvað gerir snjókarlinn svo uppí himni?

Barn 2: Engin kemur að sækja snjókarlinn.

Barn 3: Drekkja og borða.

Barn 1: Bara, horfa.

Barn 5: Læknast.

Barn 4: Maður verður ekki frískur þar!

Barn 3: Borða allan matinn sinn.

...

Skiptir barnið um skoðun?

Börnin skilja hugtakið og skipta oft um skoðum, það heyrir oft „ég skipti um skoðun“. Yngstu börnin vilja ennþá grípa þá skoðun sem fyrst kemur fram og herma.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Kemur skuggi af dýrum?

Allir: Nei.

Sp: Eru þið alveg viss?

Barn 1: Nei, jú það kemur skuggi af hornunum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvernig þekkir maður til dæmis blað og penna í sundur?

Barn 1: Blaðið er alltaf hvítt og penninn svona langur, en allskonar á litinn, blaðið svona kassi.

Sp: Eru þið sammála barni 1 að þið þekkið þessa hluti í sundur af lögun þeirra, penni er langur en ekki eins og kassi?

Barn 2: Sammála, en pennar eru allskonar á litinn og stundum lengri en þessi penni.

Barn 3: Penninn er ekki með hár.

Barn 4: Blöð eru svona.

Barn 2: Mamma mín á svona penna.

Barn 1: Ég skipti bara um skoðun, pennar eru langir, allskonar á litinn og ekki með hár.

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Börnin hafa hlotið æfingu í að sundurgreina orsök og afleiðingu og eru orðin nokkuð fær á þessu sviði.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Af hverju förum við ekki í fötum í bað ?

Barn 1: Svo að fötin okkar verði ekki blaut.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Haldið þið að hænur geti flogið?

Allir: Jaaaneiiii.

Sp: Nei segir barn 1 og nei segir barn 2.

Sp: Hafið þið séð hænur?

Allir: Já.

Barn 3: En mamma sýndi mér mikið af krummum.

Sp: Hvar búa hænur?

Barn 2: Á eggjum.

Sp: Á eggjum en búa þær hjá mönnum eða einar?

Barn 3: Einar.

Barn 2: Nei, hjá hænunum.

Sp: Hjá hænunum, hjá hinum hænunum?

Sp: Hvar búa hinar hæurnar? Búa þær á bóndabæjum eða?

Barn 1,2,3: Neiiii.

Barn 3: Það er bara Steini afi á bóndabæ.

Sp: Á hann hænur?

Barn 3: Nei.

Sp: Hvar búa þá hænur?

Barn 3: Hænur eru bara á steinum.

Sp: Á steinum, alveg eins og krummarnir?

Barn 3: Já.

Hjálpar barnið hinum?

Eldri börnin eru orðin mjög fær í að hjálpa hinum með því að spyrja leiðandi spurninga reyna að láta hitt barnið koma með lausnina en gefa hana ekki. Yngri börnin eru meira í því að minna hvert annað á reglurnar, hlusta, sitja kyrr og biðja um orðið.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað í manni lætur mann muna?

Barn 1: Í hjartanu.

Sp: Eru þið sammála því? Hvar í ykkur er það sem þið getið munað með hvað þið gerðuð í leikskólanum í gær?

Barn 4: Í hausnum.

Barn 1: Hjartað er í hausnum

Barn 4: Það er í hjartanu og kemur upp í hausinn

Sýnir barnið skapandi hugsun?

Börnin eru ótrúlega frjó og hugmyndarík.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvaðan kemur myrkrið?

Hér kom þögn.

Sp: Hver lætur það koma?

Allir: Guð.

Barn 1: Ljosið kemur frá sólinni.

Barn 2: Myrkrið frá tunglinu.

Sp: Jahá, er hægt að kveikja á myrkrinu?

Allir: Nei.

Sp: En slökkva á því?

Allir: Nei.

Barn 2: Jú, með því að kveikja ljósið.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getur sólin grátið?

Barn 1: Bara á veturna.

Sp: Af hverju?

Barn 1: Því hún vill vera áfram og komast milli skýjanna.

Barn 2: Þá líður henni vel og krakkarnir eru duglegir að leika sér úti.

5.1.6 Samantekt á lotu sex

Fundu börnin ráðgátur og nýjan vinkel á sögunum?

Börnin finna sinn vinkel á sögunni og stundum koma fram nýjar ráðgátur í textanum í miðjum samræðum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Er tunglið gott eða vont?

Barn 1: Gott það gefur ljós þegar það er komið myrkur.

Sp: Hvar er tunglið þegar við sjáum það ekki?

Barn 2: Bakvið skýin.

Sp: Af hverju er það bakvið skýin?

Barn 1: Það er að fela sig fyrir okkur.

Barn 2: Það er í feluleik við okkur á daginn.

Sp: Hvers vegna felur það sig á daginn.

Barn 3: Þá er sólin.

Sp: Hvar er sólin þegar við sjáum hana ekki.

Barn 3: Bakvið fjöllin.

Allir: Hún er í feluleik.

Spyr barnið spurninga?

Börnin eru án efa færari í að spyrja spurninga.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Hvernig gat máninn talað?

Sp: Já, það er nú spurningin. Kannski ræðum við það á eftir?

Barn 2: Hvað er máni?

Sp: Já, hvað er máni?

Barn 3: Það er tunglið örugglega.

Barn 1: Já, það er tunglið.

Sp: Af hverju ætli tunglið geti heitið máni líka?

Barn 3: Ég veit ekki.

Barn 1: Ég veit það. Af því að þar er allt svona í dimmu.

Barn 4: Ekki alltaf.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Krakkar ég er með eina spurningu? Ef að allir krakkarnir fara með mér út í Hrísey þá getum við skrifað bréf sent það til Íslands, sko sett það í flösku og í sjóinn þá kannski flýtur það heim?

Rökstyður barnið mál sitt?

Allir hópstjórnarnir sögðu að börnin geti rökstutt mál sitt.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað meinti Sámur þegar hann sagði: Allt eins og það á að vera.

Barn 1: Það var allt eins og það átti að vera.

Sp: Hvað þýðir það?

Barn 1: Að báturinn var þar. Eins og ef að við mundum þegar við komum í leikskólann á morgun fara beint hingað inn og athuga hvort þessi rauði kassi væri þarna. Þá væri allt eins og það væri.

Sp: Eruð þið sammála?

Flest: Já

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Haldið þið að gamalt fólk sé einmana?

Allir: Nei.

Barn1: Afi minn er aldrei einmana út af því að hann hefur mig.

Sp: Hvað er að vera einmana?

Barn 1: Það er að vera leiður.

Barn 2: Leiður og ekkert að gera.

Barn 1: Þá finnst manni ekki gaman.

...

Sp: Hvað er einmana og hvers vegna var bangsinn einmana?

Barn1: Það var af því að hún skildi hann eftir uppi á háalofti.

Setur barnið fram tilgátu?

Tilgátusmíði barnanna er orðið helsta áhugamál þeirra í tímunum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Er ekki hægt að fara lifandi upp í himininn?

Barn 1: Með geimflug.

Barn 2: Kannski flýgur þú bara.

Barn 3: Kannski labbar þú bara með ljós.

Barn 4: Eða kannski byggir maður bara eitthvað fyrir lifandi dýr út í geim.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getum við búið til öldu?

Sum: Nei.

Barn 1: Kannski úr vatni í fiskabúrinu.

Barn 2: Já, ef við hrærum í vatninu

Barn 3: Maður getur gert brúna öldu úr kakósúpu.

Sp: Getum við þá gert öldu sjálf?

Mörg: Já.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvað hafa bílar, eigum við að reyna að greina það?

Barn 1: Dekk.

Barn 2: Glugga.

Barn 1: Stýri.

Barn 2: Takka inn í honum og rúðusprey.

Barn 3: Sæti.

Sp: Já, en geta skip haft allt þetta líka?

Barn 1: Bílar hafa stundum krók.

Barn 2: Mælaborð.

Barn 3: Pústurör og það hefur skip ekki!

Sp: En hvernig get ég fattað hvaða hlutur þetta var?

Barn 2: Bílar keyra, skip siglir.

Barn 3: Alveg sammála, þannig veistu það!

Skiptir barnið um skoðun?

Flest barnanna geta auðveldlega skipt um skoðun en átta sig ekki alltaf á því þegar það gerist.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getur einhver búið í vita?

Mörg: Já.

Barn 1: Nei, hann er þar á daginn en sefur heima hjá sér.

Sp: En hvar sefur þá vitavörðurinn ef hann á heima langt í burtu frá vitanum, eins og Friðmundur, hann var einn?

Hér varð löng þögn.

Barn 1: Jú maður getur búið í vita.

Sp: Ertu þá búinn að skipta um skoðun barn 1?

Barn 1: Já. Ég veit þetta núna.

Sp: En er líka hægt að búa annarsstaðar og vera samt að passa vita?

Barn 1: Já af því pabbi sagði mér allt um vita.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hugsa upphátt, hvað þýðir það?

Barn 1: Hugsa hátt.

Sp: Heyrir þá einhver í manni?

Barn1: Já.

Barn 2: Nei, bara þú sjálfur heyrir inn í þér.

Barn 1: Já, auðvitað, hahaha.

Sp: Ertu búin að skipta um skoðun?

Barn 1: Nei, ég ruglaðist!

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Nánast allir hóparnir komu með dæmi, þar sem börnin fundu orsök og afleiðingu.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað gerist þegar máninn hverfur á bak við ský?

Barn 1: Þá rata ekki neinir.

Barn 2: En þá deyja allir.

Barn 1: Allavega þegar hann deyr.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getur þú eignast núna tvíbura?

Barn 1: Nei, börn eignast ekki börn.

Sp: Geta allir verið tvíburar?

Barn 2: Það geta ekki allir verið tvíburar því sumir fæðast ekki á sama tíma og þá eru það ekki við eða tvíburar.

Sp: Getið þið nefnt einhverja tvíbura?

Barn 2: Ef að sumir hugsa það sama!

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Barn 1: Á minni mynd er þessi bíll að klessa á annan bíl.

Sp: Og hvar eru bílarnir?

Barn 1: Ég teiknaði bara einn!

Barn 2: Þá getur bíllinn ekki klesst.

Barn 1: Ha.

Barn 2: Þú verður að teikna annan bíl til að geta klesst.

Hjálpar barnið hinum?

Meirihluti hópstjóranna sagði börnin hjálpa hvert öðru og í einum hópnum kom fram að þau töluðu sig saman um vafaatriði. Einnig kemur fram í einum hópnum segi þau hreint út, *núna ætla ég að tala.*

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Munið þið að bangsinn í sögunni var hræddur við myrkrið, af hverju skyldi hann hafa verið hræddur við það?

Barn 1: Ég veit ekki.

Sp: Eruð þið hrædd við myrkrið?

Flest: Nei.

Barn 1: Ekki þegar við förum að sofa.

Barn 2: Bara ég.

Sp: Af hverju ertu hræddur við myrkrið?

Barn 2: Bara þegar ég er einn í mykrinu, þá verð ég svo hræddur.

Barn 1: Þá verður þú bara að fá einhvern krakkagest til að sofa með þér.

Barn 3: Já eða pabba eða mömmu þína eða systur þína.

Barn 1: Já eða einhvern.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvernig lítur víti út?

Barn 1: Ég hef séð vita í pókímon. Hann var stór og það var ljós efst í honum.

Barn 2: Og líka svona sem snýst á fullu.

Barn 3: Ég hef líka séð vita í pókímon.

Sp: Hvað gerir viti?

Barn 4: Hann lýsir manni. Einhverjum sem þurfa að rata.

Barn 5: Hann snýst í hringi og

Sp: Getið þið hjálpað henni?

Barn 4: Og lýsir og snýst í hringi.

Hlustar barnið á aðra? Biður barnið um orðið? Tekur barnið tillit til annara?

Já, allir hópstjórnarnir sögðu að börnin hlustuðu hvert á annað. Misjafnlega vel þó. Það eru oft sömu börnin sem gleyma að biðja um orðið. Börnin taka tillit til hvers annars í þeim skilningi að hlusta oftast á allar hugmyndir, sýna virðingu og hlæja ekki eða flissa.

Sýndi barnið skapandi hugsun?

Já, í öllum hópnum sýndu börnin skapandi hugsun og í einum hópnum var tekið fram að þau sýndu meiri skapandi hugsun í óhefðbundinni heimspeki.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Getur bangsi grátið?

Barn 1: Nei, ekki ef hann er með töluaugu.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvað eru hæfileikar?

Allir: Veit ekki.

Sp: Hugsun okkur aðeins um?

Barn 1: Það hlýtur að vera eins og bangsinn gat, að geta talað og svoleiðis, það voru hæfileikar bangsans.

Barn 2: Sko, það er ekki til lifandi bangsar sem tala og svoleiðis, bara bangsar með batterí eða geimverur.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Trúið þið að pabbinn sé kisa og mamman hennar fugl?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Bara það er ekki hægt.

Sp: Af hverju?

Barn 2: Af því að það passar ekki saman.

Barn 3: Hundur og hundur passa saman og kisa og kisa passar saman.

Barn 2: En ef pabbi hennar væri stór kisa og mamma hennar lítil kisa þá passar það saman.

Barn 3: Já og þá væri stelpan kettlingur.

5.1.7 Samantekt á lotu sjö

Fundu börnin vinkla á sögunum.

Nær öll börnin koma einhvern tímann fram með nýja vinkla til dæmis, *hvað eigum við mörg nöfn? Nota allir nöfnin eins? Segið þið nafnið ykkar þegar þið talið við sjálf ykkur?*

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Sko, ég fann hann (álf) á götunni og svo týndi ég honum á götunni og það fann einhver maður hann og setti hann í búðina svo þegar við fórum í búðina var hann bara komin í allskonar föt, svo var hann í svona stórum pela.

Barn 2: O, ó.

Barn 2: Keyptir þú pelann?

Barn 1: Já, en hann kostaði dálítið mikið.

Barn 2: O,ó, áttir þú pening.

Barn 1: Veistu það að dúkkan var komin alla leið til Reykjavíkur.

Barn 2: Nuddar augun og geispar.

Barn 1: (Við barn 2) hvað er að?

Barn 2: Æi, þetta er allt frænda mínum að kenna hann hélti mér vakandi.

Barn 1: Hvernig getur frændi haldið frænda sínum vakandi.

Barn 2: Það er svo skemmtilegt að vera í tölvu.

Barn 3: Ég var líka í tölvunni í gær.

Spyr barnið spurninga?

Börnin spyrja spurninga og í einum hópnum eru börnin jafnvel farin að krefja sjálf sig svara út frá hugmyndum sínum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvernig er hann?

Barn 1: Þetta er stelpa.

Barn 2: Hvað heitir hún?

Barn 1: Ég man það ekki.

Sp: Manstu hvernig hún lítur út?

Barn 1: Hún er svona bleik-brún á húðinni.

Sp: Er hún ekki í neinum fötum?

Barn 1: Jú, í svona gulum gallabuxum og appelsínugulri peysu.

Barn 2: Heyrðu ég hef séð hana, heitir hún Anna?

Barn 1: Nei.

Sp: Hvað gerir hún?

Barn 1: Hún er svolítið hrædd.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Kemst maður út úr svartholinu?

Barn 1: Jú, þeir hoppa upp í bátinn.

Barn 2: Já, en ef þeir fara ekki á bát upp í geiminn, hvað þá? Kannski í geimflug.

Barn 1: Ég veit ekki þeir sleppa einhvern veginn. Kannski brjótast þeir út með hamri, eða múrstein.

Barn 2: Maður fer í svartholið ef mann langar til að fara þangað en ekki ef maður þorir því ekki eða langar ekki til þess.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Barn 1: Hvað er að fá botn í þetta mál?

Sp: Það var einmitt það sem ég ætlaði að spyrja ykkur hvort þið vissuð. Getur einhver sagt okkur það?

Barn 1: Getur þú sagt okkur það?

Sp: Já ég get það en mig langar að vita það hjá ykkur hvað þið haldið

Flest: Ég veit það ekki ekki.

Barn 1: Var það að reyna að finna stjórnuna?

Sp: Já rétt barn 1 það var einmitt það sem Friðmundur var að reyna. Hann vildi reyna að komast að því hvað hafði orðið um hina tvíburastjórnuna. Þá er stundum sagt svona að maður vilji reyna „að fá botn í málið“. En hvað viljið þið tala um annað?

Barn 2: Stjórnuverur, það eru verur á annarri stjórn.

Sp: Hvernig verur eru það?

Barn 2: Ég veit ekki hvernig.

Sp: Eru þið sammála því að það séu til verur á annari stjórn?

Flest: Já.

Barn 3: Nei, ég er ekki sammála því.

Barn 4: Ég ekki heldur.

Barn 5: Nei, það er ekki til.

Barn 1: Eru verur einhver dýr?

Sp: Hvað haldið þið að verur séu?

Barn 6: Ég held að þær séu ekki til.

Barn 2: Það eru til geimverur.

Barn 3: Já, þær eru til.

Sp: Eru geimverur og stjórnuverur ekki það sama?

Barn 2: Nei.

Barn 3: Nei, þær eru ekki það sama.

Barn 5: Það eru til geimverur á mánanum.

Rökstyður barnið mál sitt?

Börnin er dugleg við að rökstyðja mál sitt og eru e.t.v. farin að gera það án þess að vera beðin um það eða ómeðvitað.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Vitið þið hvað ljótur þýðir?

Barn 1: Maður getur verið ljótur í sér.

Barn 2: Það er ljótt að meiða, þá fer hann að gráta.

Barn 3: Til dæmis ef einhver er að stela, það var einu sinni brotinn gluggi í Lundarskóla og stolið tveimur tölvum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Nú sögðu þið til dæmis í síðasta tíma að stjórnurnar væru úr steinum með broddum á. Hvernig getið þið vitað það?

Barn 1: Sko það er ekki lampi inni stjórnunum.

Barn 2: Jú, það er svona gult inni þeim.

Barn 1: Já, af því það er bara eldur á þeim.

Sp: En hvernig veistu það?

Barn 1: Bara.

Barn 3: Af því að hann hefur séð stjórnurnar.

Barn 2: Ég veit það af því að ég hef séð inn í þær stundum.

Barn 1: Sko ef það er maður inni í stjórnunni þá getur verið lampi.

Sp: En er maður í stjórnunni?

Sum: Nei.

Barn 4: Við getum líka séð það í teiknimyndum

Sp: Er allt satt sem er í teiknimyndum?

Barn 1: Líka í járnrisanum.

Barn 2: Ég hef séð geiminn í sjónvarpinu.

Barn 1: Líka í Star Wars.

Sp: Er allt í alvörunni sem er í Star Wars.

Barn 2: Nei þeir eru bara að leika.

Sp: Hvernig getum við þá vitað hvernig er í alvörunni út í geimnum?

Barn 2: Það er af því við höfum séð allan geiminn og ég hef séð líka í sjónvarpinu að stjörnurnar eru jafn stórar og við.

Sp: Vitum við þetta þá best af því við höfum séð það í sjónvarpinu? Hvernig vita mennirnir í sjónvarpinu sem bjuggu til myndirnar hvernig er í geimnum?

Barn 3: Bara með stjörnuvíkirkir.

Barn 1: Já, stjörnurnar lýsa.

Barn 5: Og líka í leikhúsinu.

Barn 1: Líka ef maður er að horfa út í geiminn í stjörnuvíki þá sér maður stjörnurnar miklu betur.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Af hverju sagði Loki ósatt?

Barn 1: Hann er bara þannig gerður...

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: En nú er litli fuglinn sofandi, haldið þið að hann hafi verið að dreyma þetta? Að gullfuglinn væri að syngja.

Allir: Neiii.

Barn 1: Af því ég sé það á myndinni.

Sp: Getur hann þá ekki verið að dreyma?

Allir: Nei.

Setur barnið fram tilgátu.

Börnunum gengur vel að leika sér að tilgátum og hugmyndum.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað er óregla?

Barn 1: Það eru svona vond regla sem strangur skólastjóri heldur upp á.

Barn 2: Þegar verið er að banna krökkunum að gera það og þau halda samt áfram.

Barn 1: Ég var einu sinni haldin óreglu.

Sp: Hvernig?

Barn 1: Ég fór einu sinni að bursta tennurnar og háttá en svo fór ég ekki upp í rúm heldur fór beint að halda áfram að horfa á spóluna.

Sp: Getur verið regla á óreglu?

Barn 3: Nei.

Sp: Hvernig?

Barn 3: Ég veit það ekki.

Barn 2: Já, þá hérna.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað er himinhvolf?

Barn 1: Það er svona einhvern veginn ruglaður himinn sem skiptir oft um liti til dæmisrauður og gulur og eitthvað.

Barn 2: Þegar himininn er á hvolfi og jörðin líka.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Er til svarthol annarsstaðar en í geimnum?

Flest: Nei.

Barn 1: Kannski er það til í útlöndum.

Barn 2: Kannski eiga geimverurnar halastjörnurnar, ha? Ég veit það ekki

Barn 1: Kannski sumar

Barn 3: Kannski leika lítil börngeimverur sér með þær?

Barn 1: Þær leika sér að ferðast á þeim.

Barn 2: Nei, hei þær halda um skottið á þeim og leika sér að sleppa.

Barn 3: Heyrðu, það er ekki til skott á stjörnum.

Barn 1 og Barn 2: Jú, halastjörnum.

Barn 3: Það er hali en ekki skott.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Á einhver heima í þessu svartholi í geimnum?

Barn 1: Já, kannski einhver vondur.

Barn 2: Já, risastór geimvera.

Barn 3: Ég held að það sé einhver með svona eitt auga hér og með horn. Svona grænar geimverur.

Sp: Eru þið sammála um að einhverjar geimverur eigi heima í svartholinu?

Flest: Já.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Snjóhús á Spáni, af hverju segir þú að það passi ekki?

Barn 1: Snjóhúsið bráðnar í sólinni

Barn 2: Hún getur slökkt á sólinni með takka.

Barn 3: Nei, það er ekki hægt.

Barn 4: Sólinn fer sjálf bakvið fjallið.

Barn 2: Já með takka sem færir hana.

Barn 3: Nei það er ekki takki sem stjórna heldur sólin sjálf veit hvenær hún á að fara bak við fjöllinn.

Barn 4: Já og þá er hún hjá hinum, hinum á jörðinni

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hættir leikskólinn að vera til?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Já, þegar maður flytur.

Barn 3: Já, leikskólinn gæti flutt.

Sp: Hættir snjór að vera til?

Barn 1: Nei.

Barn 2: Nei, hann bráðnar.

Barn 3: Breytist í ský.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: En þessir fuglar fljúga dálítið hátt, haldið þið að guli fuglinn geti talað við þá?

Allir: Nei.

Sp: Af hverju ekki?

Barn 1: Af því hann þarf líka að fljúga.

Sp: Þarf hann líka að fljúga til að tala við þá?

Allir: Já

Barn 2: Ef hann kallar svona, halló fuglar þá heyra þeir.

Sp: Heyra þeir þá í honum?

Allir: Já.

Skiptir barnið um skoðun.

Börn standa vitanlega stundum fast á skoðun sinni. Þau eru öruggari með eigin skoðanir.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Það stóð þarna að þeir voru lurkum lamdir eftir róðurinn. Hvað þýðir það?

Barn 1: Það þýðir að lemja einhvern.

Barn 2: Að vera laminn.

Barn 3: Nei, þá er maður leiður.

Barn 4: Það þýðir örugglega að vera þreyttur.

Barn 2: Ég er sammála Barni 3.

Barn 1: Ég er sammála Barni 4.

Barn 5: Ég er sammála Barni 3 að það sé að vera leiður.

Barn 4: Kennari, sérðu ekki ég var að rétta upp hönd. Ég er aðeins búin að skipta um skoðun. Kannski að vera lurkum laminn það hlýtur að vera laminn svo maður þreytist. Maður þreytist af því að lemja.

Sp: Hvernig líður þeim sem er lurkum laminn?

Barn 3: Eitthvað vont.

Barn 2: Kannski kemur lurkur og lemur mann og þá verður maður lurkum laminn.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Geta dýr brosað?

Flest: Já.

Sp: Hvernig dýr brosa?

Barn 1: Ég hef séð tígur brosa og bangsimon.

Barn 2: Ég hef séð apa brosa.

Barn 3: Dýr geta ekki brosað, þau kunna það ekki.

Barn 4: Ég er sammála því að dýr geta brosað.

Barn 5: Ég líka.

Barn 3: Ég er sammála þeim núna.

Sp: Ertu þá búin að skipta um skoðun.

Barn 3: Já.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvað langar fullorðnum?

Barn 1: Bara vinna.

Barn 2: Elda, og fleira sem ég heyrði ekki.

...

Barn 1: Fullorðnir vinna ekki alltaf og svo finnst þeim gaman að vera í sumarfríi.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Haldið þið að þessir fuglar eigi fjöðrina?

Allir: Nei, þeir eru hvítir og svartir.

Sp: Geta þeir þá ekki átt fjöðrina?

Sér barnið samhengi orsaka og afleiðinga?

Í öllum hópunum sjá börnin samhengi orsaka og afleiðingu, á sinn barnslega hátt.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Hvernig verða epli til.

Barn 1: Vaxa.

Sp: Hvar?

Barn 1: Í trjánnum.

Sp: Og hvernig byrja þau að vaxa?

Barn 2: Það kemur sól og þá vaxa epli.

Sp: Hvernig vex gras?

Barn 1: Ég veit það, fyrst kemur moldin og svo vex grasið úr moldinni.

Barn 3: Epli vaxa í tré.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Er gott eða vont að vera út í buskanum?

Barn 1: Gott og vont.

Barn 2: Vont.

Sp: Af hverju?

Barn 2: Ég veit það ekki.

Barn 2: Ég er sammála Barni 1 en það er vont því það er svo kalt þar.

Barn 3: Það vill sko örugglega enginn fara út í buskann ekki einu sinni ég.

Allir: Ekki éggggggg.

Barn 3: Hver vill læra að fljúga?

Barn 3: Sko þið sem viljið það verðið að vera vel klædd. Ég ætla að læra að fljúga en ég ætla að taka með mér hlý föt og heitt kakó þegar ég fer út í buskann. Svo ætla ég að sofa þar.

Sp: Hvernig ætlar þú að sofa þar?

Barn 3: Ég ligg bara á buskanum með kodda.

Barn 2: En þú dettur bara niður.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Af hverju þarf að hafa með sér súrefni?

Barn 1: Annars sofnað maður eða deyr eða eitthvað.

Sp: Eruð þið sammála því?

Öll: Já.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Getur verið hættulegt að vera í bíl?

Flest: Nei.

Barn 1: Jú, stundum ef maður er ekki í öryggisbelti.

Barn 2: Já, ef maður lendir í bílslysi.

Barn 3: Já, og árekstri.

Sp: Fyrst sögðu allir nei og svo jú núna. Hafið þið þá skipt um skoðun?

Öll: Já.

Hlustar barnið á hina, biður um orðið, tekur tillit til annarra.

Í flestum tilfellum hlusta börnin á hvort annað en það kom einnig fram að stundum voru þau svo áköf í að koma sínum skoðunum fram. Í flestum tilfellum báðu börnin um orðið, jafnvel alltaf

sömu börnin en þó ekki nógu markvisst. Sum börn virtust meðvituð um þetta en önnur ekki. Það var mjög misjafnt í sumum hópunum virtust börnin taka mikið tillit til annarra en í öðrum hópum var það ekki eins gott, þau töluðu ofan í hvort annað.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Úr hverju er stjarna?

Barn 1: Örugglega eld.

Barn 2: Ég veit, ég veit. Örugglega úr mánanum.

Barn 3: Ég veit ekki.

Barn 4: Þær eru steinn með broddum.

Barn 1: Nei það er ekki rétt hjá honum.

Barn 2: Jú, það er gulur steinn með broddum.

Barn 1: Stjörnur eru ekki steinar.

Barn 2: Þeir sjást bara ekki þeir eru bara alveg gulir.

Sp: Hvernig geta þær þá lýst svona ef þær eru bara steinar með broddum?

Barn 4: Það er eldur líka á þeim.

Barn 2: Það er líka lampi inn í þeim svo þær geti lýst.

Barn 1: Það er ekki lampi inn í þeim.

Sp: Hvað er það þá, Barn 1?

Barn 1: Óskastjörnur eru ekki hvítar, líka gular.

Barn 5: Ég veit ekki úr hverju stjörnur eru.

Barn 1: Eldurinn lýsir stjörnurnar.

Sp: eru þið sammála um að þær lýsi af því að það er eldur á þeim?

Flest: Já.

Sýndi barnið skapandi hugsun.

Í flestum hópunum sýndu börnin skapandi hugsun.

Dæmi, hjá fimm ára börnum.

Sp: Hvað eru stjörnuverur?

Barn 1: Það eru svona stjörnuverur.

Barn 2: Ég þarf bara að spyrja pabba. Hann er búinn að raka hárið af.

...

Sp: Er máninn með augu?

Barn 1: Hann er með augu til að fólk sjái mánann.

Barn 2: Svo að máninn sjá allt. Hann njósna um okkur á nóttunni.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Getur spegill talað við mig?

Barn 1: Nei, hann er ekki með hjarta.

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum.

Sp: Ef það væru til svona epli í alvörunni, munduð þið borða þau?

Barn 1: Ekki við en gamlir, svona gamalt fólk.

Sp: Ætti maður einhverja ömmu ef allir mundu borða svona epli sem gerir gamalt fólk ungt?

Barn 2: Ég á gamla ömmu og afa.

Sp: Hvað ef þau yrðu ung aftur, mundir þú þekkja þau?

Barn 2: Haha, nei.

Barn 3: Örugglega.

Barn 2: Veit ekki.

Sp: Mundið þið vilja að svona epli væru til í alvörunni?

Allir: Já.

Barn 3: Þá myndi ég henda einu á jörðina því afi minn er dáinn.

...

Sp: Hvenær verður maður gamall?

Barn 1: Þegar maður er búin að lifa lengi.

Barn 2: Og orðin fullorðin.

Sp: Verðið þið einhvern tíma gömul?

Allir: Já.

Dæmi, hjá þriggja ára börnum.

Sp: Hvaða fuglar ætli þetta séu?

Barn 1: Flugvélafuglar.

Sp: Eru til flugvélafuglar?

Barn 2: Nei

Allir: Nei

Barn 3: Ég veit hvað þetta er.

Sp: Hvað er þetta?

Barn 3: Öðruvísi fuglar.

Sp: Öðruvísi fuglar?

Barn 4: Þeir eru hvítir og svartir.

5.2 Lokamat á lotunum

Í heild hafa loturnar gengið vel fyrir sig í þessi tvö ár. Fyrstu tímarnir í lotu eitt fóru í það að mynda hóptengsl á milli barnanna, þar sem þau voru að kynnst og komu frá mismunandi deildum. Þau kynntust hvert öðru og umhverfinu og mótuðu reglur fyrir hópinn. Það gekk nokkuð vel í eldri hópunum en erfiðar í fyrstu í yngri hópunum, því yngri börnin vildu vinna sjálfstætt, ekki deila hugmyndum eða setja sig í spor annarra. Það sama má segja um þegar ný Lundarselsbörn komu í hópana - það tók þau einhvern tíma að skilja til hvers var ætlast til af þeim.

Í upphafi var megináhersla lögð á reglurnar sem þurfa að vera til staðar í samræðunni í hefðbundnu heimspekítímunum og tækninni. Reglurnar: Að rétta upp hönd þegar maður vill tala. Hlusta vel á söguna, á hvort annað og á kennarann. Sitja kyrr á stól eða dýnu. Ekki trufla hvort annað, ekki rífast, ekki pota í hvort annað og ekki hafa hátt, nota svokallaða innirödd.

Okkur hefur fundist reglurnar skila sér víðar til dæmis við matarborðið heyrst oft: „Ég er með orðið núna“ eða „ekki trufla mig ég er að hugsa“. Agareglurnar eru einnig góð æfing fyrir grunnskólann. Í upphafi voru börnin að átta sig á því hvað það er að færa rök fyrir máli sínu og læra að „af því bara er ekkert svar“, læra að svara „mér finnst þetta af því að...“. Mörg hugtök voru í upphafi óskýr fyrir þeim og ýmis leikni samræðunnar lærðist í smáum skrefum, til dæmis

sú færni að koma með dæmi máli sínu til stuðnings. Börnin notuðu í byrjun oft dæmi eins og „ég sá það í sjónvarpinu“, „mér finnst það bara“, „mamma mín segir það!“ „af því bara“. En börnin voru ávallt hvött til að beita viðmiðunarhugsun, velta upp gagnrýni á eigin hugsun eða skoða sína eigin hugsun utan frá, hvað er rétt og rangt, ljótt og fagurt, vont og gott og hvað er hið sanngjarna. Skilningur á hugtökunum og tæknin kom misfljótt hjá börnunum.

Þegar lotunum fjölgað kom meiri færni í ljós hjá börnunum í að rökstyðja mál sitt, setja hugsanir sínar í orð, hlusta á aðra og skipta um skoðun. Einnig fléttuðust heimspekilegar samræður inn í daglegt starf sem var undirmarkmið hjá okkur í upphafi verkefnisins. Börnin eru farin að tala heimspekilega sín á milli hvar sem er og hvenær sem er.

Dæmi, þriggja ára börn í útiveru:

Sp: Krakkar, sjáið tunglið þarna uppi og svo er sólin líka þarna uppi.

Börnin: Já, vá.

Sp: Af hverju er tunglið núna?

Barn 1: Það er slökkt á því.

Sp: Hver slökkti?

Barn 1: Tunglið sjálf slökkti - þegar nóttin var búin.

Sp: En af hverju er það enn þarna?

Barn 2: Það gleymdi að fara.

Barn 3: Mamma setti það þarna.

Barn 4: Það vill sjá mig.

Barn 2: Farðu tungl!

Barn 4: Tunglið má sjá okkur en það er ekki nótt.

Barn 2: Nóttin og dagurinn eru vinir.

Börnin fóru nú að syngja: Tunglið, tunglið taktu mig...

Barn 3: Mamma mín á það.

Barn 1: Það er slökkt á því, svo það má vera þarna.

...

Dæmi, hjá fjöggra ára börnum í einingarkubbum.

Börnin voru að byggja veg sem varð að húsi, sem breyttist síðan í gröf...

Barn 3: Bangsinn hans var dáinn af því að hann var orðin gamall.

Sp.: Deyr maður þá þegar maður verður gamall?

Barn 1 og 2: Nei.

Barn 2: Maður deyr þegar maður fæðist, veistu hvernig ég veit það? Tvær eldri systur mínar dóu áður en þær fæddust.

Sp.: Deyr maður þá ekki þegar maður verður gamall?

Barn 3: Frændi minn dó af því hann var gamall.

Barn 2: Amma mín dó líka, hún var lasin.

Sp.: Getur maður þá bæði dáið þegar maður fæðist og þegar maður er gamall.

Allir: Já.

Barn 3: Það er ljótt að berjast.

Margir: Já.

Barn 3: Af hverju ætli þeir séu þá að berjast?

Sp.: Góð spurning, af hverju?

Barn 2: Af því að þeir eru óvinir.

Sp.: Ætli þeir kunni ekki að tala saman?

Barn 3: Þeir eru búnir að berjast svo lengi að þeir þora það ekki.

Barn 2: Þeir þekkjast ekki og þora þess vegna ekki að tala saman.

Dæmi, hjá fimm ára börnum í tjáningu.

Barn 1 leikur: Tígrisdýr sem er í vondu skapi.

Barn 2 leikur: Gnýr sem er í vondu skapi.

Hin börnin eru að leika sér að giska hvað þeir eru að leika og spyrja leiðandi spurninga til að komast að því hvað þeir eru að leika og í hvernig skapi maðurinn eða dýrið er. Þegar hópurinn komst að því hvað barn 1 og 2 var að leika settust þeir niður með okkur og við spjölluðum um dýrin og skap þeirra, meðal annars veltum við fyrir okkur „Hvað er að vera í vondu skapi?“

Barn 3: Að vera vondur er þegar maður fær engan mat, þá er maður í vondu skapi.

Barn 4: Ef maður vill ekki leika, þá er maður í vondu skapi.

Barn 5: Ef maður hefur engan til að leika við og ef engin væri til nema hann einn og svoleiðis.

Barn 6: Það er, já, þá vill maður borða, eða hvað? (úfff)

Barn 7: Veit ekki, ég ætla að hugsa.

Barn 1: Þegar einhver lemur mann, ræðst á mann og svoleiðis.

Barn 8: Ef maður gefur ekki öðrum, þá er hann í vondu skapi

Barn 9: Að vera vondur við aðra er vont.

Barn 2: Kannski ef einhver er vondur og gefur ljóta skál og hendir henni í gólfíð, það er að vera í vondu skapi.

Barn 4: Ef maður meiðir og hinir hlæja þá er hann vondur og í vondu skapi líka.

Barn 7: Þegar er árás og maður vill það ekki og hleypur til pabba og mömmu af því að hinir eru í vondu skapi.

Við ræddum þetta áfram og veltum meðal annars fyrir okkur hvort það sé tenging á milli þess að vera þreyttur og í vondu skapi, eða vera kvikindi í sér eða óþægur og vera í vondu skapi. Við komumst að þeirri niðurstöðu að þetta er flókið mál eða hvað?

Dæmi, hjá fimm ára börnum þegar tónlist og myndlist voru notuð saman: Spiluð var tónlist og rætt um tilfinningar út frá henni. Börnin teiknuðu síðan mynd hvert og eitt og síðan áttu börnin að skoða mynd hvers annars og ræða hvað þau sæju út úr henni. Barnið sem teiknaði myndina átti síðan að segja hvað var í huga þess er teiknaði hana.

Sp: Hvað sjáið þið á þessari mynd?

Barn 1: Hann er leiður.

Sp: Af hverju heldur þú að hann sé leiður?

Barn 1: Ég veit það ekki.

Barn 2: Hann er grátandi.

Sp: Hvernig sérðu það?

Barn 1: Hann er með tár. Og augun eru í fýlu.

Sp: Geta augu verið í fýlu?

Mörg: Já.

Sp: Hvernig eru augu í fýlu?

Mörg: Svona. (gerðu sig döpur á svipin og kipruðu augun.)

Barn 3: Ég veit það ekki.

Barn 4: Hann er grátandi. Ég sé tár.

Barn 5: Hann er grátandi. Ég sé það á tárunum.

Barn 6: Mér finnst hann vera grátandi. Ég held að það sé vegna þess að vinir hans eru hættir að leika við hann.

Sp: Hvað segir þú Barn 7. Hvað varstu að hugsa þegar þú teiknaðir myndina?

Barn 7: Það er rétt hjá stelpunum. Hann er grátandi og það er útaf því að enginn vill leika við hann.

Sp: Fannst þér tónlistin eitthvað dapurleg sem við vorum að hlusta á?

Barn 7: Já.

Dæmi, hjá fjögura ára börnum í myndlistartíma.

Barn 1: Ég er glaður, þegar maður er glaður þá er maður svona (benti á myndina sína til útskýringar) með glóandi augu. Ef maður brosir þá glóa augun.

Sp: Af hverju ertu glaður í dag?

Barn 1: Út af því að ég vill ekki vera leiður, mér finnst glaður vera miklu fallegri.

Barn 2: Ég er glöð af því mig langar svo að vera glöð.

Dæmi, hjá fjögura ára börnum, í tjáningu.

Lékum sögu sem tók breytingum og ræddum saman.

Sp: Gat Jötunninn breytt sér í örn?

Öll: Já, þá getur hann líka breytt sér í frosk eða snjókarl og ský og fjall og skíði og fleira.

Sp: Af hverju?

Öll: Ef hann getur breytt sér í fugl þá getur hann galdrað og breytt sér í hvað sem er.

Sp: Hvað ætlar Jötunninn að gera við Íðunni?

Öll: Steikja hana. Setja hana í netið. Láta hana hjálpa sér við húsverkin eins og Soffía. Æsirnir sækja Íðunni og þá fær Jötunninn fyrir ferðina.

Dæmi, hjá þriggja og fjögura ára við matarborðið. Í matinn var kjötsúpa. Eitt barnanna var búíð með kjötið og bað um meira, þegar verið var að aðstoða það með ábót þá segir það:

Barn 1: Vá ætlar þú að borða svo mikið?

Barn 2: Já, svo ég verði stór og feitur.

Barn 3: Þá getur þú aldrei verið nema bara í joggingbuxum!

Dæmi, hjá fimm ára við matarborðið en í samveru þá um morguninn var lesið um kanínu sem dó og fór upp til Guðs og þurfti að leysa ákveðin verkefni til að verða sýnileg á jörðina aftur.

Barn 1: Heyrðu þegar ég dey þá breytist ég í strák þegar ég fer til Guðs.

Sp: Nú, verður þá barn 2, sem er strákur, stelpa þegar hann fer til Guðs?

Barn 1: Já.

Sp: Hvernig gerist það? Hver stjórnar því?

Barn: Nú Guð. (Það var ekkert flóknara en það og þurfti ekki frekari rökstuðning við, að barnanna mati.)

Sp: Nú, verð ég þá strákur þegar ég kem til Guðs?

Barn: Nei, þú verður AFI!

Röksemdafærslur geta verið hreint magnaðar hjá börnum og einnig leikgleði þeirra í heimspekilegum samræðum. Mörg börn hafa yndi af tvíræðni, þversögnum, afstæðum hugtökum og leik að orðum.

Mat okkar á lotunum er að börnin geta auðveldlega grafist fyrir um forsendur skoðana eða reglna. Þau áttu aðvelt með að koma með dæmi máli sínu til stuðnings, kanna nýja möguleika og spá fyrir út frá nýjum aðstæðum. Börnin komu með ný hugtök og alhæfingar sem tengdust reynsluheimi þeirra. Þau gerðu greinarmun á hugtökum og báru þau saman, þau áttu aðvelt með að segja hvað sé líkt og hvað ólíkt með hlutunum. Aðferðir barnaheimspekinnar ganga út á að efla og styrkja þá náttúrulegu rökvisi í hugsun sem börnin búa sjálf yfir með því að láta þau orða eigin skoðanir og ræða um þær út frá ákveðnum sjónarmiðum.

Börnin voru misvirk í umræðunum en óhætt er að segja að þau voru öll dugleg að færa rök fyrir máli sínu á sinn barnslega hátt. Þau sem höfðu sig minnst í frammi í heimspekítímum komu oftast en ekki til kennara einhverju seinna til að spjalla um umræðuefni síðasta tíma. Heimspeki með börnum byggir að verulegu leyti á samræðuhæfni og samræðuvilja barnanna, en við teljum einnig að hæfni til að geta dregið sig í hlé sé líka forsenda þess að geta hugsað og verið sjálfráða og sjálfstæður í hugsun.

6.1 Kannanir: Álit foreldra, leikskólakennara og barna

Höfundur: Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri.

6.1.1 Inngangur

Í upphafi þróunarverkefnisins á Lundarseli, það er 1999, var gerð könnun meðal foreldra barna í leikskólanum. Á miðju tímabili verkefnisins, eða 2000, voru tekin viðtöl við foreldra, börn og kennara leikskólans um nám barnanna í heimspekítímum. Í lok verkefnisins, það er 2001, var gerð könnun meðal foreldra og kennara leikskólans og var spurningalistinn byggður á niðurstöðum viðtalanna. Kannanirnar og viðtölin vann Guðrún Alda Harðardóttir í samráði við starfsmenn leikskólans.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hvernar könnunar fyrir sig.

6.1.2 Könnun I

Markmið könnunarinnar var að kanna hug foreldra til leikskólastarfsins og verkefnisins. Könnunin var gerð með spurningalista sem lagður var fyrir alla foreldra í september 1999. Spurningalistar lágu frammi á sama tíma og foreldrakaffi var á deild barnsins. Foreldrar voru beðnir að svara spurningunum á staðnum og stinga spurningalistanum í þar til gerðan kassa. Listarnir voru ómerktir og ópersónugreinanlegir.

Spurningar eru alls sex og tekur 5-10 mínútur að svara þeim. Þátttakendur í könnuninni voru foreldrar allra barna (91) í leikskólanum Lundarseli. Svör bárust frá 78 foreldrum eða 85%. Úrvinnsla gagna fór fram í tölvuforritinu *Statistika*. Foreldrum var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar í fréttabréfi leikskólans.


Við lestur þessara niðurstaðna ber að hafa í huga að könnunin var gerð í upphafi þróunarverkefnisins og ekki var byrjað að fjalla um eða kynna áhersluþætti verkefnisins.

Niðurstöður sýna að foreldrar telja eftirfarandi þætti vera mikilvægasta í námi barnanna í leikskólanum: Taka tillit til annarra, fara eftir reglum, hlusta á aðra, leika sér, taka ábyrgð á sjálfu sér og sjá hæfileika sína. Niðurstöður um óskir foreldra voru gott veganesti í upphafi verkefnisins ekki síst með það í huga að í verkefninu er lögð áhersla á siðfræðilega þætti.

Hér er aðeins gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar.

Niðurstöður könnunar I

48 foreldrar telja mikilvægast að barnið þjálfist í að taka tillit til annarra, 45 telja að fara eftir reglum sé mikilvægast, 44 að nota samræður til að leysa ágreining, 29 að hlusta á aðra, 28 að barnið þjálfist í að leika sér, 28 að það taki ábyrgð á sjálfu sér og 25 foreldrar telja mikilvægast að barnið þjálfist í að sjá hæfileika sína.



Í stuttu máli

Allir foreldrar telja að þeirra barni líði mjög vel eða vel í leikskólanum.

Flestir foreldrar segjast hafa miklar væntingar til þróunarverkefnisins.

Foreldrar eldri barnanna hafa meiri væntingar til verkefnisins en foreldrar yngri barnanna.

Foreldrar telja almennt að það sem lýtur að siðfræðilegum þáttum vera mikilvægara í leikskólaskólastarfinu en beinir þekkingarlegir þættir, s.s. að læra bókstafi og telja.

6.1.3 Viðtöl við foreldra, börn og leikskólakennara

Er þróunarverkefnið hafði staðið í eitt ár, voru tekin viðtöl við foreldra, leikskólakennara og börn. Tilgangur viðtalanna var að leitast við að skoða á breiðum grundvelli hvað foreldrar, kennarar og börnin sjálf telja að þau hafi lært í heimspekitímunum.

Viðtölin fóru fram í júní 2000. Tekin voru hópviðtöl, foreldrar barna hvers árgangs voru boðaðir saman, kennarar hvers árgangs í heimspekitímunum voru boðaðir saman og einnig var rætt við barnahópana í árgöngum.

Viðtölin voru tekin upp á MD tæki – strax að loknum viðtölum voru þau skráð í tölvutækt form. Viðtölin voru flokkuð (kóduð), atriði sem fram komu í viðtölunum voru tekin út og flokkuð. Foreldrum var sent bréf þar sem óskað var eftir þátttöku þeirra í viðtölunum, þátttaka foreldra var frekar dræm alls var talað við 10 foreldra. Full þátttaka var meðal kennara eða 7, og rætt var við 24 börn. Viðtölin við börnin fóru þannig fram að rannsakandinn kom í leikskólann og settist með nokkrum börnum úr hverjum árgangi fyrir sig (valin af handahófi). Margt gagnlegt kom fram í viðtölunum og niðurstöðurnar voru kynntar leikskólakennurunum á fundi.

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum frá viðtölunum.

Niðurstöður viðtala.

Hvað lærðu börnin í heimspekitímunum?

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir álitum foreldra, leikskólakennara og barnanna á því hvað þau telja að börnin hafi lært í heimspekitímunum. Fyrst verður gerð grein fyrir svörum foreldra svo leikskólakennara og loks barnanna.

Hvað finnst foreldrunum?

Í viðtölunum kom fram almenn ánægja foreldra með þróunarverkefnið, þeir töldu börnin hafa lært margt í leikskólanum, það væri að sjálfsögðu ekki allt þróunarverkefninu að þakka, aðrir þætti hefðu einnig áhrif svo sem að börnin væru að þroskast.

Það helsta sem foreldrarnir tóku fram um nám barnanna var að þau:

- Taki nú meira tillit til annarra.
- Tjái sig meira -fámála börn tjái sig meira.
- Noti samræður og taki meiri þátt í samræðum.
- Samþykki frekar mismunandi skoðanir.
- Að málþroski hafi aukist.
- Spyrji „dýpri“spurninga.
- Rökræði meira.
- Rökstyðji betur.
- Svari ekki með orðinu „bara“.
- Útskýri meira.
- Hlusti betur.
- Taki ekki allt sem sjálfgefið.
- Vilja hlusta á þyngri bækur.
- Skynji umhverfið á annan hátt.

Nokkur dæmi um svör foreldra:

Hún er hætt að svara með „bara“, hún sem sagt hugsar sig aðeins betur um áður en hún svarar, reynir og er nokkuð góð í að rökstyðja og finna ástæður þó þær séu kannski ekkert betri heldur en „bara“ þá finnur hún ástæður, meira heldur en hún gerði áður.

Mér finnst þau koma með betri rök fyrir hlutum.

Þau ... taka öðruvísi þátt í samræðunum, þau eru virkari í þeim.

Þær (systurnar) geta haldið uppi alveg svona hrókasamræðum, á mjög svona vitsmunalegum grundvelli sem hún gat ekki fyrir svona hálfu ári síðan.

Að þetta með „bara er ekkert svar“ og svoleiðis atriði hafi komið.

Að það hafi skilað sér í samræðulist og að einhverju leyti, ég get ekki fest hendur á því en okkur finnst það.

Mér finnst líka að það koma kannski meiri, dýpri kannski spurningar um hitt og þetta af hverju þetta og af hverju er þetta svona, mér finnst það hafa breyst sko og hún tekur líka meiri tillit til yngri systur sinnar.

...rökræða meira, tekur ekki öllu sem sjálfgefnu. Finnst í lagi að öllum finnst ekki það sama.

Er orðinn færari í rökræðum en eldri systkini.

Börnin virðast hafa meira gaman af óhefðbundinni heimspeki.

Skráningar skipta miklu máli foreldrar lesa þær og geta rætt áfram við börnin. Börnin tjá sig fá að fyrrabragði um hvað var rætt í heimspekitímum.

Hvað finnst leikskólakennurum?

Í viðtölum við leikskólakennarana kom fram að þeir telja börnin hafa lært margt bæði vitsmunalega og félagslega svo sem: Reglutengt og agatengt, að spyrja spurninga, rökstyðja svarið, hlusta á aðra, taka tillit til annarra, átta sig á hugtökum eins og að skipta um skoðun, vera sammála – ósammála, segja það sem þeim finnst – ekki apa, tvíræðni orða - leikur að orðum.

Nokkur dæmi um svör leikskólakennara:

Já, skiptast á að tala, svona agaðri umræða.

Segja það sem þeim finnst óháð því sem sessunautunum finnst.

Þau segja núna blákalt sína skoðun, og eins þessi orð þau nota þau orðið, ég er sammála eða ég er ósammála og þó nokkuð kom fyrir ég er búin að skipta um skoðun líka þessi orð svona sem að kannski þau höfðu ekkert á hreinu þau eru komin með þau finnst mér, að miklu leiti.

Mér finnst þau líka vera orðin opnari fyrir tvíræðni orðanna

Hvað finnst börnunum?

Það var almenn ánægja hjá börnunum yfir heimspekítímunum, elstu börnin kvörtuðu yfir því að þurfa að hætta. Þriggja og fjögurra ára börnin lýstu því hvað þau voru að gera, frekar en að greina hvað þau lærðu, en þau töluðu um að þau væru að læra reglur. Sem dæmi: „Að tala einn í einu og svo hinn og hinn og hinn.“ Fimm ára börnin lýstu ekki eingöngu athöfnum heldur svöruðu til dæmis að þau lærðu: Að hlusta, um rafmagn, hvernig allt verður í, að ríma, leiður – glaður...

Hér verður börnunum gefið orðið:

B: Veistu hvað á að segja í heimspeki? Við sögðum einu sinni svona um sólina og mánann. Sólin hún fer alltaf niður, hún verður alltaf þreytt þegar hún sér mánann þá verður hún svo þreytt og þá vill hún ekki vera gul lengur og þá vill hún bara fara svona niður bak við fjöllin og svo veistu hvað hún ætlar að gera þá? Þá málal hún sig bláa og svo fer hún aftur upp og þá verður hún blá og svo fer hún aftur niður og þá er hún orðin gul.

F: **Já.**

B: Og þegar hún kemur upp þá er hún blá.

B: ... sagði að ef að fugl gæti verið mamma og búið til matinn og einhver kisi væri bróðir og gera eitthvað.

F: **Já, hvað fannst þér um það?**

B: Bara ekkert, það er eitthvað skrítið, það gæti ekki verið.

F: **Hvers vegna ekki?**

B: Af því bara, því annars getur hann ekki haldið á matnum og svona, fuglinn.

F: **Hvernig væri hann í að búa um rúmið?**

B: Ég veit það ekki kannski er hann ekki svo sterkur.

B: Veistu, ég veit alveg hvernig það rignir.

F: **Hvernig rignir?**

B: Það kemur svona vatnsdropar úr þessu og svo þegar það er búið að rigna þá eru engin ský eftir segir mamma mín.

F: **Hvernig koma skýin aftur?**

B: Þá fara þau þar sem sólin fer upp.

Hugsun

Hér verða niðurstöður frá viðtölum við foreldrana flokkaðar samkvæmt eftirfarandi hugtökum: umhyggjuhugsun (caring thinking) svo sem að taka tillit til annarra, gagnrýnin hugsun (critical thinking) til dæmis að hugleiða um hugsunina, samvinnuhugsun (collaborative), eins og að hugleiða með öðrum og skapandi hugsun (creative thinking) svo sem að finna nýja vídd eða að hugleiða með sjálfum sér.

Umhyggjuhugsun. Hjá foreldrum kom fram að börnin tækju nú meira tillit til annarra t.d. systkina og átti það bæði við yngri og eldri systkini.

Gagnrýnin hugsun. Foreldrarnir sögðu að börnin væru hætt að nota hugtakið „bara“ í svörum sínum. Einnig kom fram að börnin komi nú með „dýpri“ spurningar og að þau tækju ekki öllu sem sjálfgefnu.

Samvinnu hugsun. Nær allir foreldrarnir sögðust merkja að börnin væru virkari í samræðum en áður og rökræddu meira.

Skapandi hugsun. Aðeins mátti greina í svari eins foreldris að barnið sýndi meiri skapandi hugsun nú, það var foreldri 5 ára barns sem sagði: „...hann er farinn að skynja umhverfið á annan hátt... ..til dæmis „mamma finndu lyktina, þetta er kaffilykt...“

6.1.4. Könnun II

Eins og fram hefur komið var dræm þátttaka foreldra (10) í viðtölunum. Til að fá fram hvort að álit foreldranna 10 er dæmigert fyrir foreldrahópin í heild var hannaður spurningalisti sem byggður var á niðurstöðum viðtalanna. Spurningalistinn var lagður fyrir foreldra í lok verkefnisins.

Þegar niðurstöður viðtala við foreldra voru bornar saman við niðurstöður viðtala við leikskólakennarana mátti greina mun þar á, því var ákveðið að leggja spurningalistann einnig fyrir leikskólakennarana.

Spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur (foreldra og kennara) til útfyllingar í apríl 2001. Listarnir voru ómerktir og ópersónugreinanlegir. Starfsmenn leikskólans afhentu foreldrum spurningalista og voru þeir beðnir um að koma með hann á ný í leikskólann og setja svörin í þar til gerðan kassa. Í fyrri könnuninni (1999) voru foreldrar beðnir að svara listanum á staðnum, það er að þeir fóru ekki heim með hann. Nokkuð var um að foreldrar kvörtuðu yfir að fá ekki möguleika á að svara heima, því var ákveðið að í seinni könnuninni væri farin sú leið að foreldrar gætu farið heim með listann. Gallinn við slíkt er að hætta er á brottfalli, sem var raunin því 45% foreldra svöruðu seinni könnuninni á meðan 85% foreldra svöruðu þeirri fyrri.

Spurningar eru alls 20 og tekur 5-10 mínútur að svara þeim. Við hönnun spurningalistans voru spurningarnar skoðaðar og yfirfarnar af leikskólakennurum í leikskólanum Lundarseli, svo og af kennurum í H.A. og H.Í.

Þátttakendur í könnuninni voru foreldrar barna sem voru í heimspekítímum (71) í leikskólanum Lundarseli. Svör bárust frá 32 foreldrum eða 45%. Leikskólakennarar (7) sem

voru með heimspekitíma svöruðu spurningalistanum fyrir hvert einstakt barn sem voru í heimspekitímum þeirra, svörin eru 56 eða 79%. Úrvinnsla gagna fór fram í tölvuforritinu SPSS.

Niðurstöður könnunar II

Hér verður aðeins gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í stuttu máli út frá niðurstöðum viðtalanna við foreldra sem gerð var árinu áður svo og könnunarinnar sem gerð var í upphafi verkefnisins. Í könnun við upphaf verkefnisins kom fram að mikilvægustu námsþættir leikskólans eru að mati foreldranna að barnið þjálfist í að:

Taka tillit til annarra.

Fara eftir reglum.

Nota samræður.

Eins og fram hefur komið sögðu foreldrarnir í viðtölunum að börnin:

Taki meira tillit til annarra.

Hlusti.

Noti meira samræður. Taki meiri þátt í samræðum. Samþykki frekar mismunandi skoðanir. Rökræði meira og rökstyðji betur og sögðu þau skynja umhverfið á annan hátt

Greint verður frá svörum nokkurra spurninga könnunarinnar um breytingar sem hafa orðið hjá barninu sem tengjast sérstaklega vinnu með heimspeki í leikskólanum.

Barnið tekur tillit til annarra

Eins og fram kom í fyrstu könnuninni leggja foreldrar áherslu á að börnin þjálfist í að taka tillit til annarra. Niðurstöður seinni könnunarinnar sýna að flestir foreldrar og leikskólakennarar eða 57% (50) telja að nokkrar breytingar hafi orðið, 19% (17) segja lítil breyting og 18% (16) sjá miklar breytingar. Ef skoðað er hvernig svörin skiptast á milli foreldra og leikskólakennara má greina að leikskólakennarar segjast sjá meiri breytingar eða 23% (13) á meðan 11% (3) foreldra segjast greina miklar breytingar á að börnin taki tillit til annarra.

Barnið fer eftir settum reglum

Eins og fram kom í fyrstu könnuninni leggja foreldrar áherslu á að börnin þjálfist í að fara eftir settum reglum. Niðurstöður seinni könnunarinnar sýna að flestir foreldrar og leikskólakennarar eða 53% (44) telja að nokkrar breytingar hafi orðið, 25% (21) sjá mikla breytingu og 22% (18) segja lítil breyting. Ef skoðað er hvernig svörin skiptast á milli foreldra og leikskólakennara má greina að foreldrar segjast sjá meiri breytingar eða 35% á meðan 21% leikskólakennara segjast greina miklar breytingar á að börnin fari eftir settum reglum.

Barnið notar samræður

Eins og fram kom í fyrstu könnuninni leggja foreldrar áherslu á að börnin þjálfist í að nota samræður. Niðurstöður seinni könnunarinnar sýna að 39% (33) foreldra og leikskólakennara telja að nokkrar breytingar hafi orðið, 38% (32) sjá mikla breytingu og 23% (19) segja lítil breyting. Ef skoðað er hvernig svörin skiptast á milli foreldra og leikskólakennara má greina að foreldrar segjast sjá meiri breytingar eða 56% á meðan 30% leikskólakennara segjast greina miklar breytingar á að börnin noti samræður.

Virk börn

Rúm 40% foreldra og leikskólakennara telja að börnin tjái sig meira og betur, rökstyðji mál sitt, eru virkari í samræðum og mynda sér skoðanir. Þessar niðurstöður eru líkar því sem fram kom í viðtölum við foreldra.

Að lokum

Eins og fram hefur komið hafa börnin að sjálfsögðu tekið miklum þroska óháð heimspekistarfi leikskólans. En í ljósi þessara athuganna má ljóst vera að heimspekistarfið hefur hvatt börnin til virkrar þátttöku í lífinu - lífsleikni.

Niðurstöðurnar eru mikil hvatning til að áfram verði unnið að heimspekistarfi í leikskólanum Lundarseli að þróunarverkefninu loknu.

7.1 Niðurstöður

Rauði þráður þróunarverkefnisins var að kanna hvort raunhæft væri að vinna með ungum börnum í skipulögðum heimspekítímum og nota til þess íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppsprettu að samræðum.

Að „hugmyndagreina“ íslenskar barnabókmenntir og velja góðar bækur með tilliti til hversu vel þær henta til að vekja upp heimspekileik og samræður. Bókalistinn sem við unnum við að hugmyndagreina íslenskar barnabækur er alls ekki tæmandi, slíkt verk væri allt of viðamikið og heldur ekki á okkar færi. Við fórum þó í gegnum allan listann sem unninn var í upphafi, sumarið 1999 og tókum margar út úr. Þær bækur sem eru eftir á listanum eru bækur sem hugsanlega ganga í heimspekivinnu.⁶² Við komumst fljótt að því að ekki henta allar bækur í heimspekivinnu. Ástæðurnar voru margvíslegar, margar íslenskar bækur eru of langar fyrir þessa vinnu og þær þurfa að hæfa aldri barnanna. Við komumst að því að sögurnar þurfa að vera

⁶² Sjá í fylgiskjölum nr. 1.

stuttar til að athygli barnanna haldist svo vikum skipti, það er stuttur texti er lesinn í einu. Sögurnar þurfa að vera opnar það er að segja þær mega ekki fela í sér öll svörin og þær þurfa að búa yfir ráðgátum og heimspekilegu glensi. Sumar barnabækur komu einfaldlega ekki til greina vegna þess hve þungar þær voru fyrir leikskólabörn. Við val á þjóðsögum reyndum við að velja sögur sem voru ekki mjög flóknar málfarslega séð. Það var kvíði fyrir því að orðafarið væri flókið og það væri margt sem börnin þyrftu að fá skýringu við og skildu ekki. En það reyndist ástæðulaust. Þau voru býsna vel með á nótunum og ekki margt sem þau virtust ekki skilja. Niðurstaðan var sú að þessar sögur henti elstu börnunum best.

Að útbúa kennsluleiðbeiningar með aðstoð barnanna á Lundarseli – hlusta á athugasemdir þeirra og vangaveltur með tækni uppeldisfræðilegrar skráningar. Vinnan að kennsluleiðbeiningunum var afar krefjandi og tímafrek, það að semja spurningar og verkefni í beinni tengingu við sögutextann þannig að efnið haldist heimspekilegt. Krefjandi gat verið að finna gátur sem knýja börnin og okkur til að íhuga hvort við vitum með vissu að við erum stundum vakandi og að lífið sé þess vegna ekki bara draumur!⁶³ Börnin á Lundarseli aðstoðuðu okkur við þessa vinnu með því að finna sjálf ráðgáturnar, benda okkur á hvað höfðaði til þeirra og hvað vakti forvitni þeirra. Með tækni uppeldisfræðilegu skráningarinnar hlustuðum við eða skrifuðum niður hvenær börnin undruðust, komu inn með nýja vinkla og hvenær þau hlógu. Við notuðum þá punkta í kennsluleiðbeiningarnar og útbjuggum spurningar og verkefni í kringum þá. Við teljum að þetta verk hafi gengið áætlega, en þó ekki meira en það, vegna þess hve erfitt var að takmarka sig og hve óöruggar við vorum stundum um ramma heimspekinnar.

Þegar við litum til baka þá áttuðum við okkur á því að ef til vill týndum við okkur í skráningunum. Hugsanlega vegna þess hve mikið gildi þær höfðu fyrir foreldra og börn. Sömuleiðis má segja að krafa foreldra um sýnileika starfsins hafi verið ákveðinn drifkraftur fyrir okkur og verið okkur hvatning.

Að þróa heimspekivinnu fyrir börn og kanna hvaða form eða aðferðir henta best í slíkri vinnu. Það gekk vel að koma heimspekivinnunni af stað og að finna hvað hentaði best fyrir okkur og börnin. Hver hópstjóri fékk það frjálsræði að þróa sjálfur umgjörð heimspekivinnunnar, það gerði hann í takt við barnahópin hverju sinni. „*Það hentaði hópnum mínun betur að vera í hring, síðan komu kannski tímabil hjá mér þar sem það hentaði sama hópnum betur að vera við borð og þá jafnvel að gera eitthvað á meðan við borðið svo sem að teikna.*“ Niðurstaða okkar er sú að læsast ekki í neinu ákveðnu fyrirkomulagi og vera sveigjanlegur, jafnframt því að vera sveigjanlegur þegar kemur að því að skipuleggja tímalengd heimspekivinnunnar, það þýðir ekkert að vinna bókstaflega eftir klukkunni. Það kom í ljós að

⁶³ Sbr. Matthews 1980.

með eldri börnin þarf að gefa hefðbundnu tímumum u.þ.b. 40-45 mínútur og óhefðbundnu rúmlega klukkutíma en styttri tíma með yngri börnunum.

Allir voru sammála því að gott er að nota kennsluleiðbeiningar í hefðbundnu tímumum, leiðbeinendur skólans hafa forprófað þær og fannst ágætt að vinna með þær. Okkar mat er að það þurfi að blanda saman hefðbundinni heimspeki við óhefðbundna formið, skapa samræðugrundvöll á sem margbreytilegastan hátt til að koma inn á áhugasvið sem flestra barna og halda leikgleði, áhuga og spennu hjá börnunum.⁶⁴ Þegar kemur að því að meta hvernig nota beri kennsluleiðbeiningar í óhefðbundinni heimspeki komu fram tveir vinklar, annars vegar að það fælist ákveðið öryggi í því að hafa þær með sér og hins vegar að það gæti hindrað spuna.

Kennari 1: „Ég vil meina að það sé betra að koma með spurningabunu í farteskinu sem felur í sér heimspekilega vinkla á hugsanlegu viðfangsefni.“

Kennari 2: „Hindrar það okkur ekki að vera of undirbúin? Hvað með spunann?“

Kennari 3: „Mér fannst oft betra fyrir mig að grípa hugmyndir barnanna og vinna með það óundirbúið.“

Kennari 4: „Já, en það gat líka verið gott að ganga skipulega inn í óhefðbundnu tímana, skipulagða út frá síðasta samræðuefni með börnunum og láta síðan börnin um spunann.“⁶⁵

...

Ef maður er of skipulagður geta samskiptin orðið of mikið kennari-barn-kennari og það dregur úr flugi á milli barnanna. Ef maður fer óundirbúinn er ef til vill hætta á að heimspekin útvatnist! Aðalatriðið er þá að passa að festast ekki í leiðbeiningum eða eigin hugmyndum, þær eiga að styðja við heimspekivinnuna og koma henni af stað.⁶⁶

Að innleiða hugmyndafræði barnaheimspekinnar inn í alla þætti leikskólans, komast nær hugmyndaheimi barna og gera starfið sýnilegt. Við erum án efa færari í að spyrja spurninga, leita svara við þeim og sjá hlutina skýrar í margfaldleika sínum. Einnig mötum við börnin miklu minna, það er að segja, við höfum áttað okkur á því að spurningar fela ekki alltaf í sér eitt rétt svar. Það stendur í vegi fyrir skilningsleit barnanna upp á eigin spýtur. Við erum opnari fyrir nýjungum og barnaheimspekin hefur skotið rótum hjá okkur, til dæmis í vinnuáðferðum okkar í samverustundum og við þemavinnu. Starfið hefur verið sýnilegt öðrum og gert okkur næmari fyrir hugmyndaheimi barnanna. Skráningar undirstrika að börnin hafa stærri „ímyndunarglugga“ en þeir fullorðnu og hugsa oft frumheimspekilega, þau eru opin og hræðast ekki að koma með tillögur að svörum og sniðugum lausnum. Foreldrar hafa óskað eftir

⁶⁴ Sjá nánar um óhefðbundna heimspeki í kafla 4.1.2.

⁶⁵ Sbr. skráningu sem tekin var upp á samræðufundi leikskólakennara á Lundarseli 13. júní 2001.

því að leikskólinn haldi áfram með heimspekivinnuna og einnig hafa þeir óskað eftir því að skráningarveggurinn verði til frambúðar. Þannig séu þeir í betri tengingu við það sem barnið þeirra er að gera í leikskólanum.⁶⁷

Að ná markmiðum okkar um að gera börnin leiknari í að umgangast hvort annað og auka skilning þeirra á sjálfum sér og öðrum. Þetta markmið verðum við aðalleg að meta út frá reynslu okkar og upplifun, erfitt er að gera hlutlægt mat. Samt sem áður þá finnst okkur börnin tilbúnari til þess að viðurkenna mismunandi skoðanir „já, okkur þarf ekki að finnast eins“. Félagsþroski barnanna og samskipti hafa tekið framförum, þau þurfa að hafa lært að setja fram hugmyndir sínar, hlusta á aðra og virða hugmyndir þeirra. Þau taka einnig betur eftir umhverfi sínu og fara stundum, sín á milli, í heimspekileiki eins og „*hvað ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmi?*“. „*Hvernig get ég vitað hvað hendurnar mínar vilja gera? Getur ein viljað klæða mig og hin viljað eitthvað allt annað?*“

Við teljum að þróun hafi átt sér stað hjá börnunum, jafnvel börn sem áður voru hlédræg láta nú skoðanir sínar í ljós óhikað. Börnin gera núorðið þær kröfur að fá að vita af hverju? Þau vilja fá rök og það sama gildir heima! „*Af því bara er ekkert svar*“. „*Hægan, hægan mamma, hver segir að maður þurfi alltaf að tannbursta sig á kvöldin? Við skulum ræða það!*“ Nauðsynlegt er að áréttta hér að hægt er að tengja hegðun barnanna við eðlilegan þroska þeirra, en án efa einnig við færni sem þau hljóta við að stunda markvisst heimspekilegar samræður.

Heimspekileg samræðustund er lýðræðisleg í framkvæmd og undirbýr börnin til virkrar þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, börnin á Lundarseli krefjast núorði að fá að vera með í ákvörðunartökum eins og hvaða reglur eiga að gilda við matarborðið, Dæmi: „*EKKI sitja eins og Indíáni, þá getum við dottið*“. „*Borða með gafflinum því maður má ekki éta eins og sóði*“. Ótvíræðir kostir heimspekinnar til menntunar er inntak hennar, hugmyndir, ráðgátur og hugtök sem unnið er með og fjallað er um á lýðræðislegan hátt.

7.1.1. Vangaveltur og lokaorð

Við höfum velt fyrir okkur hvort forvitni barnanna á Lundarseli hafi ekki aukist því börnin eru oft gagntekin af áleitnum spurningum um tilveruna, enda hægt að líkja leit „litlu spekinganna“ eftir svörum við leynilögreglusögu. Þeim finnst skemmtilegt að fara í heimspekileik og reyna að útskýra hvað maður meinti eða hefði getað meint eða glíma við allskonar gátur, brjóta hin ýmsu málefni til mergjar.

Það yrði gaman í framhaldinu af þessu verkefni að vera í samstarfi við einhvern grunnskólann, að skoða hvort það væri sýnilegur munur á „litlu spekingunum okkar“ og öðrum

⁶⁷ Sjá nánar um niðurstöður í kafla 6.

börnum. Hefur heimspekivinnan áhrif á skólagöngu þeirra? Hefur heimspekivinnan áhrif á hæfileika barnanna til að leysa hversdagsleg vandamál? Við gerum okkur þó grein fyrir að gildi heimspekivinnu með börnum fer án efa að hluta til eftir áhuga og drifkrafti leikskólakennarans og grunnskólakennarans, væntingum og markmiðum hans. Því yrði slíkt mat hugsanlega huglægt.

Okkur langar einnig að hefja samstarf við annan leikskóla héraðs eða erlendis sem væri að vinna með heimspeki með börnum. Við höfum ákveðið að halda áfram að vinna með uppeldisfræðilega skráningu á verkum og hugmyndum barnanna, fyrir okkur sjálf, börnin og foreldra, mundi það til dæmis auðvelda allt samstarf. Í raun er skráning náskyld hugmyndafræði heimspekinnar, það að leggja fyrir börnin verkefni á þeirra forsendum og vinna verkefni í gegnum áhuga og fyrri reynslu þeirra og að virða verk þeirra og hugmyndir. Við erum sannfærð um það að skráningin kenni okkur einnig svo mikið, þar heyrum við í sjálfum okkur og getum lagt mat á starf okkar.

Við ætlum að halda áfram með heimspekina sem aðal áhersluleikskólans. Það gæti verið spennandi áframhald fyrir okkur á Lundarseli að vinna áfram með tónlistar- og myndlistarformin til að skapa samræðugrundvöll. Einnig að vinna áfram við að útbúa verkefni með íslenskum barnabókum og þekktum erlendum ævintýrum eins og *Bangsímon* og *Lísu í Undralandi*. Framtíðarsýn okkar er að iðkun barnaheimspekinnar verði samofin öllu okkar starfi, því heimspekilegar samræður eiga ekki að vera einungis bundnar við ákveðin verkefni eða stundir. Alls staðar á að tala við börnin af virðingu og þannig að þau uppgötvi sem flest sjálf. Öll menntun hlýtur að stuðla að því að opna hug barnanna og vekja hugmyndir.

Það er álit okkar að barnaheimspekin eigi heima í leikskólum og teljum við að raunhæft sé að vinna með ungum börnum í heimspekivinnu. Sumir telja að heimspekilegar samræður séu ekki við hæfi ungra barna, að þau hafi ekki þroska til að taka þátt í þeim svo gagn sé að. Við erum ekki sammála og álítum að þeir sem telja það taki sennilega ákveðnar þroskakenningar meðal annars kenningu Piagets um vitsmunþroska barna of bókstaflega!⁶⁸ Heimspeki með leikskólabörnum er kannski á mörkum þess mögulega en heimspeki með börnum er áhugavert og skemmtilegt námssvið í leikskólum fyrir eldri sem yngri börn. Sennilega myndi enginn amast við því að kennarar og foreldrar ræði við börn um lífið, tilveruna og alheiminn frá unga aldri. Margir myndu hins vegar segja að það að kalla slíkt tal heimspeki feli í sér alvarlegt oflæti af hálfu viðmælanda barnsins og stórkostlegt ofmat á skynsemisgáfu barnsins sem sé bara að hjala ómerk orð eins og barna sé siður. Heimspeki verði ekki stunduð nema með fólki sem komið sé til vits og ára og *fært um gagnrýna hugsun*, það er hugsun þar sem fólk getur gagnrýnt

⁶⁸ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 1999.

hugmyndir sínar í ljósi altækra reglna.⁶⁹ Til að hnekkja þessari gagnrýni notum við gjarnan dæmi í anda Lipmans máli okkar til stuðnings. Þegar börn spila fótbolta, spila þau hann af bestu getu og fylgja reglum leiksins. Það sama á við um heimspekivinnu með börnum. Það má líkja fótboltanum við heimspekilegar foræfingar. Börn á leikskólaaldri eru í heimspekilegum foræfingum, æfa sig í að hitta fótboltann, sparka honum sín á milli og skora af og til. Þau þurfa ekki að vera að leika fullkominn fótbolta til að hægt sé að kalla hann með réttu fótboltaleik,⁷⁰ eða hvað?

Við, leikskólakennarar á Lundarseli erum sammála um að þessi tími hefur verið mjög skemmtilegur og lærdómsríkur. „Við lærðum heilmikið um hugarheim og vangaveltur barna og einnig lærðum við mikið um okkur sjálf til dæmis hvað málrómurinn okkar skiptir rosalega miklu máli. Í heimspekivinnunni þarf maður svo að leggja sig allan fram við að skilja og finna út hvað börnin meina. Að draga fram forsendur barnanna getur stundum verið snúið svo og að ýta undir rannsóknarsamræðuna. Svo þarf maður að muna eftir Sókratísku spurningunum og leiða börnin þannig áfram í undrun sinni og forvitni. Kennarinn þarf að hafa áhuga og geta unnið hálfskipulagður. Hann þarf að blanda vangaveltum og spurningum barnanna við kennsluleiðbeiningaspurningarnar og verkefni. Hann þarf að draga aðalatriðin saman og sýna börnunum að honum finnst samræðan spennandi.“⁷¹

⁶⁹ Sbr. Aðalbjörg og Helga María 2000.

⁷⁰ Sbr. Lipman 1990:432.

⁷¹ Sbr. skráningu sem tekin var upp á samræðufundi leikskólakennara á Lundarseli 13. júní 2001.

Heimildaskrá

- Aðalbjörg Steinarsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir. 1999. *B.Ed.ritgerð - Það eina sem við þörfnumst til að verða góðir heimspekingar er að kunna að undrast*. [óútgefið]
- Aðalbjörg Steinarsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir. 2000. Heimspekivinna með leikskólabörnum. *Athöfn - Tímarit leikskólakennara*. 1. Tbl, 32. árg.
- Aðalbjörg Steinarsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir. 2001. *Námskeið við HA - Að nota heimspeki í starfi með börnum*. [óútgefið]
- Aðalnámskrá Leikskóla 1999. Menntamálaráðuneytið.
- Anna Harðardóttir og Þórunn Guðmundsdóttir. 1991. Börn & heimspeki. *Uppeldi*. 4.tbl, 4.árg.
- Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað. 1988. *Eitt verð ég að segja þér - listin að segja sögu*. Reykjavík, Iðunn.
- Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir. 1994. *Um siðfræði sem grundvöll umhverfismenntunar*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Brynhildur Sigurðardóttir. 1998. Hvernig má vinna með hugtök og hugmyndir í náttúrufræðikennslu. *Ný menntamál*. 16.árg., 1. tbl., bls.18-23.
- Dewey, John. 1994. *Hugsun og menntun*. Gunnar Ragnarsson þýddi. Tilraunaútgáfa. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- *Foreldrahandbók Lundarsels*.2000-2001. Án útgáfustaðar, án útgefanda. (bæklingur)
- Gedin og Sjöblom. 1995. *Frán Fröbels gavor till Reggios regnbáge*. Stokkhólmur, Bonniers Utbildning.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2000. Uppeldisfræðileg skráning/gagnaöflun. *Athöfn - Tímarit leikskólakennara*. 1. Tbl, 32. árg.
- Hafdís M. Magnúsdóttir og Konný Hákonardóttir. 1998. *Stærðfræði í leikskóla? Án útgáfustaðar og útgefanda*. (skýrsla fyrir RHA)
- Hreinn Pálsson. 1986a. *Heimspeki með börnum*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldismála.
- Hreinn Pálsson. 1986b. Hvers vegna heimspeki með börnum? *Ný menntamál*. 4.árg., 1.tbl., bls.12-14.
- Hreinn Pálsson. 1992. Heimspeki með börnum og unglingum. *Hugur*. 5.árg., bls.44-55.
- Hreinn Pálsson. 1998a. *Heimspekiskólinn*. <http://www.islandia.is/~hskoli/> (Tekið af netinu 01.10.1998.)
- Hreinn Pálsson. 1998b. Nokkrar grunnhugmyndir og ágríp af sögu barnaheimspekinnar. *Börn og Menning*. 13.árg., bls.10-14.
- Ingibjörg Sigurþórsdóttir og Sigurður Björnsson. Án ártals. *Heimspeki með börnum – þróunarverkefni unnið í leikskólanum Folduborg 1994-1996*. Án útgáfustaðar, án útgefanda.
- Lipman, Matthew, Ann Margeret Sharp and Frederick S. Oscanyan. 1980. *Philosophy in the classroom*. Philadelphia, Temple University press.
- Lipman, Matthew. 1988. *Philosophy goes to school*. Philadelphia, Temple university press.
- Lipman, Matthew. 1991. *Thinking in education*. New York, Cambridge University Press.
- Lipmann, Matthew. 1994. Philosophy - educational programs. Úr bókinni *Children - thinking and philosophy*. Ritstjóri Daniela G. Camhy. Sankt Augustin, Academia verlag.
- *Lög um leikskóla nr.78/1994*.
- Matthews, Gareth B. 1980. *Philosophy & the young child*. London, Harvard University Press.
- Matthews, Gareth B. 1998. Thinking in stories - The king at the door. *Thinking the journal af philosophy for children*. 1.árg.,14.tbl., bls. 1
- Matthías Viðar Sæmundsson og Sigurður Björnsson. 2000. Hugsi- um röklit og lífsleikni, Kennarakver. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Ólafur Jens Pétursson. 1989. *Hugmyndasaga*. Reykjavík, Mál og menning.
- Páll Skúlason. 1990. *Siðfræði*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Reggio Emilia Institut. 1995. Vad ar dokumentation? *Modern barndom*. Stokkhólmur.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1990. *Yrkja*. Afmælisrit til Vigdísar Finnbogadóttur.
- Wehner, Godée. 2000. Att fanga lárandet. Pedagogisk dokumentation med hjälp av olika medier. Stokkhólm, Liber.
- Þuríður Jóhannsdóttir. 1992. Úr búrinu í meiri gauragang. Um íslenskar unglingabækur. *Tímarit Máls og menningar* 1:3-18.

Fylgiskjal nr. 1 - bókalistinn

Hugmyndir að bókum sem „nota má“ í heimspekivinnu með börnum:

- Anna S. Árnadóttir: Gobbedí, gobbedí, gobb: Ævintýrið um höltu Kobbu og Guddu galdranorn / myndir Guðlaug E. Gunnarsdóttir. 1988
- Anna Vilborg Gunnarsdóttir: Hnoðri litli 2000
- Arngunnur Ýr Gylfadóttir: Tígrisdýrið og vindhviðan mikla. 1997
- Arnheiður Borg: Ævintýrið um Birtu og Skugga. 1997
- Atli Vigfússon: Kaupstaðarferð dýranna/teikn. Hólmsfríður Bjartmarsdóttir 1989
Fjósamúsinn á afmæli. 1994
- Álfheiður Ólafsdóttir: Grímur og sækýrnar. 2000
- Ármann Kr. Einarsson: Sólfaxi/Ármann Kr. Einarsson og Einar Hákonarson. 1972
- Árni Bergmann: Stelpan sem var hrædd við dýr. 1994
- Áshildur Haraldsdóttir: Litli grísinn góði. 1996
- Áslaug Jónsdóttir: Stjörnusiglingin. 1991
Fjölleikasýning Ástu. 1991
Gullfjöðrin: Saga um gulan fugl og gullna fjöður. 1989
Á bak við hús. 1993
Sex ævintýri. 1998
- Áslaug Ólafsdóttir: Litla rauða rúmið/Ragnhildur Ragnarsdóttir teikn. m. 1983
- Björk Bjarkardóttir: Gíri Stýri og skrítni draumurinn. 1999
- Brian Pilkington: Örkin hans Nonna. 1988
Afi gamli jólasveinn. 1990
Jólaævintýri afa gamla. 1993
Tóta og tjú-tjú. 1995
- Bubbi Morthens / Tolli: Rúmið hans Árna. 1994
- Davíð Stefánsson: Sálin hans Jóns mín. Gylfi Gíslason myndskreytti. 1992
- Einar Már Guðmundsson: Hundakexið. 1993
- Eiríkur Brynjólfsson: Vinaleitin. 1998
- Elfa Gísladóttir: Solla bolla og Támína: Jólaskemmtunin. 1990
Solla bolla og Támína. 1989
Afi minn í sveitinni. 1988
- Friðrik Erlingsson: Óþekktarormarnir Benni og Binni. 1996
- Gerður Berndsen: Sjóferðin mikla. 1989
- Guðmundur Björgvinsson: Sagan af Dimmalimm. [8. útg.] 1991
- Guðmundur Thorsteinsson.: Keli köttur í ævintýrum/myndir Pétur Halldórsson. 1983
- Guðni Kolbeinsson: Risinn þjófótti og skyrfjallið. 1996
- Guðrún Hannesdóttir: Sagan af skessunni sem leiddist. 1997
Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn. 1998
- Guðrún Alda Harðardóttir: Það má ekki vera satt/myndir Halla Sólveig Þorgeirsdóttir. [2. útg.] 1997
- Guðrún Helgadóttir: Ástarsaga úr fjöllum. [2. útg.] 1988
Gunnhildur og Glói/m. Terry Burton og Úlfar Örn. 1985
Núna heitir hann bara Pétur / m. Hörður Hauksson. 1990
Velkominn heim Hannibal Hansson. 1992
Litlu greyin. 1993
Englajól. 1997
Aldrei að vita. 1998
- Guðrún Kristín Magnúsdóttir: Draumahúsið. 1983
Hagbarður og Hvutti. 1983
Hver er þessi Jakob?. 1990
Litla flugan. 1990
- Gunnar Gunnarsson: Loksins gat hann ekki annað en hlegið/[m. Snorri Sveinn Friðriksson]. 1992
- Gunnar Ágúst Harðarson: Fílón frá Alexandríu. 1996
- Gunnlaugur H. Sveinsson: Sólrun litla og tröllkarlinn. 1949
- Halldór Pjetursson: Viltu segja mér? 1965
- Hallfríður Ingimundardóttir: Hvað nú? 1995
Pési og verndarenglarnir. 1998

- Hannes J. Magnússon: Sögur afa og ömmu. 1969
Sögur pabba og mömmu. 1969
- Haraldur S. Magnússon: Raggi litli í jólasveinalandinu/Brian Pilkington. 1990
Raggi litli í sveitinni/Brian Pilkington. 1991
Raggi litli og Pála kanína/Brian Pilkington. 1996
Raggi litli og týndi jólasveinninn. 1994
Raggi litli og konungsdóttirin. 1995
Litli hvalurinn. 1998
- Haukur Matthíasson: Skottlöng/myndir Temma Bell. 1979
- Heiðdís Norðfjörð: Stríðnisstelpa/myndskreyting Jóhann V. Gunnarsson. 1992
- Helga Ágústsdóttir: Krókópókó/myndskreyting Ólöf Knudsen. [1983
- Helga Möller: Prakkarakrakkar/teikn. Ólafur Pétursson. 1996
Puntrófur og pottormar/teikn. Búi Kristjánsson. 1992
- Helga Steffensen: Afmælisdagurinn hans Lilla. 1984
- Helgi Bachmann: Ævintýraprinsinn. 1994
- Herdís Egilsdóttir: Draugurinn Drilli. 1975
Eyrun á veggjunum. 1986
Gegnum holt og hæðir. 1981
Pappírs-Pési: Saga byggð á sjónvarpsmynd frá Hrif. 1990
Rympa á ruslahaugnum/Brian Pilkington gerði myndir. 1987
Vatnsberarnir. 1992
Veislan í barnavagninum. 1995
- Hildur Hermóðsdóttir: Risarnir í Gullskógalandi. 1997
- Hlynur Örn Þórisson: Pétur prófessor. 1980
- Hreiðar Stefánsson: Blómin blíð. 1975
Mamma mín er lögga. 1977
- Hugrún: Skelfing er heimurinn skrýtinn. 1980
- Iðunn Steinsdóttir: Drekasaga/myndir Búi Kristjánss. 1989
- Illugi Jökulsson: Kanínusaga/myndir Margrét E. Laxness. 1995
Litli skógarbjörninn/myndir Gunnar Karlsson. 1992
Platafmælið/myndir Gunnar Karlsson. 1990
- Ingibjörg Sigurðardóttir: Blómin á bakinu / myndir Brian Pilkington. 3. pr. 1996
- Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka: Dvergurinn með rauðu húfuna. 1978
- Jóhanna Á. Steingrimsdóttir: Veröldin er alltaf ný/m. e. Harald Guðbergsson. 1980
- Jón Ármann Steinsson: Snæfinnur snjókarl. 1998
- Kári Tryggvason: Börn á ferð og flugi. 1970
Úlla horfir á heiminn/Sigrid Valtingoer teiknaði m. 1982
- Kristín Marti: Lúlli litli lundi. 1996
- Kristján Guðmundsson: Grettir og berserkirnir. 1976
Bjarni og Svenni. 1986
Sigga og álfkonan/myndir Anna Cynthia Leplar. 1987
- Loftur Guðmundsson: Teiknibókin hans Nóa. 1950
- Magnús Scheving: Latibær á Ólympíuleikum/Halldór Baldursson t. m. 1996
Latibær í vandræðum/Halldór Baldursson teiknaði m. 1997
Áfram Latibær. 1995
- Moshe Okon og Sigrún Birna: Sagan af Músa-Mús. 1997
- Birnisdóttir: Músin sem fann risaost/gefin út í tilefni listahátíðar. 1991
- Nína Tryggvadóttir: Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn/myndir gerði Nína Tryggvadóttir. 1946
Kötturinn sem hvarf. 1982
- Njörður P. Njarðvík: Helgi skoðar heiminn/m. Halldór Pétursson. 1992
Sigrún eignast systur/myndir Sigrún Eldjárn. 1977
Sigrún fer á sjúkrahús/myndir Sigrún Eldjárn. 1987
Sigrún flytur/myndir Sigrún Eldjárn. 1978
- Olga Guðrún Árnadóttir: Ævintýri á jólanótt/Hlín Gunnarsdóttir myndskreytti. 1991
- Ólafur Gunnarsson: Fallegi flughvalurinn/myndir Joan Sandin. 1989
- Ólafur Jóhann Sigurðsson: Spói: barnasaga. 1976

Páll J. Árdal:	<u>En hvað þar var skritið.</u> 1979
Páll H. Jónsson:	<u>Agnarögn / Þorbjörg Höskuldsdóttir teiknaði myndirnar.</u> 1979
Ragnar Lár:	<u>Moli litli I-VII.</u> 1968-1978
Ragnheiður Ó. Davíðsdóttir:	<u>Egill og Garpur: Sagan af kettinum sem kunningi ekki umferðarreglurnar/myndskreytti.</u> Stefán Kjartansson. 1991
Ragnheiður Gestsdóttir:	<u>Ljósinn lifna.</u> 1985
Sigrún Eldjárn:	<u>Axlabönd og bláberjasaft.</u> <u>Eins og í sögu.</u> 1981 <u>Kynlegur kvistur á grænni grein.</u> 1997 <u>Langafi drullumallar.</u> 1983 <u>Langafi þakkari.</u> 1984 <u>Sól skín á krakka.</u> 1992
Sigrún Guðjónsdóttir:	<u>Af hverju er himinninn blár?</u> 1962
Sigrún Helgadóttir:	<u>Risinn þjófótti og skyrfjallið.</u> 1996
Sigurður Björnsson:	<u>Bullukolla, heimspeki með börnum.</u> 1997 <u>Draumur eða veruleiki.</u> 1993
Sigurjón Birgir Sigurðsson:	<u>Sagan af húfunni fínu/Sjón/Halldór Baldursson.</u> 1995
Stefán Jónsson:	<u>Aravísur og ýmsar fleiri/Halldór Péturs. T. myndirnar.</u> 1957
Sveinbjörn I. Baldvinsson:	<u>Tár úr steini.</u> 1998
Theodóra Thoroddsen:	<u>Þulur/eftir Theodóru Thoroddsen.</u> 1981
Valdís Óskarsdóttir:	<u>Börn eru líka fólk.</u> 1980
Vilbergur Júlíusson:	<u>Nú er gaman.</u> 1949 <u>Óskastund.</u> 1953 <u>Amma segðu mér sögu.</u> 1963
Vilborg Dagbjartsdóttir:	<u>Sagan af Labba pabbakút.</u> 1971 <u>Tvær sögur um tunglið.</u> 1981 <u>Æskan í leik og starfi.</u> 1958
Vísnaþækur:	<u>Vísnaþók Iðunnar/myndskreyting Brian Pilkington.</u> 1990 <u>Vísnaþókin,vísurnar valdi Símon Jóh. Ágústsson.</u> 1992
Þorfinnur Sigurgeirsson:	<u>Lísa Dóra súpersterka.</u> 1994
Þorgrímur Þráinsson:	<u>Kvöldsögur/teikningar Halla Sólveig Þorgeirsdóttir.</u> 1994
Þorvaldur Þorsteinsson:	<u>Skilaboðaskjóðan.</u> 1986
Þóranna Gröndal:	<u>Músíkalska músin/klippimyndir eftir Margrétu Magnúsdóttir.</u> 1984
Þórður Helgason:	<u>Áni ánamaðkur.</u> 1991 <u>Langamma / [teikningar] Margrét E. Laxness.</u> 1990
Þórir S. Guðbergsson:	<u>Tóta tíkarspeni.</u> Rvk. 1978 <u>Pétur prófessor.</u> 1980
Þórunn Elfa Magnúsdóttir:	<u>Sögur og ævintýr.</u> 1962
Þjóðsögur:	<u>Bakkabræður/Brian Pilkington myndskreytti.</u> 1997 <u>Tíu þjóðsögur I-VI.</u> 1973 <u>Sagan af Gýpu/Gylfi Gíslason myndskreytti.</u> 1992 <u>Gilitrutt/Brian Pilkington myndskreytti.</u> 1982.

Fylgiskjal nr. 3 - myndir
Ljósmyndir af skráningarvegg

Fylgiskjal nr. 3 Gátlistar

Dagbók yfir tækni samræðunnar Dagsetning _____

Nöfn →							
Sýndi barnið skapandi hugsun?							
Leysir barnið vandann með nýjum hugmyndum?							
Finnur barnið nýjar ráðgátur – nýjan vinkel?							
Spyr barnið spurninga?							
Fellir barnið dóma?							
Leitast barnið við að rökstyðja mál sitt?							
Er barnið sammála hinum?							
Skiptir barnið um skoðun?							
Tekur barnið dæmi eða alhæfir?							
Setur barnið fram tilgátu?							
Uppgötvar barnið nýja möguleika?							
Sér barnið afleiðingar?							
Skilur barnið samhengið?							
Sér barnið samhengi milli orsaka og afleiðinga?							
Tekur barnið hugmyndir annarra alvarlega?							
Hjálpar barnið hinum?							
Hlustar barnið?							
Biður barnið þar til komið er að því?							
Situr barnið kyrrt?							
Truflar barnið aðra?							
Einbeitir barnið sér?							
Biður barnið um orðið?							
Hlustar barnið á aðra?							
Tekur barnið almennt þátt í umræðunni?							
Komust við að niðurstöðu?							
Skoduðum við málið útfrá fleiri en einu sjónarhorni?							

Sbr. Lipman, Skarp og Oscanyan 1980:117-124 og

Sbr. Ingibjörg Sigurþórsdóttir og Sigurður Björnsson án ártals 84.

Punktur fyrir kennarann !

1. Mundi ég eftir að hvetja börnin til þess að færa rök fyrir máli sínu ?
2. Sýndi ég börnunum að hugmyndir þeirra vöktu áhuga minn ?
3. Hvatti ég börnin til þess að spyrja hvert annað ?
4. Lagði ég áherslu á að börnin hlustuðu hvert á annað ?
5. Notaði ég æfingar eða kennsluleiðbeiningar þegar tilefni gafst ?
6. Mundi ég eftir að draga fram forsendur sem börnin ganga út frá ?
7. Bað ég börnin að koma með dæmi og spurði ég út frá þeim ?
8. Mundi ég eftir að vekja börnin til umhugsunar um ályktanir sem draga mátti af því sem þau sögðu ?
9. Beindust allar athugasemdir að mér ?
10. Hélt ég fram eigin skoðunum á kostnað hugmynda barnanna ?
11. Sýndi ég þeim börnum þolinmæði sem áttu erfitt með að tjá sig ?
12. Tókst mér að virkja þau börn sem ekki tóku þátt í samræðunni ?
13. Leiddi ég samræðuna þannig að áhugi barnanna hélst ?
14. Annað ?

Sbr. Ingibjörg Sigurþórsdóttir og Sigurður Björnsson án ártals:83.

Reglurnar !

Sitja stillt og ekki trufla hinn börnin.
Hlusta vel á söguna og stjórnandann.
Rétta upp hönd eða gefa merki til að fá orðið – aðeins einn að tala í einu.
Byrja og enda samræðustundina - heilsast og kveðja!

Sókratískar spurningar

1. Geturðu útskýrt?

Hvað meinarðu með ...?
Geturðu komið með dæmi?
Hvernig styður þú þetta?
Eru einhverjar frekari spurningar?

2. Spurningar sem krefjast raka eða sannana:

Af hverju finnst þér það?
Hvernig veistu það?
Hvaða ástæður hefurðu?
Hefurðu sannanir?
Geturðu tekið dæmi um hið gagnstæða?

3. Spurningar sem draga fram mismunandi sjónarmið:

Geturðu orðað þetta á annan hátt?
Er hægt að líta þetta öðrum augum?
Ef einhver héldi því fram að ...?
Hvað segði sá sem væri þér ósammála?

4. Spurningar sem horfa til þess sem er falið eða leiðir af:

Hvað felst í því sem þú ert að segja?
Er þetta í samræmi við það sem þú sagðir áðan?
Hverjar væru afleiðingarnar ef ...?
Mætti gera þetta að almennri reglu?
Hvernig mætti athuga hvort þetta er rétt?

5. Spurningar um spurningar/samræðuna:

Eru einhverjar spurningar um ...?
Hvers konar spurning er þetta?
Hvernig hjálpar þessi spurning okkur?
Hvar erum við stödd í rannsókninni?
Erum við einhverju nær um vandann?

Sbr. Matthías Viðar Sæmundarson og Sigurður Björnsson 2000:14.